


skoðun 16

2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Föstudagur







FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Föstudagur
11. febrúar 2011
35. tölublað 11. árgangur
Sími: 512 5000



## Eddustytturnar brotnar

*Flestar stytturnar sem veita á Edduverðlaunahöfum komu brotnar frá Kína.*

fólk 34



## Fjögurra stiga forskot

*Snæfellingar unnu dramatískan sigur í toppslagnum í Grindavík.*

sport 30

## Vetrarhátíð í Reykjavík

*Sérblað um Vetrarhátíð í Reykjavík fylgir í dag.*




## veðrið í dag




**ROK OG RIGNING** Suðaustan stormur í fyrstu, en 13-20 m/s eftir hádegi og lægir er líður á daginn, fyrst SV-til. Mikil rigning S- og SA-lands. Hiti 1-8 stig, kólnar í kvöld.

VEÐUR 4

# Nemar í bræðsluna rétt fyrir verkfall

**Verkfall hefst í loðnubræðslum á þriðjudaginn náist ekki að semja. Verkalýðsforingi gagnrýnir að Framhaldsskólinn í Eyjum gefi nemendum frí til að vinna við loðnufrystingu í aðdraganda verkfalls. Áratuga hefð segir skólameistari.**

**VINNUDEILUR** Nokkrir nemendur í Framhaldsskóla Vestmannaeyja fá þessa dagana frí úr skólanum til þess að vinna við loðnufrystingu á vöktum.

Sverrir Albertsson, formaður Afls – starfsgreinafélags Austurlands, segist vita að löng hefð sé fyrir skólafríi á vertíðum víða á landsbyggðinni og að hann gagnrýni það ekki sérstaklega. Hins vegar séu aðstæður nú sérstakar og áhrif af verkfallsboðun í loðnubræðslum séu þarna að koma fram.

„Menn eru að veiða loðnuna í verðminni afurð en annars hefði verið gert,“ segir Sverrir. „Verðmætasti tíminn er fram undan.“

Þar vísar hann til þess að venjulega hefði verið beðið eftir meiri hrognafyllingu loðnunnar áður en kraftur væri settur í veiðar og vinnslu. Heilfrysting á loðnu hófst í Eyjum á sunnudag og er unnið á sólarhringsvöktum. Verkfall er boðað í nær öllum loðnubræðslum landsins frá þriðjudagskvöldi.

„Okkur finnst skjóta skökku við að það skuli vera gefin sérstök frí úr framhaldsskólum til að minnka áhrifin af okkar verkfalli og þann þrýsting sem er í okkar samningamálum,“ segir Sverrir.

Ólafur H. Sigurjónsson, skólameistari Framhaldsskólans í Vestmannaeyjum, hafnar því að fríin tengist verkfallsboðun á einhvern hátt. „Það er margra áratuga hefð fyrir því í Vestmannaeyjum að nemendur hjálpi til þegar eru tarnir í fiskvinnslunni,“ segir hann. Eins og áður fái Framhaldsskólinn sendan lista frá Vinnslustöðinni með nöfnum nemenda sem fyrirtækið vilji ráða á vaktirnar. Skólastjórnendur fara yfir listann og þurfa að samþykkja ráðninguna og gefa sex til tíu leyfi til að vinna á hverri átta tíma vakt hjá Vinnslustöðinni: „Þeir nemendur sem best mæta í skólann sitja fyrir,“ segir Ólafur. „Það hefur ekki skaðað þeirra námsárangur að gera þetta.“ Vegna þess hve skammt er til verkfalls segir hann að færri nemendur fái frí vegna þess en í venjulegu ári. Búast megi við að hver nemandi nái að vinna þrjár til fjórar vaktir. **- pg**



**ELDFIMT ÁSTAND Í EGYPTALANDI** Hundruð þúsunda manna mótmæltu á Tahrir-torgi í Kaíró í gærkvöldi eftir að Hosni Mubarak, forseti landsins, tilkynnti að hann ætlaði að sitja áfram í embætti. Hrópaði fólkið „hypjaðu þig, hypjaðu þig“ og veifuðu margir skóm, sem þykir afar móðgandi í arabaríkjum. NORDICPHOTOS/AFP

Egyptalandsforseti lætur kröfur mótmælenda sem vind um eyru þjóta:

# Hosni Mubarak situr sem fastast

**EGYPTALAND** Hosni Mubarak Egyptalandsforseti ætlar að sitja á forsetastóli fram að forsetakosningunum í september. Þetta staðfesti hann í ávarpi til þjóðar sinnar í gærkvöldi. Gekk yfirlýsing hans þvert á staðhæfingar fjölmiðla um að hann ætlaði að stíga niður.

Mubarak sagðist ætla að fela varaforsetanum Omar Suleiman aukna ábyrgð við stjórn landsins en hann myndi ekki láta undan og segja af sér vegna „þrýstings að utan“.

Eins og vænta mátti reiddust hundruð þúsunda mótmælenda á götum borga og bæja í landinu við skilaboð forsetans, sem bað aðstandendur fallinna mótmælenda afsökunar á framgöngu öryggissveita. Þeir sem ábyrgir eru fyrir drápunum verða sóttir til saka, sagði Mubarak.

Fréttamenn sem voru staddir í miðborg Kaíró í gærkvöldi sögðu mótmælendur vart trúa því að forsetinn ætlaði að sitja áfram og mikil spenna hefði myndast á meðal þeirra. **- shá**

Íslenskur lagahöfundur:

# Í samstarfi við Simon Fuller

**FÓLK** Simon Fuller, umboðsmaður Spice Girls og höfundur raunveruleikaþáttanna American Idol, íhugar að gefa út lag eftir Heiðrúnu Önnu Björnsdóttur tónlistarkonu.



**HEIÐRÚN ANNA BJÖRNSDÓTTIR**

Heiðrún Anna býr á Englandi og starfar sem lagahöfundur á snærum útgáfurisans Universal. Fuller hugðist láta Spice Girls taka upp lag eftir hana á endurkomuplötu þeirra fyrir tveimur árum. Þau áform gengu ekki eftir.

„Fyrir þremur mánuðum hringdi Simon Fuller aftur í mig og spurði hvort lagið væri enn á lausu. Ég sagði já og nú hefur hann það til umráða í hálft ár. Við sjáum til hvað kemur út úr því,“ segir Heiðrún Anna í samtali við Fréttablaðið. **- sbt / sjá síðu 12**

Íbúafundur vegna mengunar:

# Sjálfboðaliðar buðu sig fram

**UMHVERFISMÁL** Um 200 íbúar sóttu borgarafund á Kirkjubæjarklaustri í gær vegna mengunar frá sorpbrennslunni á staðnum.

Sóttvarnalæknir og fulltrúar Umhverfis- og matvælastofnunar stóðu fyrir fundinum.

Hörðustu gagnrýnendur sorpbrennslunnar vildu meina að fundurinn hefði verið hvítþvottur embættismannanna. Aðrir viðmælendur Fréttablaðsins í gærkvöldi sögðu fundinn hafa verið gagnlegan og mjög til bóta að fá svör um hugsanleg áhrif mengunar frá brennslunni frá fyrstu hendi. Áhyggjur komu fram um ímynd Klausturs sem ferðamannastaðar. Á fundinum var vel tekið í heilsufarsrannsókn sóttvarnalæknis og sjálfboðaliðar buðu sig fram. Þess má geta að 363 voru á kjörskrá fyrir síðustu sveitarstjórnarkosningar í Skaftárhreppi. **- shá**




Námskeiðin fara að hefjast. Þú getur byrjað strax í dag. Skráðu þig núna!

578 8200 | www.grandspa.is






## SPURNING DAGSINS



*Ólafur, er vigt í þessum gögnum?*

„Já, enda málið mjög þungt í vöfum."

Embætti sérstaks saksóknara fékk á mánudag send hingað til lands 150 kíló af gögnum frá Banque Havilland, áður Kaupþingi, í Lúxemborg. Ólafur Þór Hauksson er sérstakur saksóknari.

Stjórnlagaþingsnefnd flokka og forsætisráðherra lýkur störfum fyrir þriðjudaginn:

# Allir kostir eru enn á borðinu

**STJÓRNMÁL** Starfshópur stjórnmálaflokkanna og forsætisráðherra um framhald stjórnlagaþingsmála hefur rætt og metið stöðuna á fjórum fundum.



VALGERÐUR BJARNADÓTTIR

Í gærkvöldi gengu 25-menningarnir sem kjörnir voru til setu á þinginu á fund hópsins.

Starfshópnum er gert að skila forsætisráðherra niðurstöðu fyrir 15. febrúar. Verkefnið er skýrt: að meta hvaða leið sé vænlegust til að ljúka því verkefni að endurskoða stjórnarskrána, eins og segir í erindisbréfi. Ekki sér fyrir endann á starfinu og óvíst hvort niðurstaða fæst fyrir þriðjudag.

Valgerður Bjarnadóttir, fulltrúi Samfylkingarinnar, segir hópinn einkum hafa rætt um þá kosti sem helst hafa verið viðraðir í fjölmiðlum. Í grófum dráttum eru þeir nýjar kosningar eða skipun 25-menninganna til starfa. Enn sé allt uppi á borðinu. Þá fylgist hópurinn með endurupptökubeiðninni sem lögð var fyrir Hæstarétt. Afstaðan til hennar geti breytt málinu.

Valgerður segir ekki ljóst hvort starfshópurinn skili einróma niðurstöðu. „Það er markmiðið en mér finnst ótrúlegt að það verði einhugur. Líklegra er að það náist meirihluti um einhverja niðurstöðu."

Auk Valgerðar sitja í hópnum Álfheiður Ingadóttir VG, Birgitta Jónsdóttir Hreyfingunni, Höskuldur Þórhallsson Framsóknarflokki og Pétur H. Blöndal Sjálfstæðisflokki. Formaður er Ágúst Geir Ágústsson, skrifstofustjóri í forsætisráðuneytinu. - bþs

Landsdómur kemur saman:

# Ræddi kröfur Geirs Haarde

**LANDSDÓMUR Landsdómur kom saman í fyrsta sinn í gær, í húsnæði Hæstaréttar, en þar var farið yfir atriði sem tengjast málshöfðun gegn Geir H. Haarde, fyrrverandi forsætisráðherra.**

**Fundur þessi var óformlegur, en þar var rætt um kröfu Geirs um að kærur gegn honum yrðu felldar niður.**

**Héraðsdómur hafði áður vísað því máli frá, en Geir kærði þann úrskurð til Landsdóms. Reiknað er með að málið verði þingfest í næsta mánuði.** - þj

Lífsýni sönnuðu sakleysi:

# Sat saklaus inni í fjórar vikur

**LÖGREGLUMÁL** Maður sat saklaus í fjórar vikur í gæsluvarðhaldi fyrir meinta nauðgun. Honum var sleppt úr haldi á föstudaginn eftir að lífsýni sönnuðu sakleysi hans. Maðurinn er erlendur ríkisborgari og var í heimsókn hér á landi.

Björgvin Björgvinsson, yfirmaður rannsóknardeildar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, segir rannsókninni ekki lokið.

Bjarni Hauksson, lögmaður mannsins, segir málið hið furðulegasta og hann íhugi nú næstu skref með sínum skjólstæðingi. Málsókn gegn ríkinu er ekki útilokuð. - sb

Ísavía-málið:

# Sendur í ótímabundið leyfi

**DÓMSMÁL Starfsmaður Ísavía sem áreitti samstarfskonu sína kynferðislega hefur verið sendur í ótímabundið leyfi.**

**Þórólfur Árnason, stjórnarformaður Ísavía, staðfestir að stjórn Ísavía muni koma saman þegar upplýsingar liggi fyrir.**

**Þegar brot mannsins áttu sér stað var hann yfirmaður öryggissviðs Flugmálastjórnar á Keflavíkurflugvelli.**

**Ísavía var dæmt til að greiða konunni 1,7 milljónir í bætur vegna áreitninnar. Maðurinn hafði áður verið áminntur en var við störf allt þar til dómur féll.** - shá

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Maríjúana í Eyjum

Um 30 grömm af maríjúana fundust við húsleit á gistiheimili í Vestmannaeyjum í gær. Einnig fundust þar um 70.000 krónur í reiðufé og var sá sem þar dvaldi handtekinn og yfirheyrður.

# Baðst afsökunar og tók bíl af dótturinni

**Guðrún Pálsdóttir bæjarstjóri segir að þar sem bæjarfulltrúar hafi annan skilning á því en hún hvernig eigi að haga afnotum af bíl sem hún hefur til umráða muni hún framvegis ein nota bílinn. Forseti bæjarstjórnar fagnar þessu.**

**STJÓRNSÝSLA** Guðrún Pálsdóttir, bæjarstjóri í Kópavogi, baðst í gær afsökunar á að hafa túlkað ráðningarsamning sinn þannig að aðrir en hún gætu ekið um á bíl sem Kópavogsbær leggur henni til.

Guðrún og Hafsteinn Karlsson, forseti bæjarstjórnar Kópavogs, sendu í gær frá sér sameiginlega yfirlýsingu í kjölfar fréttar Fréttablaðsins um notkun á bílnum frá Kópavogsbæ sem Guðrún hefur til umráða samkvæmt ráðningarsamningi. Kom fram að dóttir Guðrúnar hefði ekið um á bílnum og bæjarstjórinn sjálfur þá í einhverjum tilvikum farið ferða sinna á öðrum bílum í eigu bæjarins.



GUÐRÚN PÁLSDÓTTIR



HAFSTEINN KARLSSON

Í yfirlýsingu Guðrúnar og Hafsteins segir að bæjarstjóranum sé mikilvægt að störf hennar séu hafin yfir allan vafa og að sameiginlegur skilningur ríki milli hennar og bæjarstjórnar á túlkun ráðningarsamningsins.

„Bæjarstjóri hefur því lýst því yfir við forseta bæjarstjórnar, Hafstein Karlsson, að framvegis muni hún ein hafa afnot af bifreiðinni," segir í yfirlýsingunni, þar sem þó er tekið fram að afnot af bíl séu hluti af starfskjörum Guðrúnar og að hún borgi skatt af þeim hlunnindum.

„Í ljósi þess að skilningur minn og bæjarfulltrúa á því hvernig nota megi bifreiðina er ekki sá sami, hef ég tekið af öll tvímæli um það að í framtíðinni muni ég ein nota bílinn. Ég biðst afsökunar á því að hafa túlkað ráðningarsamninginn á þann veg sem ég gerði og hef jafnframt óskað eftir því að hnykkt verði á umræddu ákvæði samningsins," segir Guðrún í yfirlýsingunni.

Þá er haft eftir Hafsteini að eðlilegt sé að Guðrún noti ein þann bíl sem hún hefur til umráða sem bæjarstjóri. „Ég fagna því þessari niðurstöðu og frumkvæði hennar til að ljúka málinu. Hún nýtur áfram trausts og stuðnings meirihlutans í bænum," segir forseti bæjarstjórnar.

Fréttablaðið óskaði í gær eftir ýmsum upplýsingum um bílamál Kópavogsbæjar, meðal annars um rekstrarkostnað bæjarstjórabílsins og reglur um notkun annarra bíla í eigu bæjarins. Ekki reyndist unnt að taka saman umbeðnar upplýsingar á bæjarskrifstofunum í gær. gar@frettabladid.is



**AU-250** Þessi Toyota Corolla bifreið sem er árgerð 2006 og ekinn um sjötíu þúsund kílómetra er ætluð til þarfa bæjarstjórans eins samkvæmt skilningi bæjarfulltrúa í Kópavogi. Bæjarstjórinn hyggst virða þeirra afstöðu. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



AGNES BRAGADÓTTIR



INGI FREYR VILHJÁLMSSON

Afsökunarbeiðni auglýst:

# Agnes og Ingi semja um sátt

**FJÖLMIÐLAR** Ingi F. Viljálmsson, fréttastjóri DV, hefur fallið frá meiðyrðamáli á hendur Agnesi Bragadóttur, blaðamanni á Morgunblaðinu, sem hann höfðaði vegna ummjöllunar um meintan þátt sinn í sakamálum sem til rannsóknar eru.

Agnes og Morgunblaðið gerðu sátt við Inga sem meðal annars felur í sér að Morgunblaðið biðst afsökunar á fréttaflutningi sínum á afdráttarlausari hátt en fram til þessa.

Afsökunarbeiðni Morgunblaðsins er auglýst á heilsíðum í þremur dagblöðum í dag: Fréttablaðinu, DV og Fréttatímanum. Vilhjálmur H. Vilhjálmsson, lögmaður Inga, vildi ekki tjá sig frekar um það í gær í hverju sáttin fælist og bar við trúnaði. - sh

Bræðslumannadeila:

# Löndunarbann sett í Noregi

**SJÁVARÚTVEGUR Norsk verkalýðsfélög hafa sett löndunarbann á íslensk uppsjávarskip til að koma í veg fyrir að þau sigli til Noregs með loðnu hefjist verkfall í fiskimjölsverksmiðjum á þriðjudag.**

**Staðfesting á banninu barst í gær, segir Sverrir Albertsson, formaður Afls. Staðfestingar á löndunarbanni frá Færeyjum og Danmörku er vænst á næstunni. Þá beitir ASÍ sér fyrir löndunarbanni á íslensk uppsjávarskip í Skotlandi, að sögn Sverris.** - pg






Sóknarpresturinn í Landakotskirkju þurfti að vísa kirkjugesti á dyr:

# Sjaldséð eðla í Landakotskirkju

**DÝRAHALD** Séra Patrick Breen, sóknarpresti í Landakotskirkju, brá nokkuð í brún í gær þegar hann frétti af því að á kirkjugólfinu stæði rúmlega meters löng græneðla (e. iguana). Séra Patrick segir að kirkjuræknar eðlur teljist undantekning í kirkjustarfinu og fól hann lögreglu lausn málsins.

„Einhver hefur nýtt sér það að kirkjan stendur opin og losað sig við hana með þessum hætti," segir séra Patrick. „Það er leiðinlegt veður og eigandinn hefur ekki haft brjóst í sér til að skilja hana eftir á víðavangi."

Það var Ómar F. Dabney, meindýraeyðir hjá Reykjavíkurborg, sem svaraði kalli lögreglu og sótti eðluna. „Þetta er með stærri eðlum sem ég hef séð, en hef þó séð þær margar. Þetta eru vinsæl gæludýr þó að það sé ólöglegt að halda þessi dýr hér á landi. Mér skilst að lögregla finni oft dýr sem þessi þegar farið er í húsleitir og annað slíkt. Ég er löngu hættur að kippa mér upp við það að meðhöndla slöngur, eðlur og stórar köngulær," segir Ómar. - shá



**KIRKJURÆKIN** Hér er eðlan í höndum fangara síns og bíður örlaga sinna í tilraunastöð HÍ í meinafræði að Keldum. MYND/ÓMAR



Ellingsen
– FULLT HÚS ÆVINTÝRA

REYKJAVÍK • Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • **mánud.–föstud. 10–18** • **laugard. 10–16** • **sunnudag. 12–16**

# SUMARIÐ 2011 ER KOMIÐ

**OPIÐ SUNNUDAG Á MILLI 12-16 Í FERÐATÆKJADEILD**

**Veglegur afsláttur og glæsilegir aukahlutapakkar á sértilboði til þeirra sem staðfesta pöntun á nýju hjólhýsi fyrir 26. febrúar. Komdu og ræddu málin við sölumenn ferðatækjadeildar.**

**FRUMSÝNING**

**Dagana 11.-26. febrúar** bjóðum við þér að koma og skoða allt það nýjasta í hjólhýsum frá Hymer og Adria.



HYMER

## HYMER 465

3.690.000 kr.
ef staðfest er fyrir 26. febrúar.
Listaverð 3.990.000

Hymer-hjólhýsi er sannkallað heimili á hjólum. Í Hymer er ekkert til sparað þegar kemur að gæðum og þægindum og stíllinn er óaðfinnanlegur. Þýsk eðalframleiðsla á tæknibúnaði og innréttingum, þar sem öryggi er sett í öndvegi. Hymer-hjólhýsi býr yfir flestu því sem gerir glæsilegt hús að góðu heimili.









HYMER SPORTING 465

PIPAR\TBWA • SÍA • 110237



ADRIA

## ADRIA 512 UP

3.990.000 kr.
ef staðfest er fyrir 26. febrúar.
Listaverð 4.190.000

Adria býr yfir rúmlega 40 ára reynslu af hjólhýsaframleiðslu og þar er áhersla jafnt á hönnun og þægindi. Adria-hjólhýsin eru í hæsta gæðaflokki og búin öllum helstu tækninýjungum. Fjöldi gerða og mismunandi lausnir gera það að verkum að Adria getur orðið við ólíkum óskum hvers og eins.

**Lúxuspakki að verðmæti 450.000 kr. fylgir með.**



ADRIA ADORA 512 UP









**Eigum fjölmörg ferðatæki. Komdu og skoðaðu úrvalið.**

ADRIA HYMER MONTANA Coleman Camp-let ALINER

## GENGIÐ 10.02.2011

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 116,15 | 116,71 |
| Sterlingspund | 186,69 | 187,59 |
| Evra | 158,47 | 159,35 |
| Dönsk króna | 21,253 | 21,377 |
| Norsk króna | 19,957 | 20,075 |
| Sænsk króna | 17,94 | 18,046 |
| Japanskt jen | 1,4045 | 1,4127 |
| SDR | 181,34 | 182,42 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
214,462

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Hæstiréttur staðfestir dóm héraðsdóms vegna aðalskipulags Flóahrepps:

# Synjun umhverfisráðherra ógilt

**UMHVERFISMÁL** Hæstiréttur staðfesti dóm Héraðsdóms Reykjavíkur, þar sem synjun Svandísar Svavarsdóttur umhverfisráðherra á þeim hluta aðalskipulags Flóahrepps er varðar Urriðafossvirkjun er ógilt. Svandís áfrýjaði málinu í október síðastliðnum eftir að hún tapaði í héraði.

Forsaga málsins er að Flóahreppur og Landsvirkjun gerðu árið 2007 með sér samkomulag sem fól meðal annars í sér að Landsvirkjun skyldi kosta skipulagsgerð vegna fyrirhugaðrar virkjunar við Urriðafoss.



**URRIÐAFOSS** Sá hluti aðalskipulags Flóahrepps er varðar Urriðafossvirkjun stendur.

Eftir nokkurt þóf, þar sem samningnum var meðal annars breytt eftir kærumál, barst skipulagstillagan umhverfisráðuneytinu í mars 2009, en í janúar í fyrra neitaði ráðherra að staðfesta skipulagið því hún efaðist um lögmæti aðkomu Landsvirkjunar.

Flóahreppur kærði synjunina og héraðsdómur ógilti hana á þeim grundvelli að lög bönnuðu ekki að framkvæmdaraðili greiddi fyrir kostnað vegna skipulagsvinnu.

Svandís sagði að hún vildi skýrari leiðsögn um hver mætti koma að kostnaði við skipulagsgerð og því hefði hún áfrýjað. Tryggja þyrfti að rekstrargrunnur sveitarfélaga kæmi úr almennum sjóðum svo almannahagsmunum væri ekki ógnað með þrýstingi frá kostendum. **- kmu**

Kjaramál flugumferðarstjóra:

# Yfirvinnubann var samþykkt

**ATVINNUMÁL Yfirgnæfandi meirihluti í Félagi íslenskra flugumferðarstjóra, eða 90 prósent, hefur samþykkt yfirvinnu- og þjálfunarbann.**

**Yfirvinnubannið hefst hinn 14. febrúar og stendur þar til nýr kjarasamningur hefur verið undirritaður.**

**Þjálfunarbannið hefst hinn 21. febrúar og tekur til nemaþjálfunar samkvæmt kjarasamningum frá árinu 2008. Það stendur þar til nýr kjarasamningur hefur verið samþykktur. - sv**



**BEATRICE ASK** Dómsmálaráðherra Svíþjóðar er pirruð á lögmönnum Assange. NORDICPHOTOS/AFP

Dómsmálaráðherra Svíþjóðar:

# Assange gefi sig sjálfur fram

**SVÍÞJÓÐ, AP Beatrice Ask, dómsmálaráðherra Svíþjóðar, hvetur Julian Assange, stofnanda Wikileaks, til þess að gefa sig sjálfur fram og mæta til yfirheyrslu í Svíþjóð.**

**Hún segir engan vafa leika á gæðum réttarkerfisins í Svíþjóð. Sænskir ráðamenn hafa sýnt lítinn skilning á málflutningi verjenda Assange, sem sakar sænsk stjórnvöld um að ganga erinda Bandaríkjamanna. Lokadagur málflutnings í framsalsmáli Svía gegn Assange í London er í dag. - gb**

ASÍ og SA funduðu í gær:

# Viðræður í gang á ný

**KJARAMÁL** Viðræður ASÍ og SA um kjarasamninga á almennum vinnumarkaði hófust á ný í gærmorgun eftir um tveggja vikna hlé.

Að loknum tveggja klukkustunda fundi forystumanna beggja aðila var boðað til nýs fundar fyrir hádegi í dag. Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ, segir á heimasíðu sambandsins að aðilar séu að skiptast á hugmyndum og meta stöðuna. **- pg**

# Stjórnarráðið opnar ekki pósthólf Geirs

**Forsætisráðuneytið neitar að afhenda saksóknara Alþingis tölvupósthólf Geirs Haarde úr forsætisráðherratíð hans. „Ekki til að flýta fyrir," segir saksóknari.**

**LANDSDÓMUR** Forsætisráðuneytið hefur neitað að afhenda saksóknara Alþingis afrit af tölvupóstsamskiptum Geirs H. Haarde nema að undangengnum dómsúrskurði. „Það er ekki til að flýta fyrir málinu," segir saksóknarinn Sigríður Friðjónsdóttir.



**SIGRÍÐUR J. FRIÐJÓNSDÓTTIR**

Sigríður óskaði upphaflega eftir því að Þjóðskjalasafn afhenti henni afrit af tölvupóstsamskiptum Geirs úr gagnasafni rannsóknarnefndar Alþingis, ásamt skýrslum af tugum einstaklinga. Því var hafnað. Sigríður hefur skotið hluta þess máls til héraðsdóms.

Þegar í ljós kom að í gagnasafni rannsóknarnefndarinnar var einungis að finna fáein tölvubréf Geirs féll hún frá kröfu um haldlagningu þeirra hjá Þjóðskjalasafni og sneri sér þess í stað til forsætisráðuneytisins.

Þaðan óskaði Sigríður eftir rafrænu afriti af öllu pósthólfi Geirs frá þeim tíma sem hann gegndi embætti forsætisráðherra árin 2006 til 2009. Verjandi Geirs andmælti afhendingunni í bréfi til ráðuneytisins.

„Þetta getur auðvitað varðað ýmis einkamálefni eins og venja er við rannsóknir mála," útskýrir Sigríður. Slík samskipti eigi hins vegar ekki heima í sakamálinu og með þau yrði því ekkert gert.

Fyrir nokkrum dögum barst svar úr ráðuneytinu þar sem segir að það telji sér ekki fært að afhenda gögnin nema fyrir liggi dómsúrskurður í þá veru. Röksemdin er sú að ekki sé ótvírætt að saksóknari Alþingis megi beita lagaákvæðum um haldlagningu í sakamálalögum, þótt í lögum um landsdóm segi að sakamálalögin eigi við þar sem landsdómslögum sleppi. Sjálf segist Sigríður telja augljóst að þessi ákvæði eigi við í hennar rannsókn.



**STJÓRNARRÁÐIÐ** Í forsætisráðuneytinu efast menn um heimild saksóknara Alþingis til að leggja hald á gögn. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

> Þetta er ekki niðurstaðan sem maður hefði búist við af þessu stjórnvaldi.
>
> **SIGRÍÐUR J. FRIÐJÓNSDÓTTIR** SAKSÓKNARI ALÞINGIS

„Ég er ekki að segja að þetta sé endilega fráleitt en þetta er ekki niðurstaðan sem maður hefði búist við af þessu stjórnvaldi," segir Sigríður og vísar til þess að málshöfðunin á hendur Geir hafi verið samþykkt af Alþingi.

Sigríður hefur ekki ákveðið hvort hún fer með málið lengra strax eða hvort hún bíður niðurstöðu annarra vafamála sem risin eru fyrir dómstólum.

Sigríður fór einnig fram á afrit af fundargerðum og minnisblöðum af ríkisstjórnarfundum og hefur fengið heimild til að skoða þau skjöl. **stigur@frettabladid.is**



**EIÐUR SMÁRI** Knattspyrnumaðurinn fær 400 þúsund krónur í miskabætur.

DV tapar meiðyrðamáli:

# Eiði Smára dæmdar bætur

**DÓMSMÁL** Eiði Smári Guðjohnsen hafa verið dæmdar 400 þúsund krónur í miskabætur vegna umfjöllunar DV um fjármál hans í desember 2009. Dómurinn var kveðinn upp í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær.

Ingi Freyr Vilhjálmsson, blaðamaður DV, sem og ritstjórarnir Jón Trausti Reynisson og Reynir Traustason, þurfa hver um sig að greiða 150 þúsunda króna sekt sem rennur í ríkissjóð.

Vilhjálmur Vilhjálmsson, lögmaður Inga Freys, hyggst áfrýja málinu til Hæstaréttar fyrir hönd umbjóðanda síns. **- th**

Sættir reyndar í bræðsludeilu:

# Stuttur fundur og árangurslaus

**KJARAMÁL „Fundurinn stóð mjög stutt og var algjörlega árangurslaus," sagði Sverrir Albertsson, formaður Afls – starfsgreinafélags Austurlands, eftir fund ríkissáttasemjara þar sem reynt var að ná sáttum í kjaradeilu Samtaka atvinnulífsins og starfsmanna í fiskimjölsverksmiðjum.**

**Bræðslumenn hafa boðað til verkfalls frá og með þriðjudagskvöldi.**

**Sverrir segir að þótt nýr fundur sé boðaður á mánudag bendi fátt til þess að deilan leysist áður en verkfall skelli á. - pg**


Aumir og stífir vöðvar?




Voltaren
NJÓTUM ÞESS AÐ HREYFA OKKUR

Verkjastillandi og bólgueyðandi við verkjum í mjóbaki, öxlum og vöðvum

*Fæst án lyfseðils*

Voltaren Gel® (Díklófenaktvíetýlamín 11,6 mg/g) er notað sem staðbundin útvortis meðferð við vöðva- og liðverkjum. Lyfið má ekki bera á skrámur, opin sár eða á exem, varist snertingu við augu og slímhúðir, notist eingöngu útvortis og má aldrei taka inn. Þegar lyfið er notað án ávísunar læknis skal hafa samband við lækni ef einkenni batna ekki eða versna innan viku. Á meðgöngu skal ávalt leita ráða læknis eða lyfjafræðings áður en lyfið er notað, þó skal það ekki notað á síðasta þriðjungi meðgöngu. Voltaren Gel® er ekki ætlað börnum yngri en 12 ára. Lítil hætta er á ofskömmtun vegna útvortis notkunar lyfsins. Lesa skal vandlega leiðbeiningar á umbúðum og fylgiseðli. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Markaðsleyfishafi: Novartis Healthcare. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Suðurhrauni 12a, 210 Garðabæ.


## VEÐURSPÁ



**Elísabet Margeirsdóttir**
veðurfréttamaður

**BATNAR Í KVÖLD**
Vonskuveður víða sunnan og vestan í fyrstu og leiðinlegt veður í öðrum landshlutum í dag. Veður batnar til muna í kvöld suðvestan til en hins vegar kemur ein önnur djúp lægð til að valda roki og rigningu á suðvesturhorninu eftir hádegi á morgun.



**Á MORGUN**
18-23 m/s um tíma SV-lands.

**SUNNUDAGUR**
Fremur hæg suðlæg eða breytileg átt.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 17° |
| Basel | 12° |
| Berlín | 5° |
| Billund | 3° |
| Frankfurt | 9° |
| Friedrichshafen | 12° |
| Gautaborg | 3° |
| Kaupmannahöfn | 3° |
| Las Palmas | 20° |
| London | 11° |
| Mallorca | 17° |
| New York | 2° |
| Orlando | 21° |
| Ósló | -2° |
| París | 13° |
| San Francisco | 16° |
| Stokkhólmur | 0° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.


AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* ALMENNAR SÍMI 512-5401: Hendrik Sigurðsson *hendrik@frettabladid.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*
ALLT SÍMI 512-5402: Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is* SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016: Sigríður Hallgrímsdóttir *sigridurh@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is*
RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is,* Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is*




TILBOÐ
35%
afsláttur við kassa

GRÍSAKÓTILETTUR MEÐ BEINI
974kr/kg.
Merkt verð 1.498.-

## SVÍNAKÓTELETTUR MEÐ KARRÍ OG ANANAS fyrir 4

*að hætti Rikku*

- 2 msk ólífuolía
- 4 stk svínakótelettur með beini
- 2 stk laukar, sneiddir
- 1 msk karrí
- 3 msk tómatmauk
- 1 stk kjúklingakraftsteningur
- salt og nýmalaður pipar
- 2 dósir sýrður rjómi 10%
- 4 stk ananashringir

Hitið ofninn í 180°C. Steikið kóteletturnar í 1-2 mínútur á hvorri hlið upp úr olíunni. Raðið kótelettunum í eldfast mót. Steikið laukinn á pönnunni þar til hann verður mjúkur í gegn. Bætið karrí, tómatmauki og kjúklingakrafti saman við ásamt sýrða rjómanum og hrærið saman. Kryddið með pipar og hellið sósunni yfir kjötið.

Raðið ananashringjunum yfir og bakið í ofni í 40–45 mínútur. Gott er að bera réttinn fram með stökkum kartöflubitum með pipar.

| NÆRINGARGILDI | LDS |
|---|---|
| Kcal: | 837 / 42% |
| Prótein: | 47,8 g / 96% |
| Fita: | 62 g / 96% |
| Kolvetni: | 20 g / 7% |
| Trefjar: | 2 g / 8% |
| Selen: | 72 mcg / 100% |
| Þíamín: | 1,1 mg / 71% |

Leiðbeinandi dagsskammtur (LDS) er miðaður við 2.000 kcal (hitaeininga) orkuþörf.




TILBOÐ 30% afsláttur við kassa
664kr/kg.
Merkt verð 949.-

**Kjúklingur**
heill, ferskur




TILBOÐ 30% afsláttur við kassa
664kr/kg.
Merkt verð 949.-

**Kjúklingaleggir**
í Texas kryddlegi




TILBOÐ 35% afsláttur við kassa
2.209kr/kg.
Merkt verð 3.398.-

**Lambaprime**



TILBOÐ 25% afsláttur við kassa
1.874kr/kg.
Merkt verð 2.498.-

**Grísalundir**
með gráðosta- og sveppafyllingu

VINSÆLASTA FABRIKKU SKYRTERTAN Í HEIMINUM



ÍSLENSKA HAMBORGARAFABRIKKAN 2010




TILBOÐ
MONSTER ORKUDRYKKUR
349kr/stk.




ESTRELLA 40G SNAKKPOKI FYLGIR MEÐ ÞEGAR KEYPTUR ER MAARUD SNAKKPOKI

NÝBAKAÐ



TILBOÐ
KLEINUR
79kr/stk.

fyrir ástina!



JARÐARBER Í HJARTALAGA ÖSKJU




TILBOÐ
HNETUBARINN
30%
afsláttur v/kassa

NÝBAKAÐ



TILBOÐ
HVÍTLAUKS HRINGUR
299kr/stk.

NÝBAKAÐ



TILBOÐ
KANILLENGJA
399kr/stk.

24 Hagkaup
OPIÐ
ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær

Gildir til 13. febrúar á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

**KJÖRKASSINN**



*Hefur þú keypt málverk eftir að bankakerfið hrundi?*

| | |
|---|---|
| Já | 8,6% |
| Nei | 91,4% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Finnst þér rétt að fjölmiðlar fjalli um fjármál landsþekktra einstaklinga?*

Segðu þína skoðun á visir.is VÍSIR

Samningaviðræður standa yfir um kaup á hlut í Högum:

# Árni og Hallbjörn vilja kaupa kjölfestuhlut

**VIÐSKIPTI** Fjárfestarnir Árni Hauksson og Friðrik Hallbjörn Karlsson fara fyrir hópi þeirra fjárfesta sem hyggjast kaupa þriðjungshlut í Högum. Sjóður í rekstri Stefnis, verðbréfasjóðs Arion banka, kemur líka að kaupunum.

Hagar eru stærsta verslunarfyrirtæki landsins og reka meðal annars Hagkaup og Bónus. Samningaviðræður um kaupin standa nú yfir en engin endanleg ákvörðun hefur verið tekin. Samkvæmt heimildum yrðu helstu aðilar að kaupunum þeir Árni Hauksson og Friðrik Hallbjörn Karlsson auk lífeyrissjóða. Hópurinn hyggst kaupa um 34 prósenta hlut í Högum.

Sjóður í rekstri Stefnis, dótturfélags Arion banka sem rekur verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði, kemur líka að kaupunum. Sjóðurinn er hins vegar ekki í eigu Stefnis og því ekki hægt að halda því fram að Arion banki sé að selja dótturfyrirtæki sínu Haga.

Í Morgunblaðinu í gær kom fram að Arion Banki hefði hafnað 20 milljarða tilboði í 95 prósenta hlut í Högum, en talið er að það tilboð sé frá erlendum fjárfestum. Bankinn segir að stefnt hafi verið að sölu 15-29 prósenta kjölfjárfestuhlutar en öll tilboð hafi verið tekin til greina.

Í fréttum Bylgjunnar í gær kom fram að Framtakssjóður Íslands hefði ásamt innlendum og erlendum fjárfestum boðið í um 60-90 prósenta hlut. Sjálfur ætlaði sjóðurinn að eiga um 25 prósent. Ólíklegt er að gengið verði að því tilboði. Þeir Árni Hauksson og Friðrik Hallbjörn Karlsson keyptu á sínum tíma Húsasmiðjuna sem þeir síðan seldu Baugi. - jhh



**VERSLAÐ HJÁ HÖGUM** Arion banki vill vita hvaða fjárfestar standa á bak við tilboð í kjölfestuhlut í Högum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON


Skipulags stofnun

**Mat á umhverfisáhrifum**

**Ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu framkvæmdar**

Skipulagsstofnun hefur tekið ákvörðun um að eftirtaldar framkvæmdir skuli ekki háðar mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum. nr. 106/2000 m.s.br.

**Sjóvarnir í Þorlákshöfn, austan hafnar og neðan golfvallar, Sveitarfélaginu Ölfusi**

**Breyting á legu jarðstrengs (132 kV) frá Bjarnarflagi að Kröflustöð, Skútustaðahreppi**

Ákvörðunin liggur frammi hjá Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, 150 Reykjavík. Hana er einnig að finna á heimasíðu Skipulagsstofnunar: **www.skipulagsstofnun.is**.

Ákvörðun Skipulagsstofnunar má kæra til umhverfisráðherra og er kærufrestur til **12. mars 2011.**


# Talin bótaskyld vegna saknæms sinnuleysis

**Fyrrverandi bankastjórar og bankaráðsmenn Landsbankans hafa þar til í lok næstu viku til að svara bréfi um skaðabótaskyldu sína. Eftir þann tíma á fólkið von á málsókn. Slitastjórn þykir ljóst að aðgerðaleysi þess hafi verið saknæmt.**

**VIÐSKIPTI** Ljóst er að bankastjórar og bankaráðsmenn Landsbankans sýndu af sér saknæma háttsemi með því að grípa ekki til ráðstafana til að tryggja að stórar fjárhæðir rynnu ekki úr bankanum eftir að ljóst var orðið að hann var ógjaldfær í byrjun október 2008. Með aðgerðaleysinu, og eftir atvikum beinum fyrirskipunum, hafa þeir bakað sér margra milljarða skaðabótaskyldu.

Þetta er fulllyrt í bréfi sem slitastjórn og skilanefnd Landsbankans hafa sent á bankastjórana tvo, Sigurjón Þ. Árnason og Halldór J. Kristjánsson, og fjóra fyrrverandi bankaráðsmenn; Andra Sveinsson, Kjartan Gunnarsson, Svöfu Grönfeldt og Þorgeir Baldursson.

Fréttablaðið hefur bréfið undir höndum. Það er fjórtán síður og í því er rakið í smáatriðum í hverju skaðabótaskyldan er talin felast. Bréfið er dagsett 4. febrúar og eru viðtakendum gefnar tvær vikur frá þeim degi til að láta uppi afstöðu sína til bótaskyldunnar. „Verði bréfi þessu ekki svarað innan framangreinds frests má vænta þess að mál verði höfðað á hendur yður fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur til innheimtu skaðabóta án frekari fyrirvara,“ segir í lokasetningu bréfsins.



ANDRI SVEINSSON



SVAFA GRÖNFELDT



SIGURJÓN Þ. ÁRNASON



KJARTAN GUNNARSSON



ÞORGEIR BALDURSSON



HALLDÓR J. KRISTJÁNSSON

## Sex undir en einn orðinn gjaldþrota

Bréfið var sent á bankastjórana Sigurjón Þ. Árnason og Halldór J. Kristjánsson, auk allra fulltrúa í bankaráðinu sem sat þegar bankinn féll – fyrir utan einn. Formaður bankaráðsins, **Björgólfur Guðmundsson**, sem jafnframt var aðaleigandi bankans, fékk ekkert bréf.

Þetta helgast af því að Björgólfur Guðmundsson var lýstur gjaldþrota í júlí 2009. Hann hefur því ekki lengur forræði yfir sínum málum, auk þess sem það er metið svo að lítið sé að sækja í bú hans. Gjaldþrotið nam um 100 milljörðum og var hundrað sinnum stærra en næststærsta þrot einstaklings í Íslandssögunni. Líklega er gjaldþrotið með þeim stærri í Evrópu.



### Keyptu á umtalsverðu yfirverði

Brotin þrjú, sem sexmenningarnir eru sagðir bera ábyrgð á ásamt öðrum og sérstakur saksóknari hefur þegar til rannsóknar, eru útlistuð nákvæmlega í bréfinu.

Hið fyrsta snýr að kaupum bankans á skuldabréfum af dótturfélaginu Landsvaka fyrir samtals 20 milljarða 6. október 2008, sama dag og neyðarlögin voru sett. Viðskiptin voru fjórtán talsins og voru gerð frá níu að morgni til átta um kvöld.

Í bréfinu segir að ljóst sé að skuldabréfin hafi öll verið keypt „á umtalsverðu yfirverði“, sem sé „óvenjuleg ráðstöfun“ og tilefnislaus, og raunar liggi fyrir að hún hafi verið ólögleg, enda hafi verið búið að loka fyrir viðskipti með bréf í sjóðnum þegar þau áttu sér stað.

Ekki er lagt mat á tjónið af þessum gjörningi fyrir bankann að öðru leyti en að endurheimtur á kröfunum verði afar litlar og því sé ljóst að tjónið sé umtalsvert.

### Vildu milljarða þrjár mínútur í Geir

Annað málið snýr að 7,2 milljarða endurgreiðslu á lánum sem Straumur hafði veitt kaupréttarfélögum bankans á aflandseyjum. Í samningi um þá lánalínu var áskilið að draga mætti á hana hvenær sem væri, en beiðnin þyrfti að berast fyrir klukkan 13.30 til að greitt yrði sama dag.

Beiðnin 6. október barst hins vegar ekki fyrr en klukkan 15.57, þremur mínútum áður en Geir H. Haarde flutti ávarp sitt til þjóðarinnar um neyðarlögin. Þrátt fyrir þetta voru 7,2 milljarðar greiddir út af reikningi Landsbankans hjá Seðlabankanum klukkan 18.38 þennan dag með samþykki Jóns Þorsteins Oddleifssonar, forstöðumanns fjárstýringar. Þá hafði stórgreiðslukerfi Seðlabankans verið lokað í rétt tæpa klukkustund.

Jón Þorsteinn hefur samkvæmt bréfinu borið að hafa samþykkt greiðsluna vegna þess að hann hafi ekki fengið nein fyrirmæli frá æðstu stjórnendum um að það mætti ekki.

Tjónið af þessum viðskiptum er metið á tæpa 4,4 milljarða.

### Skiptu um skoðun á klukkustund

Þriðja málið snýr að 7,5 milljarða greiðslu til MP banka samkvæmt samningum um kaup á skuldabréfum í tengslum við endurhverf viðskipti við Seðlabankann. Þar var áskilið að MP banki mætti skila skuldabréfum sínum í Landsbankanum gegn greiðslu ef forsendur samningsins brystu.

MP banki óskaði eftir þessu klukkan 12.25 hinn 6. október. Klukkan 15.34 barst honum það svar frá lögfræðingi Landsbankans að bankinn hafnaði því mati að forsendur hefðu brostið. Klukkustund síðar kom svar frá öðrum lögfræðingi með tilkynningu um að Landsbankinn hefði fallið frá fyrri afstöðu og fallist á röksemdir MP.

Féð var greitt út af reikningi Landsbankans í Seðlabankanum klukkan 18.38, einnig samkvæmt fyrirmælum Jóns Þorsteins, jafnvel þótt samningurinn hafi kveðið á um að MP banki þyrfti fyrst að afhenda skuldabréfin. Það var ekki gert fyrr en tveimur dögum síðar.

Tjónið af þessu er metið á tæpa 6,8 milljarða króna.

stigur@frettabladid.is


Í DAG FÖSTUDAG

kostur
Spörum og njótum lífsins



**Pizzaveisla í Kosti!**
Pizza og gos
McCain og Pepsi
699 kr/pk*
Pepperoni eða ostapizza *
Pepsi 2l eða Pepsi Max 2l *
www.kostur.is

Auglýsingasími
512 5050



Allt sem þú þarft...



# Opið í öllum útibúum á laugardaginn

## Komdu og kynntu þér lausnir fyrir lántakendur

**Ef þú ert með húsnæðislán hjá Íslandsbanka gætir þú átt rétt á ýmsum úrræðum til að létta greiðslubyrði þína. Það verður opið í öllum útibúum bankans laugardaginn 12. feb. milli kl. 10 og 14 og ráðgjafar okkar verða tilbúnir til að fara yfir málin með þér.***

**Endurútreikningur erlendra húsnæðislána**

Við höfum hafið endurútreikning á erlendu lánunum samkvæmt lögum. Reikna má með 25-40% lækkun höfuðstóls í áföngum. Ef þú hefur þegar þegið höfuðstólslækkun Íslandsbanka getur þú einnig nýtt þér þetta nýja úrræði ef það reynist hagstæðara en höfuðstólslækkunin.

**110% aðlögun**

Ef höfuðstóll lánsins þíns er hærri en 110% af markaðsvirði hússins stendur þér til boða að lækka hann sem því nemur að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Þessi lausn á við um öll íslensk húsnæðislán, en erlendum lánum þarf fyrst að breyta í íslensk.

**Sértæk skuldaaðlögun**

Sé frekari úrræða þörf, stendur þér sértæk skuldaaðlögun til boða sem getur haft í för með sér enn frekari niðurfærslu skulda.

**Komdu til okkar á laugardaginn milli kl. 10 og 14 og farðu yfir þín mál með ráðgjöfum okkar.**

*Athugið að lokað verður hjá gjaldkerum og fyrirtækjaráðgjöfum




islandsbanki@islandsbanki.is
www.islandsbanki.is
Sími 440 4000

Íslandsbanki

## VEISTU SVARIÐ?



1 Hve margir dómarar Hæstaréttar lýstu sig vanhæfa til að sitja í landsdómi?

2 Hvað gaf Ásgeir Ásgeirsson forseti Zalman Sahshar, forseta Ísrael, árið 1966?

3 Fyrir hvað stendur skammstöfunin FÍB?

SVÖR

1. Fjórir. 2. Bréfapressu úr silfri. 3. Félag íslenskra bifreiðaeigenda.

Jón Steinar Gunnlaugsson fellst á að vafi sé um hæfi hans eftir viðtal á RÚV:

# Víkur sæti í stjórnlagaþingsmálinu

**DÓMSMÁL** Jón Steinar Gunnlaugsson hæstaréttardómari hefur ákveðið að víkja sæti þegar dómurinn tekur afstöðu til beiðni um endurupptöku á ákvörðuninni um ógildingu stjórnlagaþingskosninganna.

Gísli Tryggvason, sem náði kjöri á stjórnlagaþingið og fór fram á endurupptökuna, fékk bréf um þetta frá Hæstarétti í fyrrakvöld. Hann fór fram á að Jón Steinar viki vegna viðtals í þættinum Návígi, þar sem hann ræddi um ákvörðun Hæstaréttar.



JÓN STEINAR GUNNLAUGSSON



GÍSLI TRYGGVASON

„Þar vísaði ég nær eingöngu til forsendna ákvörðunarinnar sem birtar voru með henni,“ segir Jón Steinar um þáttinn í yfirlýsingu í bréfi Hæstaréttar. „Allt að einu má finna ummæli sem ganga eilítið lengra en þar kemur fram, einkum þegar ég hafði orð á því að Hæstiréttur hefði ekki haft neinar aðferðir til að mæla áhrif þess á úrslit kosninganna að ekki var fylgt lagareglum við framkvæmd þeirra.

Með hliðsjón af þessu og í því skyni að koma á móts við beiðanda, sem telur ummæli mín hafa dregið úr trúverðugleika mínum til að fjalla um beiðni hans, hef ég ákveðið að óska eftir að víkja sæti við meðferð hennar.“ - sh

Líkamsárás á Nasa:

# Kona kýldi aðra konu tvisvar

**DÓMSMÁL** Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu hefur ákært konu á þrítugsaldri fyrir að kýla konu á fimmtugsaldri í andlitið. Málið hefur verið þingfest fyrir Héraðsdómi Reykjaness og er yngri konan ákærð fyrir líkamsárás.

Atburðurinn átti sér stað 5. apríl 2009 á skemmtistaðnum Nasa við Austurvöll. Yngri konunni er gefið að sök að hafa kýlt þá eldri tvisvar sinum í andlitið. Sú sem fyrir árásinni varð marðist í andliti. - jss

Aukafjárveiting samþykkt:

# Nýsköpunarsjóður efldur

**NÝSKÖPUN Ríkisstjórnin samþykkti tillögu mennta- og menningarmálaráðherra um tíu milljóna króna aukafjárveitingu til Nýsköpunarsjóðs námsmanna.**

**Reykjavíkurborg leggur sjóðnum til 30 milljónir á þessu ári og hefur sjóðurinn því 80 milljónir til úthlutunar árið 2011. Nú verður stofnunum ríkisins kleift að greiða mótframlög vegna verkefna sem hljóta styrk frá sjóðnum. Nýsköpunarsjóður námsmanna gerir háskólum, rannsóknarstofnunum og fyrirtækjum tækifæri á að ráða nema til vinnu við metnaðarfull rannsóknarverkefni.** - mel

Borgaryfirvöld boða til opins fundar um skólamál:

# Fundað með foreldrum

**SKÓLAMÁL** Borgaryfirvöld hafa boðað til opins fundar með foreldrum leikskóla- og grunnskólabarna í Ráðhúsinu næstkomandi fimmtudag.

Mikil óvissa hefur ríkt um stöðu skóla- og frístundamála borgarinnar síðustu vikur og mánuði og hafa hugmyndir um sameiningar og samrekstur valdið ugg hjá mörgum foreldrum og starfsfólki.

Oddný Sturludóttir, formaður menntaráðs og starfshóps um fyrrnefndar breytingar, og Jón Gnarr borgarstjóri munu halda framsögu á fundinum.

Samkvæmt tilkynningum frá foreldrafélögum borgarinnar hyggjast foreldrar fjölmenna á fundinn.

Alls eru nú 54 hugmyndir um sameiningar og samrekstur í skólakerfinu komnar á vinnslustig og voru þær kynntar á fjölmennum fundi með stjórnendum leikskóla, grunnskóla og frístundaheimila borgarinnar í gær. Nú tekur við frekari rýning og kostnaðargreining hugmyndanna „með tilliti til faglegra sjónarmiða“ eins og segir á vef borgarinnar.

Starfshópurinn sem sér um málið mun skila tillögum til borgarráðs fyrir lok mánaðarins. - þj




**RÍKISÚTVARPIÐ** Útvarpsstjóri segir að tillögur ESA muni ekki hafa áhrif á daglegan rekstur RÚV. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Engin áhrif á rekstur RÚV

**Eftirlitsstofnun EFTA leggur til að stjórnvöld skilji á milli almannaþjónustu og markaðsrekstrar hjá RÚV. Frestur til loka næsta mánaðar. Útvarpsstjóri segir tillögurnar ekki hafa áhrif á daglegan rekstur.**

**FJÖLMIÐLAR** ESA, Eftirlitsstofnun EFTA, hefur lagt fram formlega tillögu um að íslensk stjórnvöld breyti fjármögnun Ríkisútvarpsins ohf. (RÚV) og skilji á milli þess hluta starfsemi RÚV sem telja má í almannaþágu og þess sem lýtur markaðslögmálum.

Markmiðið með þessum umbeðnu breytingum er sagt vera að „stuðla að frekara gagnsæi varðandi opinber fjárframlög til Ríkisútvarpsins og til þess að draga úr hættu á samkeppnisröskun“ eins og það er orðað í tilkynningu á vef ESA.

Fjármögnunarfyrirkomulagi RÚV yrði með þessu breytt til samræmis við nýlegar reglur ESA um ríkisstyrki til aðila sem sjá um útsendingar í almannaþágu.

Stjórnvöld hafa frest til loka marsmánaðar til að bregðast við tillögum ESA.

Í tilkynningu ESA kemur þó fram að stofnunin hafi rætt athugasemdirnar við íslensk stjórnvöld, sem hafi þegar innleitt ákveðnar breytingar í samræmi við kröfur ESA. Til dæmis hefur eignarhaldi RÚV verið breytt þar sem fjármálaráðuneytið fer nú með eignarhlut ríkisins í stað mennta- og menningarmálaráðuneytis.



PÁLL MAGNÚSSON

Með því var, að því er fram kemur á vef ESA, skilið á milli eignarhalds RÚV og opinbers eftirlits með útsendingarstarfsemi. Ætti það að skila óháðara eftirliti með útsendingarstarfsemi RÚV.

Páll Magnússon útvarpsstjóri segir í samtali við Fréttablaðið að athugasemdir ESA snúi fyrst og fremst að stjórnvöldum, sem muni í framhaldinu ákveða hvernig skuli mæta þeim tillögum.

„Þetta hefur engar eðlisbreytingar í för með sér fyrir RÚV, enda erum við að starfa undir nákvæmlega sama rekstrarformi og NRK í Noregi, sem lýtur sömu Evrópureglum um útvarp í almannaþágu og við. Ef það eru einhverjir tæknilegir misbrestir hjá okkur verða þeir lagaðir, en þetta hefur ekkert með daglegan rekstur RÚV að gera.“

thorgils@frettabladid.is

## Tillögur ESA um breytingar hjá RÚV:

**Á meðal þeirra breytinga sem ESA leggur til eru:**

- Að útlista nánar umfang þeirrar aðferðar sem notuð verður við útvíkkun á opinberu þjónustuhlutverki Ríkisútvarpsins;
- Að sett verði skýr leiðbeinandi viðmið um ákvörðun gjaldskrár fyrir þjónustu sem Ríkisútvarpið veitir vegna opinberrar þjónustuskyldu sinnar, s.s. aðgang að skjalasafni Ríkisútvarpsins;
- Að settar verði skýrar reglur um meðferð hugsanlegrar ofgreiðslu til Ríkisútvarpsins;
- Að tekinn verði af allur vafi um að öll starfsemi sem fellur utan hlutverks Ríkisútvarpsins sem veitanda almannaþjónustu skuli rekin á grundvelli markaðslögmála líkt og viðmiðunarreglur ESA mæla fyrir um.




IS (not)

KOMDU OG SJÁÐU ÍSLAND SEM ÞÚ ÞEKKIR EKKI

KOMDU OG SEGÐU FRÁ ÍSLANDI SEM VIÐ ÞEKKJUM EKKI

OPNUN SÝNINGARAÐAR

Íslenskir rithöfundar og blaðamenn í samvinnu við pólska ljósmyndara:

Ljósmyndasýning með meiru

ADAM PAŃCZUK & SINDRI FREYSSON
MICHAŁ ŁUCZAK & HERMANN STEFÁNSSON
JAN BRYKCZYŃSKI & KRISTÍN HEIÐA KRISTINSDÓTTIR
AGNIESZKA RAYSS & SIGURBJÖRG ÞRASTARDÓTTIR
RAFAŁ MILACH & HULDAR BREIÐFJÖRÐ

NORRÆNA HÚSIÐ
Sturlugata 5
Reykjavík 101

Föstudagur
11. febrúar 2011

20:00

Opnunin er í samvinnu við ræðisskrifstofu Póllands á Íslandi

ORGANIZER: SPUTNIK PHOTOS — NORRÆNA HÚSIÐ

WWW.ICELANDICTALES.SPUTNIKPHOTOS.COM

MEDIA PATRONAGE: Trójka POLSKIE RADIO — PRZEKRÓJ — EXKLUSIV

Supported by a grant from Iceland, Liechtenstein and Norway through the EEA FINANCIAL MECHANISM AND THE NORWEGIAN FINANCIAL MECHANISM, within CULTURAL EXCHANGE FUND

eea grants — norway grants

Sátt hefur náðst í meiðyrðamáli sem Ingi Freyr Vilhjálmsson, fréttastjóri DV, höfðaði á hendur Agnesi Bragadóttur vegna fréttar sem Agnes skrifaði og birtist í Morgunblaðinu. Þar var Ingi Freyr ranglega sagður hafa réttarstöðu grunaðs manns í tveimur málum sem eru til rannsóknar hjá lögreglu.

Meðfylgjandi texti er afsökununarbeiðni til Inga Freys sem birtist í Morgunblaðinu í dag og jafnframt sem auglýsing í öðrum dagblöðum.

# Afsökun vegna fréttar – sættir takast

Mánudaginn 31. janúar s.l. birtust frétt og fréttaskýring Agnesar Bragadóttur í Morgunblaðinu vegna svokallaðra tölvumála, þ.e. annars vegar tölvu sem komið var fyrir á skrifstofum Alþingis og hins vegar birtingar DV á gögnum sem stolið var úr tölvu lögmanns Milestone. Í Morgunblaðinu var sagt að blaðamaðurinn, sem fjallaði um síðarnefnda málið í DV, Ingi Freyr Vilhjálmsson, hefði réttarstöðu grunaðs manns í rannsóknum lögreglu á báðum málunum. Í ljós kom að þessar staðhæfingar um réttarstöðu blaðamannsins voru rangar og var Ingi Freyr í kjölfarið beðinn velvirðingar á þeim rangfærslum.

Í fréttaskýringunni var því einnig haldið fram að ungur piltur, sem kærður var til lögreglu í febrúar í fyrra fyrir að hafa brotist inn í tölvu lögmanns Milestone og stolið þaðan umræddum gögnum, hefði gert það að undirlagi Inga Freys og þegið greiðslur frá honum fyrir að stela gögnunum. Þær fullyrðingar í fréttaskýringunni voru ekki réttar. Er Ingi Freyr því einnig beðinn afsökunar á þeim. Aðilar hafa nú gert með sér sátt í meiðyrðamáli sem Ingi Freyr höfðaði. Málið hefur verið fellt niður og verða ekki hafðar uppi frekari kröfur í því sambandi. Sáttin felur meðal annars í sér ofangreinda afsökunarbeiðni. Annað efni sáttarinnar er trúnaðarmál.

*Ábyrgðamaður þessarar auglýsingar er Vilhjálmur H. Vilhjálmsson hrl., Lögfræðistofu Reykjavíkur*







# Fjöldi vísindamanna gagnrýnir þingmenn

**37 vísindamenn frá níu rannsóknarstofnunum hafa sent bréf til Alþingis þar sem þingsályktunartillaga um bann við útiræktun á erfðabreyttum lífverum er harðlega gagnrýnd. Tillagan sögð full af rangfærslum og lýsa vanþekkingu.**

**UMHVERFISMÁL** Harðort bréf hefur borist Alþingi frá 37 vísindamönnum þar sem gerðar eru alvarlegar athugasemdir við þingsályktunartillögu um bann við útiræktun erfðabreyttra lífvera. Flutningsmenn frumvarpsins eru átta frá þrem stjórnmálaflokkum; Vinstri grænum, Hreyfingunni og Samfylkingunni.

Tillaga þingmannanna er sögð full af rangfærslum og lýsa algjörri vanþekkingu þeirra á málaflokknum. Í bréfinu er sagt að augljóst sé að höfundar hafi ekki faglega þekkingu á viðfangsefninu og mjög takmarkaðan skilning á líffræði, þróunarfræði, erfðafræði eða eðli erfðabreyttra lífvera.

Í tillögunni er lagt til að starfshópur á vegum ríkisstjórnarinnar undirbúi lagabreytingar sem varða útiræktun á erfðabreyttum lífverum. Slík ræktun fari þá í kjölfarið einungis fram inni í lokuðum gróðurhúsum eða tilraunastofum.

„Það stenst nánast ekkert sem fylgir þessari tillögu. Þetta er eiginlega bara allt rangt,“ segir Eiríkur Steingrímsson, prófessor við Læknadeild HÍ og talsmaður hópsins. „Það er ótrúlegt að þingmennirnir hafi látið þetta frá sér.“

Eiríkur segir að um alvarleg mistök sé að ræða í tillögunni og hópurinn sé alfarið á móti henni, enda óþörf.

„Við teljum að það þurfi ekki að banna erfðabreyttar lífverur, þar sem þær eru gríðarlega mismunandi eftir tegundum, erfðabreytingu og öðru slíku,“ segir Eiríkur. „Við erum nú þegar með lög og reglur um þessi mál og starfandi nefnd sem fer yfir hvert tilfelli. Það er ekki hægt að vinna með erfðabreyttar lífverur án þess að fá leyfi.“ Eiríkur bendir einnig á að útiræktun sé aldrei leyfð nema nema það séu sterk, vísindaleg rök fyrir því að hún hafi ekki áhrif á umhverfið.

## Rangt farið með staðreyndir

**2. kafli þingsályktunartillögu:**
„Óvissan er hins vegar mikil því enn er til að mynda að miklu leyti óljóst hvernig tengslum gena innbyrðis og við efnafræðilegt umhverfi þeirra er háttað.“
Vísindamennirnir telja þessa setningu vera með öllu óskiljanlega. Undirkaflar séu fræðilega ónákvæmir eða hreinlega rangir. Engin dæmi bendi til þess að hlutverk gena breytist þegar þau eru flutt milli lífvera með aðferðum erfðatækninnar.

**4. kafli þingsályktunartillögu:**
Vísað er til fræðimanna sem eru ósammála þeirri niðurstöðu ORF Líftækni að „engin vísindaleg rök hníga að því að kanna þurfi sérstaklega áhrif mögulegrar neyslu slíkra próteina á dýr og menn enda eru þau ekki ætluð til manneldis. Éti dýr þau eru þau einfaldlega melt í meltingarvegi eins og önnur prótein.“ Í bréfi vísindamannanna kemur fram að nokkur rök séu nefnd þessu til stuðnings í þingsályktunartillögunni, en flest þeirra séu annað hvort ónákvæm eða röng.


DR. BJÖRN ÖRVAR ORF Líftækni rekur hátæknigróðurhús í Grindavík og hyggur á frekari gróðurhúsaræktun auk uppbyggingar á úrvinnsluiðnaði í tengslum við akuryrkju. MYND/ORF

### Segja rök þingmanna byggð á vanþekkingu

**Framkvæmdastjóri ORF Líftækni furðar sig á þingsályktunartillögu átta þingmanna um að banna útiræktun á erfðabreyttum lífverum. Hún gangi þvert á úrskurð umhverfisráðherra um leyfi til ræktunar og vísindaleg rök.**

**UMHVERFISMÁL** „Tillögunni er beint gegn starfsemi ORF Líftækni. Þetta eru kaldar kveðjur en við höfum ekki trú á að þessi tillaga verði samþykkt enda byggir hún ekki á vísindalegum rökum heldur á hjávísindum, misskilningi og dylgjum,“ segir dr. Björn Örvar, framkvæmdastjóri ORF Líftækni.

Átta þingmenn þriggja stjórnmálaflokka hafa lagt fram þingsályktunartillögu um að lögum og reglugerðum verði breytt í þeim tilgangi að banna útiræktun á erfðabreyttum lífverum eigi síðar en 1. janúar 2012. ORF hefur um árabil staðið fyrir tilraunaræktun á erfðabreyttu byggi, samkvæmt leyfi frá Umhverfisstofnun. Leyfið var kært en það síðan staðfest af umhverfisráðherra fyrir skemmstu.

Í greinargerð með tillögunni segir að í henni felist að ræktun á erfðabreyttum lífverum fari einungis fram inni í lokuðum gróðurhúsum eða tilraunastofum.

„Það má kannski segja að það sé ágætt að þessi tillaga komi fram þannig að vilji löggjafans varðandi atvinnuuppbyggingu á þessu sviði komi skýrt fram, en það er sorglegt að hún komi fram núna í kjölfar mjög faglegs úrskurðar umhverfisráðherra sem ekki féllst á að fella bæri úr gildi leyfi okkar til akuryrkju í Gunnarsholti,“ segir Björn.

Birni finnst ekki síst gagnrýnivert að þingmennirnir átta undirbyggja þingsályktunartillögu sína rökum sem sett hafa verið fram í greinaskrifum þeirra sem enga sérfræðiþekkingu hafa á efninu. „Raunverulegir fræðimenn, meðal annars í ráðgjafanefnd um erfðabreyttar lífverur, hafa hins vegar komist að því að ekki felist hætta í ræktun erfðabreytts byggs á Íslandi. Umræddir þingmenn ættu að lesa þá umsögn,“ segir Björn.

Í þingsályktunartillögunni segir að „afleiðingar erfðatækni séu enn sem komið er lítt þekktar“. Þetta er alrangt, segir Björn. „Mjög ítarlegar rannsóknir hafa farið fram á erfðabreyttum nytjaplöntum um allan heim án þess að nokkuð hafi komið fram sem bendi til neikvæðra áhrifa á umhverfið eða á heilsu manna.“

Evrópuráðið gaf nýlega út samantekt allra óháðra rannsókna á erfðabreyttum lífverum sem Evrópusambandið hefur kostað síðustu tíu ár. Niðurstaða þessara rannsókna er að ekkert bendi til þess að erfðabreyttar lífverur séu hættulegri umhverfinu eða heilsu manna en hefðbundnar nytjajurtir og lífverur, að sögn Björns.

svavar@frettabladid.is

**Athugasemdir gagnrýnenda á útiræktun erfðabreyttra lífvera**

Í þingsályktunartillögunni er fyrst og síðast vitnað til skrifa Dominique Plédel Jónsson og Söndru Best Jónsdóttur þegar kemur að rökum gegn útiræktun á erfðabreyttum lífverum. Forsvarsmenn ORF Líftækni hafa hins vegar hafnað þeim sama rökstuðningi alfarið eins og fram kemur í fréttinni, enda hafi Dominique og Sandra enga sérþekkingu á efninu.

Eftirfarandi vildi Dominique koma á framfæri vegna málsins:

- Þessi þingsályktunartillaga er hugrökk og þörf á meðan ekki er vitað meira um afleiðingar þess að rækta erfðabreyttar plöntur úti í náttúrunni – varúðarreglan er ekki höfð að leiðarljósi í gegnum alþjóðasáttmála út af engu.
- Það þarf ekki að vera vísindamaður til að átta sig á, eins og milljónir manna í Evrópu og í vaxandi mæli í Bandaríkjunum, að útiræktun erfðabreyttra plantna hefur ekki sannað skaðleysi sitt.

DOMINIQUE PLÉDEL JÓNSSON

- Á Íslandi snýst málið um mun víðtækara viðfangsefni en að leyfa eða banna ORF að rækta úti eða ekki í tilraunaskyni (leyfi ORF rennur út 2013 þegar bannið á að taka gildi).
- Vísindaleg rök en einnig samfélagsleg og siðferðisleg eru fyrir því að leyfa ekki útiræktun á meðan hlutlausar rannsóknir eru ekki fleiri en raun ber vitni.
- Írland, Lúxemborg, Ungverjaland, Grikkland, Noregur, og að mestu leyti Frakkland, Ítalía og Þýskaland hafa bannað útiræktun erfðabreyttra plantna.
- Ræktun erfðabreytts lyfjabyggs eða annarra plantna með háu verðgildi er best varin í hátæknigróðurhúsum þannig að ekki er verið að hefta þróun fyrirtækja á þessu sviði á Íslandi.
- Viljum við sjá erfðabreytta repju eða kartöflur um allt land? Það er meira verðgildi í hreinni íslenskri framleiðslu þar sem framboð af slíkum afurðum á heimsmarkaði nær ekki að annast eftirspurn.

> Það stenst nánast ekkert sem fylgir þessari tillögu. Þetta er eiginlega bara allt rangt.
>
> **EIRÍKUR STEINGRÍMSSON**
> PRÓFESSOR VIÐ LÆKNADEILD HÍ OG TALSMAÐUR VÍSINDAMANNANNA

Þráinn Bertelsson, þingmaður VG, er einn flutningsmanna og svaraði hann bréfi vísindamannanna í gærdag.

„Þakka ykkur innilega fyrir að leyfa okkur flutningsmönnum að njóta leiðsagnar ykkar og yfirburða vísindaþekkingar. Það fegursta við vísindin er þekking laus við hroka,“ segir Þráinn í bréfi sínu.

Vísindamennirnir 37 starfa hjá Háskóla Íslands, Háskólann í Reykjavík, Háskólann á Akureyri, Landbúnaðarháskóla Íslands, Hólaskóla, Matís, Matvælastofnun, Biopol og Íslenska erfðagreiningu. Enginn þeirra vinnur að rannsóknum sem miða að því að sleppa erfðabreyttum lífverum út í umhverfið og enginn þeirra á beinna hagsmuna að gæta.

sunna@frettabladid.is


Fíton/SÍA

# VR óskar eftir orlofshúsum

VR óskar eftir vönduðum sumarhúsum eða orlofsíbúðum á leigu til framleigu fyrir félagsmenn sína. Leitað er eftir húsnæði á landsbyggðinni og í höfuðborginni. Áhugasamir sendi upplýsingar á **vr@vr.is**, fyrir **22. febrúar nk**.

Eftirfarandi upplýsingar þurfa að fylgja: Lýsing á eign og því sem henni fylgir, ástand hennar, staðsetning, stærð, aldur og fjöldi svefnplássa. Auk þess skal fylgja lýsing á möguleikum til útivistar og afþreyingar í næsta umhverfi. Æskilegt er að myndir og lýsing á umhverfi fylgi einnig með.

**Öllum tilboðum verður svarað.**

VR | KRINGLUNNI 7 | 103 REYKJAVÍK | S. 510 1700 | F. 510 1717 | WWW.VR.IS

Virðing
Réttlæti
VR

# SÍÐUSTU DAGAR ÚTSÖLUNNAR

## Gerið gæða- og verðsamanburð

6 mánaða vaxtalausar greiðslur

### SAGA OG ÞÓR
Hágæða heilsudýnur



SAGA Queen rúm, nú aðeins **129.900**
ÞÓR Queen rúm, nú aðeins **149.900**

### ÚRVAL STILLANLEGRA HEILSURÚMA




2x90x200 og 2x90x210
Nú aðeins **349.900** með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnum

### IQ-CARE
Ein besta heilsudýna í heimi



Queen rúm nú aðeins kr. **179.900**




**10.000 kr. vörukaup fylgja öllum heilsurúmum.**
(Gildir ekki með öðrum tilboðum)



### BOAS
Leður hægindasófi 3 sæta **169.900**
Svefnsófi **169.900**
Hægindastóll **79.900**

## 20-70% AFSLÁTTUR
Skiptidýnur, útlitsgallaðar dýnur og sýningardýnur.
Lök, hlífðardýnur, pífur, sængurverasett og fleira.



### VALHÖLL

| Stærð | Verð á dýnu aðeins |
|---|---|
| 80 cm | 29.900,- |
| 90 cm | 29.900,- |
| 120 cm | 39.900,- |
| 153 cm | 49.900,- |




Svefn & heilsa ★★★★★




www.svefn.is

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150
Opið virka daga kl. 10.00 - 18.00 – laugardaga 12.00 - 16.00

# Skemmtilegasta giggið hingað til

Undanfarin fimmtán ár hefur **Heiðrún Anna Björnsdóttir** búið á Englandi og haslað sér völl sem lagahöfundur hjá útgáfurisanum Universal. Hún sagði *Sigríði Björg Tómasdóttur* frá tónlistarbransanum og samstarfinu við Simon Fuller.



**HEIÐRÚN ANNA BJÖRNSDÓTTIR** Hefur verið viðloðandi breska tónlistarheiminn í fimmtán ár. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Heiðrún Anna Björnsdóttir var áberandi í íslensku tónlistarlífi um miðjan 10. áratuginn og söng meðal annars í hljómsveitinni Cigarette. Árið 1996 venti hún sínu kvæði í kross, hélt til Liverpool og settist á skólabekk Liverpool Institute of Performing Arts, sem bítillinn Paul McCartney setti á fót.

„Ég vissi alveg hvað mig langaði til að gera þegar ég flutti út til Liverpool á sínum tíma. Mig langaði að finna kúl stráka og stofna hljómsveit,“ segir Heiðrún Anna. „Ég komst hins vegar fljótt að því að pöbbar og partí voru betri staðir til að finna flott lið, hætti í skólanum og stofnaði í framhaldinu hljómsveitina Gloss, ásamt trommuleikaranum Paul Maguire.“ Gloss fékk fljótlega samning við útgáfufyrirtækið Nude Records, sem var meðal annars með hljómsveitina Suede á sínum snærum.

„Við vorum á samningi hjá þeim í þrjú ár, þar til fyrirtækið fór á hausinn. Á þeim tíma vorum við á launum hjá fyrirtækinu, auk þess sem ég var með samning sem lagahöfundur hjá EMI Publishing.“

Þegar fyrirtækið fór á hausinn var útgáfusamningurinn vitaskuld úr sögunni. Ekki kom þó til greina hjá Heiðrúnu Önnu annað en að halda áfram að semja tónlist og reyna að koma sér áfram í breska tónlistarbransanum. „Á þessum tíma var ég komin með meiri áhuga á raftónlist, en Gloss var eiginlega dæmigert poppband. Ég sleit því bandinu, vildi fara að gera eitthvað nýtt.“

**Lagahöfundur og söngkona**

Heiðrún Anna flutti í kjölfarið til Manchester, en eftir skamma viðdvöl flutti hún svo loks til London.

## Tónlistaráhugi frá barnæsku

Heiðrún Anna Björnsdóttir hefur fengist við tónlist síðan hún var lítil; söng í kórum og lærði á blokkflautu og píanó. Hún var í hljómsveitinni Cigarette hér á landi ásamt meðal annars Einari Tönsberg og gaf sú sveit eina plötu út árið 1995, Double Talk. Í Bretlandi hefur hún verið í hljómsveitunum Gloss og Cicada, sem söngkona og lagahöfundur, auk þess að vinna með hljómsveitinni Pleasure. Sem lagahöfundur á hún meðal annars lög á nýjustu plötu norsku söngkonunnar Annie.

„Ég bjó framan af í Liverpool því það var svo miklu ódýrara en í London.“ Heiðrún Anna segist hafa skrimt á stundum og kunnað vel listina að lifa á hrísgrjónum. „Já blessuð vertu, en ég sá svo sem alveg fyrir mér. Þetta hefur auðvitað gengið vel þegar ég hef verið á samningi, en verið erfiðara annars.“

Í London settist Heiðrún Anna að í hinu sjarmerandi Notting Hill hverfi og vann í verslun á milli þess sem hún samdi lög.

„Ég hef samið ótal lög eftir ég fékk fyrsta gítarinn minn. Um leið og ég var búin í vinnunni þarna í Notting Hill skaust ég upp í stúdíó á kvöldin og tók þau upp.“ Heiðrún Anna lék lögin sem hún var að vinna að fyrir vini sína, þar á meðal vinkonu sem átti kærasta sem var að vinna hjá útgáfurisanum Universal. Hann heyrði lögin og í kjölfarið var Heiðrúnu boðinn samningur við Universal sem lagahöfundur.

Lífið sem lagahöfundur á mála hjá stórfyrirtæki hafði sína kosti og galla, segir Heiðrún Anna.

„Það er mjög skemmtilegt þegar maður er að vinna með fólki sem er að gera svipaða tónlist og maður hefur sjálfur áhuga á. Og ég var send til Frakklands og Svíþjóðar til að vinna með pródúsentum og lagahöfundum að ýmsum lögum. En það komu alveg stundir þar sem ég var stödd í stúdíó með einhverjum böndum sem ég hafði engan áhuga á og maður hugsaði með sér: hvað er ég eiginlega að gera hér?“

Meðfram störfum sínum fyrir Universal hefur Heiðrún sungið og samið lög fyrir hljómsveitina Cicada. Hún viðurkennir að þrátt fyrir að hafa haslað sér völl sem lagahöfundur hafi poppstjörnudraumurinn aldrei verið langt undan. Hún hafi þó oft fengið að heyra efasemdaraddir um að hún væri á réttum aldri í það hlutverk.

„Jafnvel þegar ég var að syngja með Gloss þótti ég gömul. Þegar ég var 26 ára keypti umboðsmaðurinn minn handa mér hrukkukrem,“ segir hún og brosir.

**Simon Fuller á línunni**

Heiðrún Anna náði góðum árangri sem lagahöfundur fyrir Universal en lagasmíðar hennar bárust til eyrna sjálfs Simons Fuller, umboðsmannsins fræga sem meðal annars er maðurinn á bak við American Idol og Spice Girls. Fuller boðaði Heiðrúnu Önnu á fund til að ræða við hana um nokkur lög og enn og aftur var hún minnt á miskunnarlausa æskudýrkun tónlistarbransans.

„Ég hafði klætt mig upp og gert mig fína, fannst ég algjör gella reyndar. Hann hafði heyrt nokkur lög og sat þarna og ræddi við mig um að við þyrftum að finna einhverja flotta söngkonu, einhverja flotta átján ára til að syngja lögin mín,“ segir Heiðrún Anna og hlær að minningunni.

„Fundurinn tók svo reyndar algjöra u-beygju þegar ég spilaði fyrir hann lag sem honum fannst alveg meiri háttar og hljóma eins og mögulegur smellur. Hann fékk lagið og allt fór í gang, fyrst ætlaði hann að nota það fyrir Idol-stjörnuna Jordan Sparks en svo varð hugmyndin sú að nota lagið á endurkomuplötu Spice Girls.“

> Þegar ég var 26 ára keypti umboðsmaðurinn minn handa mér hrukkukrem.

Heiðrún Anna gerði sér grein fyrir að þarna hafði hún fengið einstakt tækifæri til að komast á blað sem lagahöfundur hjá stórstjörnum.

„Í framhaldinu var haft samband við mig frá Los Angeles þar sem Spice Girls voru að taka upp og ég beðin um að laga taktinn í laginu. En á síðustu stundu komu gömlu framleiðendurnir þeirra til sögunnar, með annað lag í farteskinu, og mínu var ýtt út. Það áttu bara að vera tvö ný lög á plötunni og mitt hefði verið annað þeirra.“

Heiðrún Anna viðurkennir að það hafi verið ótrúlega svekkjandi að missa af þessu tækifæri og var afar vonsvikin lengi á eftir.

„Fyrir þremur mánuðum hringdi Simon Fuller aftur í mig og spurði hvort lagið væri enn á lausu. Ég sagði já og nú hefur hann það til umráða í hálft ár. Við sjáum til hvað kemur út úr því,“ segir hún stóísk.

**Fjölskyldulífið frábært**

Fyrir tveimur árum urðu vatnaskil í lífi Heiðrúnar þegar hún varð ófrísk að sínu fyrsta barni. Hún dró sig í hlé í tónlistinni og hætti í hljómsveitinni Cicada þegar frumburðurinn Ralph kom í heiminn.

„Hann er fimmtán mánaða og ég hef verið heima með hann frá fæðingu, það er annað kerfi í Bretlandi en á Íslandi, börnin byrja oft ekki fyrr en um tveggja ára í daggæslu,“ segir Heiðrún Anna, sem býr með barnsföður sínum, Jamie. „Við kynntumst á Ibiza fyrir nokkrum árum, í gegnum sameiginlega vini. Hann er verðbréfamiðlari, tengist tónlistarbransanum ekki neitt.“

Heiðrún Anna hefur komið sér fyrir ásamt fjölskyldunni í Clapham-hverfi London. „Við höfum reyndar verið að gera upp húsið undanfarna níu mánuði, iðnaðarmennirnir hafa verið mættir á morgnana klukkan átta. Það skilur enginn á Íslandi af hverju þetta tekur svona langan tíma, ég reyni bara að segja að þeir séu að gera þetta svona vel.“

Auk sonar þeirra á Jamie tvö börn úr fyrra sambandi og segir Heiðrún Anna fjölskyldulífið eiga vel við sig.

„Þetta er skemmtilegasta giggið sem ég hef tekið hingað til, ég verð að viðurkenna það. Stundum skil ég ekki hvað dagarnir fljúga áfram, mér finnst ég alltaf vera svo upptekin, en ég veit ekki alveg við hvað. Ég hef ekki samið lag síðan Ralph kom í heiminn en nú er ég reyndar aðeins farin að huga að þessu. Ég er alltaf í sambandi við fólk hjá Universal, og svo er ég alltaf á leiðinni að gefa út sólóplötu, hún er enn á dagskránni,“ segir Heiðrún Anna, sem er ekki á leiðinni að flytja til Íslands.

„Mér finnst alveg frábært að vera í Bretlandi, það er hægt að gera svo margt hér, mannlífið er fjölbreytt og svo vita ekki allir allt um mann. Ég held reyndar alltaf mjög góðum tengslum við fjölskylduna mína á Íslandi og íslensku æskuvinkonurnar eru bestu vinkonur mínar enn í dag,“ segir Heiðrún Anna að lokum.

FAAS

**FAAS, félag áhugafólks og aðstandenda Alzheimerssjúklinga og annarra skyldra sjúkdóma heldur fræðslufund miðvikudaginn 16. febrúar nk. Fundurinn sem hefst kl. 20.00 verður haldinn í Hátúni 10, 9. hæð (vesturturni).**

**Dagskrá:**

- Formaður FAAS Fanney Proppé Eiríksdóttir setur fundinn
- Salbjörg Bjarnadóttir, geðhjúkrunarfræðingur og verkefnisstjóri hjá Landlæknisembættinu flytur erindi sem hún nefnir:

***Á ég tilverurétt?** Hvernig getur aðstandandi hlúð að sjálfum sér í erfiðum veikindum nánis ættingja.*

- Fyrirspurnir og umræður

Félagsmenn og aðrir velunnarar félagsins eru hvattir til að mæta.
Kaffiveitingar í boði FAAS

Bestu kveðjur
Stjórn FAAS



VNR. 063-072560101
**ÖRYGGISGLERAUGU**
**550 KR.**

# GÆTTU AÐ ÖRYGGINU




N1 KORTIÐ MEIRI ÁVINNINGUR



LITIR:

VNR. 9616 K2 BX6023
**KULDABUXUR**
Vattfóðraðar. EN471
**9.990 KR.**



LITIR:

VNR. 9616 K2 2009
**KULDAGALLI**
Vattfóðraður. EN471
**14.990 KR.**



LITIR:

VNR. 9616 5058
**SMÍÐAVESTI**
Með vösum.
**8.681 KR.**



LITIR:

VNR. 9616 K2 JX6943
**KULDAJAKKI**
Vattfóðraður. EN471
**7.990 KR.**



VNR. 9615 JALAS4448
**RAFSUÐUSKÓR**
Jalas Titan S3 m/kevlarsaum
**24.990 KR.**



VNR. 7151 6922743
**ÖRYGGISSKÓR**
Cofra Reno S3
**9.490 KR.**



VNR. 9637 HSG-002-10
**BLÖKK**
10 metrar
**99.900 KR.**



VNR. 9637 G-0030-HRS
**FALLVARNABELTI**
ARG 30 HRS
**21.632 KR.**



VNR. 9637 L-0320-1,5
**LÍFLÍNA**
Shockyard 1,5 metrar
**24.990 KR.**



VNR. 9614 AHC110-000-200
**ÖRYGGISHJÁLMUR**
MK3, fæst í mörgum litum
**1.998 KR.**




1.490,-

Loftljós Discos
Hvítt 31 cm.
6003250




Útiljós Marika
Svart,18.5 cm
einnig til í hvítu
6000770

1.990,-

# LÆGRA VERÐ

## LJÓS OG BÚSÁHÖLD




Vegglampi
Vejle, með rofa, hvítur
6000556

3.990,-




10 STK.

590,-

OSRAM

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR*

Perur Osram
Glærar 40W/60W.
10 stk. í pakka.



Baðljós
Ufo,
rakaþétt
6010245

Baðljós

4.590,-

~~5.990,-~~

Kastari
Nero
6001570



Tilboð

6.990,-

~~9.929,-~~



Tilboð

7.990,-

~~10.990,-~~

Útiljós
Graz veggljós
6001505

Tilboð

12.900,-

~~17.990,-~~

Loftljós
Kirkenes, grátt
6010670





Útiljós
Lima
6001163

2.990,-

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR*

LJÓS OG BÚSÁHÖLD Á LÆGRA VERÐI

Verð gildir til
14. febrúar

*Vörur merktar "Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar" er lægsta verð sem Húsasmiðjan býður á viðkomandi vörum á hverjum tíma.
Húsasmiðjan leggur sig fram um að bjóða alltaf lágt verð en ábyrgist ekki að "Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar" sé alltaf lægsta verð á markaðnum.

Electrolux
5 ára ábyrgð
í Húsasmiðjunni

2 pakkar fylgja öllum þvottavélum

2 pakkar af MILT þvottaefni
fylgja með öllum þvottavélum
í Húsasmiðjunni






5 ára ábyrgð
orknýting A
þvottahæfni A

79.900,-

tekur 6 kg
1200 snúninga

Þvottavél
EWF 126410W
1200 sn, 6kg, 85x60x60 cm.
1805477



Strauborð
114x35x91 cm.
2609120

5.990,-



999,-

Taukarfa
kringlótt, 26 ltr.
2005417



2.490,-

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR*

Gufustraujárn
BOMANN,1600W.
1840861

Panna
28 cm, með
teflon húð
2100057

4.990,-



Pottur með loki
Stál, 16 cm, fyrir allar
gerðir af hellum.
2000764

2.799,-

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR*



4 stk
1.690,-

Bjórglös
4stk í pakka
2009271

Brauð/Þorrabakki
32x23 cm
2201183



1.490,-

7.990,-

Matarstell
Panama ferkantað
16 stk í setti.
2009089



Látum verkin tala!

Opið til 21:00 í Skútuvogi

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavixl.
Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

HÚSASMIÐJAN

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Óvissa og áhyggjur í skólum borgarinnar:

# Grautarleg vinnubrögð

Sérkennilegt ástand er í leik- og grunnskólum Reykjavíkur þessa dagana. Starfsfólk, börn og foreldrar hafa áhyggjur af framtíð skólanna og niðurskurðaráformum meirihlutans í Reykjavík. Fátt er meira rætt á kennarastofum og þar sem foreldrar hittast.

Nú efast út af fyrir sig fáir um að nauðsynlegt sé að spara í rekstri skólanna, eins og í öllum öðrum opinberum rekstri á Íslandi. En borgarstjórnarmeirihlutanum hefur tekizt einstaklega óhönduglega til við sparnaðarvinnuna í skólum Reykjavíkur.

SKOÐUN

Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is



Umræðurnar byggjast á orðrómi og kjaftasögum, því annað er ekki að hafa. Upplýsingar um raunveruleg áform borgaryfirvalda eru mjög af skornum skammti og mikil óánægja er meðal foreldra og starfsfólks með skort á samráði og að til þeirra sé leitað um hugmyndir. Þetta eykur á áhyggjurnar og óvissuna og eitrar skólastarf, bæði í skólum og leikskólum.

Hugmyndir borgarstjórnarmeirihlutans um aukinn samrekstur skóla og niðurskurð á kennslu eru furðulega ómótaðar og óskýrar og það virðist stundað, meðal annars í því svokallaða samráði sem fer fram í rýnihópum þar sem foreldrar eru kallaðir til, að kasta fram hugmyndum, sem valda áhyggjum og óróa, en hlaupa svo jafnharðan frá þeim og útskýra að menn hafi nú ekkert meint með þessu og hugdettum hafi meira verið velt upp til að kanna viðbrögðin. Þessi grautarlegu vinnubrögð kunna engan veginn góðri lukku að stýra. Skólastarf þarf festu og skýran ramma.

Bæði starfsfólk skólanna og foreldrar nemendanna eru líka skattgreiðendur í Reykjavík og glíma við að ná endum saman. Allir átta sig vafalaust á nauðsyn þess að hagræða í rekstrinum. En eðlilegast hefði verið að fá fram hugmyndir starfsfólks og foreldra um hagræðingu og leggja svo mótaðar hugmyndir fram til kynningar, í stað þeirra furðulega grautarlegu vinnubragða, pukurs og samskiptaleysis, sem hefur einkennt þessa vinnu.

Samrekstur skóla þarf ekki að vera vond hugmynd, ekki heldur fækkun stjórnenda. En borgarstjórnarmeirihlutinn þarf að geta sýnt foreldrum (sem eru viðskiptavinir skólakerfisins) fram á að slíkar breytingar bitni ekki á faglegum gæðum skólastarfs. Þar er að mörgu að hyggja. Stjórnendur grunnskóla eru til dæmis flestir með grunnskólakennaramenntun og stjórnendur leikskólanna með leikskólakennaramenntun. Hafa þeir faglegar forsendur til að stjórna stærri einingum? Dregur úr fjölbreytni skólagerða með samrekstri og sameiningum, og þar með úr möguleikum foreldra til að velja skóla og leikskóla sem hentar börnum þeirra? Verður gengið á þá kennslu sem ber að veita samkvæmt aðalnámskrá?

Nú hafa foreldrar í Reykjavík verið boðaðir til fundar með borgarstjóranum og formanni menntaráðs í næstu viku. Þá er alveg bráðnauðsynlegt að þau hafi eitthvað skárra fram að færa en það ómarkvissa taut, sem til þessa hefur komið frá borgarstjórnarmeirihlutanum.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Furðulegar forsendur

Egill Helgason hefur skrifað nokkurn fjölda bloggfærslna þar sem hann hnýtir í vefmiðilinn Pressuna. „Pressan er því eins nálægt því og hugsast getur að vera málgagn Halldórs Ásgrímssonar," sagði hann eitt sinn. Hann hefur sagst forðast Pressuna, til vefjarins sé stofnað á furðulegum forsendum, upphafsmaðurinn Björn Ingi Hrafnsson hafi notið stóreinkennilegrar fyrirgreiðslu í bönkunum, starfsmenn þar kalli ekki fram traust, bloggararnir séu varðmenn gamla kerfisins og síðast en ekki síst hefur hann í marggang furðað sig á því hvernig hægt sé að reka hann og spurt hverjir eigi hann og hverjir fjármagni hann.



### Krúnudjásnið

Nú hefur Vefpressan keypt Eyjuna og kynnt Egil sem krúnudjásnið í veldi sínu. Það á hreinlega að byggja á vinsældum hans. Gera verður ráð fyrir því að Egill hafi fengið fullnægjandi skýringar á eignarhaldi og rekstrarforsendum fyrirtækisins áður en hann féllst á að starfa fyrir það.

### Hálft Ísland vanhæft

Á þessum stað hefur stundum verið bent á hversu lítið Ísland er. Þetta sannast enn á því að þegar stór mál koma til kasta Hæstaréttar þarf hálfur rétturinn að segja sig frá þeim. Fjórir dómarar af níu hafa lýst sig vanhæfa til að setjast í landsdóm í máli Geirs H. Haarde. Jafnmargir dómarar hafa lýst sig vanhæfa í málefnum sem tengjast stjórnlagaþingi, af hinum og þessum ástæðum. Það er ekki seinna vænna að fjölga dómurum í Hæstarétti.



stigur@frettabladid.is

HALLDÓR




# Fordæmi í jafnréttismálum

Dómsmál



Sonja Ýr Þorbergsdóttir
lögfræðingur BSRB

Á þriðjudag féll í Héraðsdómi Reykjaness dómur í máli félagsmanns BSRB gegn atvinnurekanda sínum varðandi kynferðislega áreitni á vinnustað og viðbrögð atvinnurekanda við kvörtun þar um.

Dómurinn hefur mikið fordæmisgildi þar sem tekin er afstaða til þess hvort ákveðið athæfi hafi verið kynferðisleg áreitni á vinnustað og hvort atvinnurekandi hafi brugðist við með réttum hætti í kjölfar atviksins samkvæmt skilgreiningum laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008. Málið hefur þar af leiðandi mikla þýðingu fyrir allt launafólk enda viðurkenndi rík ábyrgð atvinnurekanda í slíkum málum.

Niðurstaða dómsins var að um kynferðislega áreitni hefði verið að ræða og að starf konunnar hefði ítrekað verið rýrt að henni forspurðri eftir að hún kvartaði. Frá því að kvörtunin var lögð fram hafi starfsumhverfi hennar allt þróast í þá áttina að skerða starfsánægju hennar og væntingar til þess starfs sem hún var í fyrir atburðinn. Atvinnurekanda hafi verið fullkunnugt um vanlíðan konunnar eftir atburðinn en með aðgerðum sínum eða aðgerðaleysi hafi verið brotið á henni. Það hafði þau áhrif að konunni var gert ókleift að halda starfi sínu áfram óbreyttu. Þannig hafi atvinnurekandi í raun haldið henni frá starfi þrátt fyrir að enn væri gildur ráðningarsamningur fyrir hendi milli þeirra.

Dómurinn felur í sér mikilvægar leiðbeiningar um hvernig atvinnurekendur eigi að bregðast við aðstæðum sem þessum. Samkvæmt honum skal grípa til viðeigandi ráðstafana og gæta þess að slík atvik hafi ekki áframhaldandi áhrif á störf og líðan starfsmanns.

Aðstæður í þessu máli voru þannig að gerandinn, sem var yfirmaður konunnar, var áminntur og hélt því sinni stöðu en þolandinn var færður til í starfi. Því miður er ekki um einsdæmi að ræða heldur þvert á móti virðist sem einelti og/eða kynferðisleg áreitni bitni að jafnaði á þolanda og oftast þannig að að hann kjósi að láta af störfum. Kominn er tími til að venda kvæði í kross. Með breyttum tíðaranda, aukinni þekkingu og auknum skyldum á herðum atvinnurekenda er kominn tími til að einelti, kynferðisleg áreitni eða annað til þess fallið að valda starfsmönnum vanlíðan á vinnustað, bitni ekki á þolanda.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Með lögum skal hné hylja

Í DAG



Pawel Bartoszek
Stærðfræðingur

Á mínum æskuárum í Póllandi var ekki mikið um auglýsingar á opinberum stöðum. Í stað þeirra héngu víða um veggi reglugerðir um hvaðeina sem hinn nýlæsi gat skemmt sér við að skoða. Ég man enn nokkrar þeirra.

Ein fjallaði um hver ætti að fá forgang í biðröðum og við hvaða aðstæður. Önnur fjallaði um hitastig í járnbrautaklefum. Hún hljómaði nokkurn veginn svona:

„1. Reglugerð þessi tekur til hitastillingar miðstöðvar í klefanum og opnunar glugga.

2. Stilling miðstöðvar skal ákveðin í sameiningu af farþegum klefans, sem og það hvort gluggi skuli opinn, og þá hve mikið.

3. Sé uppi ágreiningur um hitastillingu miðstöðvar og opnun glugga skal meirihluti farþega ráða.

4. Sé meirihluti farþega ekki fyrir hendi skal lestarvörð sem ákveður hitastillingu miðstöðvar og opnar eða lokar glugga. Ákvörðun hans er endanleg."

Eins mikill gleðigjafi og umrædd reglugerð var þá reyndi sjaldnast á hana. Miðstöðin virkaði nefnilega aldrei. En reglugerðin var auðvitað ekki hlægileg vegna þess að einstaka lagagreinar hennar hafi verið eitthvað fráleitar. Hún var hlægileg sjálfrar sín vegna: Að einhver hafi ákveðið að binda í lög nokkuð sem fólk er fullfært um að leysa sjálft.

Við Íslendingar höfum gjarnan þá mynd af íslenskum skólum að þar ríki mikið agaleysi, í það minnsta samanborið við önnur lönd. Sú sjálfsmynd er að mörgu leyti rétt. Hins vegar er það ekki svo að í íslenskum grunnskólum gildi engar reglur. Þar gildir fullt af reglum um hvað má og má ekki koma með í skólann, hvað má borða, hvenær má vera með farsíma, hvar á göngunum má ekki hlaupa og svo framvegis. Ætli vandinn sé ekki mun frekar skortur á virðingu gagnvart kennurum og skólaliðum fremur en skortur á reglum?

> Nei, ég ég vil ekki trufla hana. Hvað ef hún tekur þessu illa? Nei, ég hringi bara í Samfés!

Þegar eitthvað er í rugli setur Norðurlandabúinn reglur. Það getur í mörgum tilfellum verið rétt ákvörðun. En gleymum því ekki að markmiðið er ekki reglurnar í sjálfu sér heldur að laga ruglið og gera svo eftirlit óþarft. Bestu reglurnar eru þær sem ekki þarf að framfylgja. Bestu kerfin refsa ekki bara þeim sem haga sér illa, þau umbuna líka þeim sem haga sér vel. Þennan hugsunarhátt vantar stundum.

Nú hefur Samfés ákveðið að setja reglur sem meðal annars banna ungu fólki að bera hné sín á árlegri skemmtun samtakanna. Sagt er að þeim sem ekki fara að reglunum verði vísað í sérherbergi þar sem þeir þurfi að bíða þangað til farið verði heim. Hvort þetta sé dæmi um góðar reglur og réttláta valdbeitingu, það er mér til efs.

Meðal þeirra sem lýst hafa ánægju vegna reglnanna eru ýmsir foreldrar.

Er það ekki tiltölulega augljóst að þeir foreldrar sem vilja ekki að þeirra eigin börn beri á sér hnén eigi að hafa sjálfstraust til að banna þeim það án aðkomu þriðja aðila? Hafi menn svo athugasemdir við hvernig einhver önnur þeim óskyld ungmenni klæða sig, þá verða menn annaðhvort að tala við viðkomandi foreldra eða bara að bíta í það súra. „Ætti ég kannski að tala við mömmu hennar Vigdísar? Nei, ég vil ekki trufla hana. Hvað ef hún tekur þessu illa? Nei, ég hringi bara í Samfés!"

Líkt og með reglur um hitastig í járnbrautarvögnum þá er ekki beint þannig að sjálfar Samfés-reglurnar séu vondar eða illa meintar en tilvist þeirra er dálítið kjánaleg og felur í sér ákveðna vanvirðingu gagnvart þeim sem reglunum er beint til. Það þarf meiri jákvæðni og samráð í störfum með unglingum. Hóprefsingar og valdboð eru vond hugmynd. „Jæja, enn eru sum ykkar að striplast á böllum svo við þurfum bara að setja þessar kjánalegu reglur, börnin góð. Eru ekki allir sáttir?"

Að lokum er klæðnaðarumræðan auðvitað ákveðinn lúxusvandi. Þegar núverandi foreldrar og starfsmenn félagsmiðstöðva voru í 10. bekk voru þeirra foreldrar að ræða leiðir til að halda þeim frá landa og Ingólfstorgi og svipuðu. Flestar rannsóknir sýna að áfengisneysla fólks á unglingastigi hefur minnkað mjög. En þá er bara að ráðast til atlögu við næsta skaðvald: nakin hné.

# Fjandvinir sjávarútvegs

Sjávarútvegur



Sveinn Hjörtur Hjartarson
hagfræðingur hjá LÍÚ

Fjandvinir sjávarútvegsins fara mikinn þessa dagana. Nú þegar Hagstofa Íslands hefur gefið út ritið Hagur fiskveiða og fiskvinnslu 2009 klifa þeir á að atvinnugreinin sé rekin með ofurhagnaði og hann beri að skattleggja. Þetta er sama fólkið og fyrir nokkrum misserum klifaði á því að atvinnugreinin væri ofurskuldsett og illa rekin. Þetta eru í flestum tilvikum sömu aðilar og hafa einnig klifað á því að stjórnkerfi fiskveiða, kvótakerfið, sé ómögulegt og því beri að taka aflaheimildirnar af útgerðinni í eitt skipti fyrir öll.

> Tap sjávarútvegs nam 90% af tekjum árið 2008.

Það er erfitt að fóta sig í þessari umræðu. Hún ber hvorki vott um rök né skynsemi. Yfirbragðið er í anda Morfís-ræðumennsku, sem helgast af því að eiga síðasta orðið, snúa orðræðunni á hvolf ef það hentar.

Samkvæmt samantekt Hagstofu Íslands var afkoma í sjávarútvegi góð á árinu 2009 í sögulegu samhengi. Þrátt fyrir tímabundna lækkun í ársbyrjun 2009 jafnaðist verð á mörkuðum erlendis. Makrílveiðar komu sem óvæntur búhnykkur. Þrátt fyrir að olíuverð sé í sögulegu samhengi hátt lækkaði það á milli ára en hefur nú hækkað aftur. Óvissa í þjóðfélaginu vegna bankahrunsins og hótun stjórnvalda um að brjóta upp stjórnkerfi í fiskveiðum kallaði á mikið aðhald í atvinnugreininni og öll fjárfesting er í lágmarki.

Framlegð í rekstrinum fyrir fjármagnskostnað og afskriftir var skv. samantekt Hagstofunnar 31%, sem er um þriðjungi hærri upphæð en langtímameðaltal framlegðar. Hagnaður greinarinnar er 14%.

Samkvæmt svonefndri árgreiðsluaðferð Hagstofunnar er hagnaðurinn metinn 22%. Aðferðin hefur verið notuð um árabil sem ákveðið reiknað viðmið til þess að leggja mat á afkomuna óháð gengissveiflum, sem geta skekkt til muna niðurstöður ársreikninga á milli ára. Í því samhengi má benda á að tap sjávarútvegs nam 90% af tekjum árið 2008. Þetta þarf að hafa í huga þegar samantekt Hagstofunnar er skoðuð.

Gengi krónunnar hefur mikil áhrif á afkomu sjávarútvegsins. Þegar það var hátt, eins og raunin var frá árinu 2003 og fram til ársins 2007, varð sjávarútvegurinn af gríðarlegum tekjum. Nú þegar gengið hefur lækkað hefur það í för með sér betri afkomu útflutningsatvinnuvega, þar sem tekjur í krónum aukast umfram hækkun tilkostnaðar í landinu. Þetta er einföld þumalputtaregla í efnahagsmálum.

Það sem auðlindaskattssinnar víkja sér undan að vekja máls á er að ef tekin verður upp sú gríðarlega skattheimta sem þeir eru að leggja til verður að lækka gengi krónunnar til lengri tíma. Það veikir ekki aðeins möguleika atvinnugreinarinnar á nýfjárfestingum og búnaði heldur leiðir til verri lífskjara fyrir almenning í landinu, hærra verðs á innfluttum vörum og minni kaupmáttar. Ríkissjóður fær sitt í kassann á kostnað sjávarútvegs og almennings í landinu.


## AÐALFUNDUR ÖSSURAR HF.

## VERÐUR HALDINN FÖSTUDAGINN 4. MARS 2011 KL. 9:00 Í HÖFUÐSTÖÐVUM FÉLAGSINS AÐ GRJÓTHÁLSI 5, REYKJAVÍK

### A. DRÖG AÐ DAGSKRÁ

1. Skýrsla stjórnar félagsins um starfsemi þess á liðnu starfsári.
2. Ákvörðun um hvernig skuli fara með hagnað félagsins á reikningsárinu 2010.
3. Ársreikningur félagsins fyrir liðið starfsár lagður fram til staðfestingar.
4. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna fyrir liðið starfsár.
5. Kosning stjórnar.
6. Kosning endurskoðenda.
7. Skýrsla stjórnar um kjör stjórnar og æðstu stjórnenda, áætlaðan kostnað vegna kaupréttarsamninga og framkvæmd starfskjarastefnu.
8. Tillaga um samþykkt nýrrar starfskjarastefnu.
9. Tillaga um heimild til stjórnar að kaupa eigin hluti í félaginu.
10. Tillögur um breytingar á samþykktum félagsins. Meginefni þessara tillagna:
    a. 2. mgr. greinar 2.01 – Endurnýjun á núgildandi heimild stjórnar til að auka hlutafé félagsins, sem framvegis má aðeins nýta í tengslum við fyrirtækjakaup.
    b. 3. mgr. greinar 2.01 – Felld út heimild stjórnar til að auka hlutafé í félaginu. Heimildin rennur út 23. febrúar 2011.
    c. 3. mgr. greinar 4.01 – Umboð gildi aldrei lengur en 1 ár frá dagsetningu þess.
    d. 4. mgr. greinar 4.03 – Hluthafar sem ráða yfir minnst 1/20 hlutafjárins geti krafist hluthafafundar.
    e. 1. mgr. greinar 4.07 – Endanleg dagskrá og allar aðaltillögur, sem koma eiga til atkvæða, skuli birtar eigi skemur en tveimur vikum fyrir aðalfund.
11. Tillaga um að samþykkja ákvörðun stjórnar að óska þess að hlutabréf félagsins verði tekin úr viðskiptum í kauphöll NASDAQ OMX á Íslandi.
12. Önnur mál sem borin hafa verið löglega fram eða aðalfundur hefur samþykkt að taka til meðferðar.

### B. REGLUR UM ÞÁTTTÖKU HLUTHAFA OG ATKVÆÐAGREIÐSLU

Hluthafar eiga rétt á að fá mál sett á dagskrá, leggja fram ályktunartillögur og spyrja spurninga, með skriflegum eða rafrænum hætti, uns endanleg dagskrá og tillögur eru birtar föstudaginn 18. febrúar 2011. Nánari upplýsingar um réttindi hluthafa er að finna á vefsíðu félagsins: WWW.OSSUR.COM/INVESTORS/AGM

Hverjum hlut í félaginu fylgir eitt atkvæði, að frátöldum eigin hlutum sem ekki fylgir atkvæðisréttur. Aðgöngumiðar, atkvæðaseðlar og önnur fundargögn verða afhent á fundarstað. Hluthafar, sem ekki sækja aðalfundinn, geta annaðhvort: a) kosið um dagskrármál með skriflegum eða rafrænum hætti, eða 2) veitt umboð. Beiðni hluthafa um að kjósa með skriflegum eða rafrænum hætti þarf að berast félaginu eigi síðar en 5 dögum fyrir aðalfundinn. Hluthafar geta óskað eftir því að fá atkvæðaseðla senda til sín og þeir geta einnig vitjað atkvæðaseðla í höfuðstöðvum félagsins og greitt þar atkvæði alla virka daga á skrifstofutíma. Atkvæði þurfa að berast félaginu fyrir aðalfundinn. Hluthafar geta annaðhvort veitt skriflegt eða rafrænt umboð að uppfylltum ákveðnum formkröfum sem fram koma á vefsíðu félagsins. Rafræn umboð þarf að senda í gegnum aðgangskerfi hluthafa hjá félaginu. Umboð þurfa að berast félaginu fyrir aðalfund eða á fundarstað. Nánari upplýsingar um atkvæðareglur og notkun umboða er að finna á vefsíðu félagsins: WWW.OSSUR.COM/INVESTORS/AGM

### C. AÐRAR UPPLÝSINGAR

Aðalfundurinn fer fram á ensku.
Skjöl sem lögð verða fyrir aðalfund, þ.m.t. endurskoðaður ársreikningur fyrir árið 2010 og ársskýrsla fyrir árið 2010, auk ályktunartillagna og athugasemda við hvert dagskrármál er að finna á ensku á vefsíðu félagsins: www.ossur.com/investors/AGM. Hluthafar geta einnig nálgast skjölin í höfuðstöðvum félagsins að Grjóthálsi 5, 110 Reykjavík, alla virka daga á skrifstofutíma. Endanleg dagskrá og tillögur verða birtar föstudaginn 18. febrúar 2011. Hluthöfum er hins vegar bent á að samkvæmt grein 63 a. í hlutafélagalögum nr. 2/1995 er hægt að tilkynna um framboð til stjórnar skriflega skemmst 5 dögum fyrir aðalfund. Af þeim sökum verða upplýsingar um alla frambjóðendur til stjórnar kunngerðar eigi síðar en 2 dögum fyrir aðalfund. Aðgöngumiðar, atkvæðaseðlar og önnur fundargögn verða afhent frá kl. 8:15 á aðalfundardag. Aðalfundurinn hefst stundvíslega kl. 9:00. Nánari upplýsingar um aðalfundinn er að finna á vefsíðu félagsins: WWW.OSSUR.COM/INVESTORS/AGM

Reykjavík, 11. febrúar 2011,
Stjórn Össurar hf.

ÖSSUR®

Össur hf. | Grjóthálsi 5 | 110 Reykjavík | 515 1300 | www.ossur.com

Life Without Limitations®

# Homo sapiens

Pistill

Valgarður Egilsson
læknir



Niðurstöður frá atferlis- og umhverfismati vegna tegundarinnar homo sapiens gætu verið þessar:

a) Maðurinn er óvitrari tegund en hann heldur sjálfur – en jafnframt meir sjarmerandi en hann áttar sig á. Með svo lítið vit – þá þarf að fara vel með það. Það þarf að nota sem best, ekki bæla það eða láta blekkjast.

b) Maðurinn lifir á mörkum lífvænlegra skilyrða – dýrin sömuleiðis á útmörkum lífvænlegra skilyrða. Það er í samræmi við lögmál Darwins. Fleiri afkomendur eru bornir í heiminn en hægt er að næra; því eru allir kimar nýttir, allar matarholur, að þeim mörkum að sumir rétt skrimta, en einhverjir falla; það óttast margir. Þeir geta fallið af öðrum ástæðum en fæðuskorti, í átökum, af völdum sjúkdóma, slysa o.s.frv. Fæðuöflun er mikilvægust í augum dýra – og manna reyndar. Hver vera lifir við kennd nokkurs óöryggis alla ævi. Er stöðugt á verði.

c) Kennd óöryggis stýrir mjög mörgum gjörðum mannsins. Af greinum a, b og c leiðir d: að maðurinn er auðginntur, lætur ginnast, tekur boði um gull og græna skóga fegins hendi. Og gagnrýnislaust. Hann véfengir ekki.

d) Það er ekki til svo hrikaleg hugmynd að ekki megi selja hana fólkinu með áróðri og kænsku, dæmin eru næg úr sögu mannanna, svo sem hrikalegar hugmyndir frá Rúanda eða nazisminn eða grimmdaræði víkinganna eða styrjöld í Súdan eða þegar hvítir menn komu fyrst til N-Ameríku eða Tasmaníu.

Hugmyndin um erfðasyndina var markaðssett með sérstakri snilld, og í kaupbæti var himnaríki. Seldist vel. Erfðasyndin er hryllileg hugmynd. Líklega orðin til sem valdatæki, vopn. Selst vel. e) Maðurinn er nokkuð langt frá fullkomleikanum. Hann er ekki syndugur fyrir að vera það.

# Fúsk og flækjur

Ríkisfjármál

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson
formaður Framsóknarflokksins



Í flestum vestrænum ríkjum gera menn sér grein fyrir því hversu mikilvægt það er að skattkerfið sé ekki of flókið. Ég var nýlega í Albaníu þar sem erfiðleikarnir eru miklir en hagvöxtur og uppbyggingarstarf eru nú komin á fullan skrið og það þökkuðu heimamenn því að skattkerfið hefði verið einfaldað. En hér, þar sem ómæld tækifæri eru til staðar, er stöðugt verið að auka flækjustig skattkerfisins.

### Letjandi áhrif á launþega og fyrirtæki

Skattahækkanir og auknar flækjur hafa mjög letjandi áhrif á launþega. Menn sjá sér ekki lengur hag í að vinna og framleiða verðmæti. Samfara því eykst svört atvinnustarfsemi til muna. Sú þróun er nú þegar hafin. Hækkun tryggingagjalds dregur úr hvatanum fyrir fyrirtæki til að ráða starfsfólk og skapar aukinn hvata til að draga saman seglin og fækka fólki.

### Fúsk og flækjur

Lagasetning ríkisstjórnarinnar til að hækka skatta og flækja skattkerfið hefur oft verið óvönduð og fljótfærnisleg síðastliðin tvö ár. Lítill tími er gefinn fyrir athugasemdir frá sérfræðingum sem síðan er ekki farið eftir. Sem dæmi um slíkt má nefna tilraun til að skattleggja gengismun á innlánsreikningum í erlendum gjaldmiðlum. Ýmsir ráðgjafar efnahags- og skattanefndar bentu á að ákvæðið væri óframkvæmanlegt en á þá var ekki hlustað. Þegar svo kom í ljós að þeir höfðu rétt fyrir sér var lögunum breytt. Hins vegar gleymdist þá að taka til baka aðra reglu sem var í mótsögn við nýju leiðréttu regluna, og því ekki útséð með málið enn. Aðrar lagabreytingar hafa byggt á reiknireglum sem fólu í sér stærðfræðilega þversögn eða virka með beinum hætti letjandi á fjárfestingar. Dæmi um þetta er breyting á skattlagningu á eftirgjöf skulda sem leiðir til þess að það borgar sig ekki skattalega fyrir fyrirtæki að fjárfesta í vélum, húsnæði og öðrum fastafjármunum fyrr en eftir árið 2014.

Svona fúsk leiðir til þess að maður spyr sig hvort raunverulega sé verið að reyna að halda fjárfestingu niðri? Eftir breytingu á skattalögum árið 2010 var fjölmörgum félögum í eigu erlendra aðila sem stundað hafa alþjóðlega fjármálastarfsemi hér á landi slitið. Áætlaðar tapaðar skattgreiðslur vegna þessara fyrirtækja nema 3 milljörðum kr. á ári. Að auki hafa þessi félög keypt þjónustu fyrir umtalsverðar fjárhæðir sem einnig tapast nú úr hagkerfinu.

Breytt skattlagning arðs til hluthafa í félögum þar sem þeir starfa sjálfir kemur mjög illa við lítil fyrirtæki, sérstaklega nýsköpunarfyrirtæki þar sem frumkvöðlarnir starfa oft sjálfir. Afleiðingin er sú að fyrirtækin flytja í burtu, sérstaklega nýsköpunarfyrirtæki þar sem frumkvöðlar eru oft hluthafar. Í stað þeirra eru fyrirtæki stofnuð erlendis og hagnaðurinn skilinn eftir þar. Á þennan hátt hafa skattahækkanir og skattkerfisbreytingar ríkisstjórnarinnar sem ætlað er að auka tekjur ríkisins í raun þveröfug áhrif.

> Lagasetning ríkisstjórnarinnar til að hækka skatta og flækja skattkerfið hefur oft verið óvönduð og fljótfærnisleg síðastliðin tvö ár.

Í stað þess að laga skattkerfið að aðstæðum og skapa stöðugleika hafa verið innleiddar skattahækkanir og breytingar á skattkerfinu sem hafa þveröfug áhrif. Almenningur sem hefur mátt þola mikla kjararýrnun er skattpíndur og erlendri og innlendri fjárfestingu í atvinnulífinu er haldið niðri með skattkerfi sem refsar fyrir uppbyggingu en verðlaunar stöðnun. Á meðan hækka verðtryggðar skuldir jafnt og þétt með hærri sköttum á neysluvörur.

Alls staðar eru hvatarnir öfugir og vinna beint gegn heimilunum og fyrirtækjum. Tekjuskattur lögaðila hefur verið hækkaður um þriðjung, úr 15% í 20%. Tryggingagjald var hækkað úr rúmum 5% upp í hátt í 9%. Fjármagnstekjuskattur einstaklinga var tvöfaldaður, úr 10% í 20%. Þrepaskipting tekjuskatts var tekin upp að nýju og skatthlutfall einstaklinga miðað við hæsta þrep hækkað úr 37,3% í 46,2%. Eignarskattur var tekinn upp að nýju og virðisaukaskattur hækkaður upp í 25,5%.

Þá eru enn ótaldar ítrekaðar hækkanir á óbeinum sköttum og gjöldum, t.d. bensíngjaldi, áfengisgjaldi, tóbaksgjaldi, vörugjöldum o.fl. Afleiðingin er að fólk hefur sífellt minna fé milli handanna til að kaupa sér sífellt dýrari vörur og þjónustu. Þegar hækkanirnar fara yfir ákveðin mörk dregur úr umsvifum í efnahagslífinu einmitt þegar við þurfum að auka þau. Minni neysla þýðir meira atvinnuleysi og aukinn kostnað fyrir ríkið. Þetta er vítahringur sem erfitt er að losna út úr.

### Lægri skattar = hærri tekjur ríkissjóðs

Í skattkerfisgreiningu frá KPMG kemur fram að reynslan frá undanförnum árum og áratugum sýni að í hvert sinn sem skattar voru lækkaðir jukust skatttekjur ríkissjóðs. Verkefnið „Allir vinna" hefur nú verið í gangi um nokkurt skeið. Þar stendur fólki til boða endurgreiðsla virðisaukaskatts af tilteknum framkvæmdum auk lækkunar tekjuskattsstofns. Verkefnið hefur haft þau áhrif að velta og umsvif hjá iðnaðarmönnum hafa aukist mikið. Því vaknar sú spurning hvort ekki megi yfirfæra þetta verkefni á þjóðfélagið í heild svo umsvif í þjóðfélaginu geti aukist þegar skattar verða lækkaðir.

AF NETINU

### Besti og Samfó í vandræðum

Mótmælin gegn niðurskurðinum í leikskólum, grunnskólum og tónlistarskólum í Reykjavík eru farin að valda nokkurri skelfingu meðal meirihlutans í borgarstjórn.
Eitt af því sem veldur óþægindum er að þeir sem mótmæla mest tilheyra þeim sem ætla má að séu í kjósendahópi Besta flokks og Samfylkingar. En málið er að borgarbúar vita ekki hver hin raunverulega staða er. Það þarf að skýra það út þannig að það sé skiljanlegt hverju mannsbarni – og um leið þarf að koma skýrt fram hvaða stefnu er fylgt í niðurskurði.
Borgarstjórinn gæti jafnvel tekið heilan þátt af „Tvímælalaust" undir þetta og boðið til sín Degi og Oddnýju.

silfuregils.eyjan.is/

Egill Helgason

Skráðu þig í netklúbbinn - VITA.is

EVRÓPURÚTUR 2011




**Einstök vorferð til Spánar og Portúgal 28. mars – 9. apríl í 12 nætur.**

Gist á 4 stjörnu hótelum allan tímann. Einungis tvö hótel alla ferðina. Fyrstu tvær næturnar er dvalið í Sevilla á Spáni og Cordoba er heimsótt.

Eftir það er farið til Isla Canela og gist við ströndina á landamærum Portúgal og Spánar (allt innifalið). Farið verður í ýmsar skoðnarferðir þaðan skv. ferðalýsingu.

Verð í tvíbýli: **219.500 kr.*** og 15.000 Vildarpunktar
Fyrir einbýli er 46.000 kr. aukagjald.
Innifalið: Flug, skattar, sigling, gisting með fæði og skoðunarferðir skv. ferðalýsingu.
*Verð án Vildarpunkta 229.500 kr.

**Berlín, Dresden og Prag 9. – 21. júní í 12 nætur. Þrjár af fallegustu borgum Miðevrópu.**

Berlín á sér ótrúlega sögu og hefur þróast töluvert öðruvísi en aðrar borgir Mið-Evrópu. Andrúmsloftið og menningin er einstök.
Prag er rómuð fyrir fallega byggingarlist enda er hún ein af fáum borgum Evrópu sem hefur sloppið vel frá styrjöldum síðust 600 ára og því er þar margt að sjá.

Dresden er sú borg fyrrum Austur-Þýskalands sem hefur tekið einna mestum breytingum með endurbyggingu eyðilagðra mannvirkja sem hæfa hinu undurfagra landslagi, sem oft er nefnt saxneska Sviss.

Gist á 4 stjörnu hótelum allan tímann.
Einungis tvö hótel alla ferðina, bæði miðsvæðis.
Bílstjóri er Grétar Hansson (salerni í rútunni).

Verð í tvíbýli: **215.000 kr.*** og 15.000 Vildarpunktar
Fyrir einbýli er 64.000 kr. aukagjald.
Innifalið: Flug, skattar, leikhús, akstur, 10 kvöldverðir og skoðunarferðir skv. ferðalýsingu.
*Verð án Vildarpunkta 225.000 kr.

**Miðevrópudraumurinn 9. – 22. ágúst í 13 nætur. Þessi ferð er vel þekkt og löngu orðin klassísk.**

Í þessari ferð fá þátttakendur á silfurfati undurfagra og tilbreytingarríka náttúru en um leið höfum við það ákaflega náðugt og skemmtilegt umlukt hinum risavöxnu Ölpum, þeim þýsku, austurrísku, ítölsku og svissnesku.

Gist á 3-4 stjörnu hótelum allan tímann og sjaldan skipt um hótel.
Bílstjóri er Grétar Hansson (salerni í rútunni).

Verð í tvíbýli: **249.500 kr.*** og 15.000 Vildarpunktar
Fyrir einbýli er 50.000 kr. aukagjald.
Innifalið: Flug, skattar, akstur, 12 kvöldverðir, vínsmökkun, Tírólaskemmtun, og skoðunarferðir skv. ferðalýsingu
*Verð án Vildarpunkta 259.500 kr.

ÍSLENSKA SIA.IS VIT 53423 01.2011

Nánari upplýsingar gefa Silja Rún og Guðný í síma 570 4444 (Vita sport).
Sjá myndasafn úr ferðum á Evrópurútur Frissa á www.vita.is

VITA er í eigu Icelandair Group.

VITA er lífið

VITA | Skútuvogi 13a | Sími 570 4444



**Kvikmyndasafnið** sýnir kvikmyndina Les plages d'Agnés í leikstjórn Agnés Varda á morgun klukkan 16. Myndin er sjálfsævisöguleg heimildarmynd, rökrétt framhald á því samtengda heimildarverki sem Varda hófst handa við að skapa um miðjan áttunda áratuginn.



FRÉTTABLAÐIÐ

**Sölufulltrúar: Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Þórdís Hermannsdóttir** thordish@365.is 512 5447

RÓMATÍSK
VALENTÍNUSARHELGI
Á GEYSI
FRÁ KL. 18[00]



Lifandi tónlist frá kl. 19[00] á sunnudagskvöld **Ingi Gunnar** spilar fyrir matargesti

AÐALRÉTTUR

Pönnusteikt andabringa með kartöfluköku og karríkókossósu

EFTIRRÉTTUR

Tiramisu a la Geysir með jarðarberjum

kr. 3.990,-

GEYSIR
Bistro

Aðalstræti 2 | 101 Reykjavík | Sími: 517 4300
www.geysirbistro.is | Borðapantanir

**Jóhanna Guðrún Gunnarsdóttir kennari á uppskrift að ljúffengri eggjaköku frá Napólí.**

# Leyndarmál ítalskra húsmæðra



FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Þetta er best geymda leyndarmál ítalskra húsmæðra, og -feðra, og nokkuð sem allir hagsýnir kokkar ættu að þekkja," segir Jóhanna Guðrún Gunnarsdóttir ítölskukennari um uppskrift að ítalskri eggjaköku gerðri úr afgöngum.

Rétturinn er ættaður frá Napólí og kallast á frummálinu La frittata di maccheroni, sem mætti lauslega þýða sem eggjaköku hagsýninnar. Jóhanna skipuleggur námsferðir fyrir Íslendinga til Le Marche héraðsins á Ítalíu í samstarfi við tungumálaskólann Edulingua á sumrin. Uppskriftina lærði hún af heimamönnum og finnst gott að geta gripið í hana enda unnandi ítalskrar matargerðar og hagsýn að eðlisfari.

„Ég nota afganga af ýmsu pasta í hagsýniskökuna mína, hvort sem það er penne, vermicelli eða spagettí, enda hendir maður ekki ljúffengum afgangi af góðum pastarétti frá kvöldinu áður, sérstaklega ekki ef aðeins þarf að bæta nokkrum eggjum út í daginn eftir. Ég umbreyti líka stundum penne all'arrabbiata í svona köku, þar sem nóg er af beikoni í þeim pastarétti, sem gerir hana mýkri og matarmeiri en ella og eins er sérlega ljúffengt að nota afgangs risotto," segir Jóhanna, sem kýs að hafa kökuna sem meðlæti eða með smá brauði. „Það er að segja ef bóndinn er ekki búinn að klára," getur hún brosandi og segir námsfúsa svo geta sent póst á johannag@hi.is.

*roald@frettabladid.is*

## SÆLKERARÉTTUR FRÁ NAPÓLÍ



Eggjakaka **fyrir 2**

Afgangur af pasta (frá kvöldinu áður)
4 egg
salt og pipar eftir smekk
örlítið af mjólk
Parmigiano di Reggiano ostur
nokkrar sneiðar af mozzarella

*Takið afgang af pasta frá kvöldinu áður og setjið í skál. Sláið út í það fjórum eggjum (fer eftir pastamagni), stráið smá salti og pipar yfir og vætið með ögn af mjólk, gætið þó þess að hræringurinn sé ekki blautur. Rífið niður slatta af Parmigiano di Reggiano osti. Hitið olíu á pönnu og skellið hræringnum á pönnuna þegar hún er orðin vel heit. Skellið loki á pönnuna þegar hræran er orðin föst í sér og gyllt í botninn og hvolfið henni af öryggi í lokið. Leggið kökuna öfuga á pönnuna svo hún steikist báðum megin. Bræðið nokkrar sneiðar af mozzarella ofan á. Leyfið köku að kólna og lyfta sér svo auðvelt sé að skera hana í sneiðar. Stráið yfir hana basil, rucola eða steinselju rétt áður en hún er borin fram.*




*Eva Sveinsdóttir*
*Margfaldur Íslandsmeistari í Icefitness*

Þau vita hvað þarf til að ná árangri

enda afreksfólk í fremstu röð og vel að sér um næringu og heilsu.

Heilsuréttirnir okkar eru sérstaklega hollir og góðir, fullir af fersku grænmeti, nær fitulausir og án salts og sykurs. Heilsuréttir Nings innihalda mikið af trefjum, hæfilegt magn próteina og góð kolvetni. Heilsuréttirnir eru kryddaðir með ferskum engifer, hvítlauk og chilli.



*Sveinbjörn Sveinbjörnsson*
*Margfaldur BootCamp- og Crossfitt meistari Íslands*

NINGS

TRANS FITA
MSG

Heilsuréttir Nings
og kroppurinn blómstrar

Suðurlandsbraut 6 • Stórhöfða 17 • Hlíðasmára 12
Sími 588 9899 • www.nings.is



**Ólöf Nordal** ræðir við gesti um verk sín á sýningunni Þjóðleg fagurfræði, sem nú stendur yfir í Listasafni Árnesinga, á sunnudag klukkan 15. Ólöf ræðir þar almennt um eigin listsköpun, aðferðafræði að baki henni og viðfangsefni.


ÚTSALA ÚTSALA ÚTSALA

Aðeins fjögur verð í búðinni af útsöluvörum

50-70%
AFSLÁTTUR

1.990 • 3.990 • 4.990 • 5.990

MIND
Smart verslun fyrir konur - Firði Hafnarfirði
Sími 534 0073

FJÖRÐUR
www.fjordur.is


# Fær enn aðdáendabréf

**Söngkonan Jóhanna Guðrún Jónsdóttir tekur þátt í forkeppni Eurovision hérlendis í annað sinn á laugardagskvöld. Jóhanna segist aldrei hafa búist við því að taka aftur þátt og ákvörðunin hafi því verið stór.**



Jóhanna Guðrún með bikar sem hún fékk árið 2009 þegar vefsíðan ecstoday.com valdi hana bestu söngkonuna í Eurovision-keppninni í Moskvu.

„Ég var búin að ákveða með sjálfri mér að keppa ekki aftur í Eurovision. Bæði vegna þess hve vel gekk og minningarnar frá því að ég keppti í Moskvu eru svo góðar og fallegar. Ég vildi ekki skemma þær með einhverju sem væri ekki eins gott. En svo heyrði ég þetta lag og varð alveg ástfangin af því og ákvað að slá til,“ segir Jóhanna Guðrún, sem flytur lagið Nótt sem í enskri útgáfu kallast Slow Down. María Björk Sverrisdóttir er höfundur lagsins ásamt Svíunum Beatrice Eriksson og Marcus Frenell.

Jóhanna Guðrún segir keppnina árið 2009 hafa gert góða hluti fyrir sig sem tónlistarmann. Henni berast enn bréf frá aðdáendum lagsins. Bréfin eru aðallega frá Tyrklandi, Rússlandi, Úkraínu og Möltu en líka þónokkur frá Danmörku og Spáni. „Jú, mér finnst það voða sætt. En ég hef líka fengið tækifæri í kjölfar keppninnar árið 2009 til að vinna með góðu fólki, ferðast um alla Evrópu og syngja á stórum viðburðum. Þannig hef ég ferðast mikið og var í Svíþjóð að syngja frá nóvember og út árið.“

Söngkonan hefur ákveðna rútínu við söngæfingarnar sem hún bregður aldrei út af. Hún drekkur kamillute með hunangi sem kallast Manuka sem er sótthreinsandi fyrir hálsinn og tekur æfingarnar alvarlega, enda mikil keppnismanneskja. „Ég tek keppnina mjög alvarlega, mæti vel undirbúin og er því ekki stressuð, það er lykilatriðið. Maður sá það í Moskvu hvað þetta er alvarleg keppni og hvað það liggur mikil vinna að baki,“ segir Jóhanna og segist fullviss um að það hjálpi frekar en hitt að hafa keppt áður.

„Á stærstu erlendu Eurovision-vefsíðunni, esctoday.com, þar sem hægt er að kjósa milli þeirra laga sem eru í forkeppni hvers lands, fékk Nótt tæplega 70 prósent atkvæða í vefkosningu. Ég er bjartsýn á að það hjálpi mér, að ég eigi eitthvað inni eftir Moskvukeppnina og er kannski komin á blað hjá þeim þjóðum sem eru ekki gjafmildar á atkvæði til okkar,“ segir Jóhanna. En ef svo fer að hún fari út til Þýskalands – er hún bjartsýn á sigur? „Ég get ekki lofað fyrsta sæti en ég get lofað skemmtilegu Eurovision-kvöldi. Ég geri mitt besta.“

*juliam@frettabladid.is*


Einar Ben
RESTAURANT

Haf og hagi



EXPO - www.expo.is

**Við bjóðum upp á spennandi þriggja rétta máltíð út febrúar!**

Skemmtilegt úrval af því besta fáanlega hráefni úr haganum og hafinu sem Ísland hefur upp á að bjóða!

Pantaðu núna!

Sími: 511 5090
Netfang: einarben@einarben.is
Heimasíða: www.einarben.is


# Hamingjubros verkfræðinema

**Verkfræðinemar Háskóla Íslands verja laugardögum suður í Hafnarfirði við verknám í vélsmíði og rennismíði við Iðnskólann.**

Nemendurnir, sem að þessu sinni eru 72 talsins, sækja skólann sex laugardaga í janúar og febrúar og fá verklega kennslu í rennismíði, rafsuðu, logsuðu, plötusmíði og handavinnu. Þeir læra að klippa, beygja, punktsjóða, bora og snitta. Fjórir kennarar Iðnskólans sjá um hópinn; Þór, Leifur, Ólafur Bjarni og Ragnar Þórisson deildarstjóri, sem sér um skipulagningu námsins fyrir verkfræðinemana af hálfu Iðnskólans. Tilgangur þessa námskeiðs er að kynna fyrir þeim tvær iðngreinar: vélsmíði og rennismíði. „Það má segja að við séum að gera verkfræðinemana tehæfa því að þeir kynnast átta ára námi á fjórum helgum“ segir Ragnar. Enn fremur segir hann að nemendur séu mjög ánægðir. „Eitt hamingjubros“.

Þetta er fimmta árið sem verkfræðinemar Háskóla Íslands fá leiðsögn í Iðnskólanum í Hafnarfirði og hefur samstarfið verið mjög gott. Þessi fimm ár hafa rúmlega 300 nemendur verkfræðideildar Háskóla Íslands fengið kennslu í Iðnskólanum. Af hálfu Háskólans er það Helgi Jónsson, kennari og einnig starfsmaður Össurar, sem heldur utan um nemendur og skipulagninguna, en hjá Össuri er einmitt eitt stærsta rennismíðaverkstæði landsins. Ársæll Guðmundsson skólameistari segir að samstarfið við HÍ sé afar ánægjulegt og að mikilvægi þekkingar verkfræðinga á handavinnunni sé öllum orðið löngu ljóst enda dugi ekki að læra af bókinni einni saman. „Sannast hér enn og aftur að best er ef hugur og hönd vinna sem eitt,“ segir Ársæll.

*fridrikab@frettabladid.is*



„Best er ef hugur og hönd vinna sem eitt,“ segir Ársæll Guðmundsson, skólastjóri IH. Með honum á myndinni er Leifur Halldórsson, kennari við Iðnskólann í Hafnarfirði. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



# föstudagur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS 11. febrúar 2011

## Una Hlín Kristjánsdóttir er athafnasöm

- Dönsk götutíska
- Flottar yfirhafnir
- Veronica B. Vallenes


21,5"
7 ára
AFMÆLISTILBOÐ

- Athlon II X250 3,0GHz DualCore AM3
- 4GB DDR3 1333MHz Corsair
- 500GB SATA 3 WD
- AMD HD3000 skjástýring
- LG 21,5" LCD 1920x1080
- Windows 7 Home Premium 64bita

COOLER MASTER
Logitech
LG

TÖLVU PAKKI
Kr. 99.950
AFMÆLISTILBOÐ

@tt.is
Allt tölvutengt á betra verði

SÆKTU EÐA FÁÐU SENT • SENDINGARKOSTNAÐUR AÐEINS KR. 750 HVERT Á LAND SEM ER • VERSLUN Í BÆJARLIND 1-3 • 201 KÓPAVOGI
• SÍMI 569 0700
• WWW.ATT.IS

# núna

✻ Ekki missa af

**LITAGLEÐI PÁFUGLSINS** Ný lína frá snyrtivöruframleiðandanum Mac er komin á markað. Línan nefnist Peacocky og líkt og nafnið gefur til kynna er hún innblásin af litum páfuglsins. Mega metal-augnskuggarnir eru kremaðir en setjast samt sem áður ekki í hrukkurnar við notkun og haldast sérstaklega vel.



## blogg vikunnar



**Finnsk flottheit** Blogg sem skrásetja götutísku í myndum og máli hafa verið afskaplega vinsæl undanfarin ár. Eitt slíkt blogg er www.hel-looks.com sem birtir myndir af íbúum Helsinki, höfuðborgar Finnlands. Þar má sjá myndir af ýmsum skrautlegum persónum sem klæðast allt frá hátískuflíkum niður í goth-fatnað.

**Beint frá LA** Svala Björgvinsdóttir hóf að blogga í um mitt síðasta ár og heldur úti stórskemmtilegu tískubloggi þar sem hún fjallar um tísku, kvikmyndir, tónlist og annað tískutengt efni. Bloggið má finna á slóðinni www.killakali.tumblr.com.



Mikið af efnilegum hönnuðum á tískuvikunni í Kaupmannahöfn:

# TÍSKUPÚLSINN SLÆR FAST

Tískuvikan í Kaupmannahöfn fór fram dagana 2. til 6. febrúar og þar var allt það besta í danskri og skandinavískri hönnun kynnt fyrir fjölmiðlum og kaupendum. Hátíðin er sú stærsta sinnar tegundar á Norðurlöndunum og var Föstudagur viðstaddur til að taka tískupúlsinn í Kaupmannahöfn.

Það voru margar áhugaverðar sýningar í boði á tískuvikunni og má þá helst nefna sýningu bARBARA í gONGINI, Veronicu B. Vallenes, Henrik Vibskov og Stine Goya. Nemendasýningarnar sýndu einnig og sönnuðu að Danir eiga mikið af efnilegum unghönnuðum sem eiga án efa eftir að halda uppi heiðri danskrar hönnunar í framtíðinni.

Sölusýningar eru einnig fastur liður í tískuvikunni og tóku nokkrir íslenskir hönnuðir meðal annars þátt í CPH Vision-sýningunni sem haldin var í Öxnehallen. Íslensku hönnuðurnir fengu töluverða athygli frá kaupendum og sýndi franska tískuverslunin Collette meðal annars hönnun Sonju Bent mikinn áhuga. Ný haustlína Kron by KronKron vakti einnig mikla lukku og inniheldur hún meðal annars klæðilega kjóla í fallegum bronslitum tónum.

Það er mikil gróska í fatahönnun á Norðurlöndunum og sem betur fer er ekkert lát þar á. *- sm*



**Flottir nýliðar** Útskriftasýning nemenda úr Danmarks Design Skole sýndi að þar leynast margir hæfileikaríkir unghönnuðir.



**Tjásulegt** Ófrágengnir endar og flatbotna skór frá einum nemenda TEKO-hönnunarskólans.

MYND/COPENHAGENFASHIONWEEK




Lambakjötveisla

Nýjung á Íslandi.

**SPOT** einn glæsilegasti veitinga- og skemmtistaður landsins býður nú upp á nýjung á Íslandi. Frá föstudegi til sunnudags verður boðið upp á heilan hrygg eða heilt læri með öllu meðlæti fyrir 4- eða fleiri sem er nýjung á Íslandi á aðeins kr. 2.500 á manninn. Sannkölluð Lambakjötsveisla. Með lambakjöti er mælt með ítölskum rauðvínum, t.d. Tommasi Romeo frá Verona á Ítalíu sem hentar afskaplega vel með lambakjöti hvort sem það er grillað, bakað eða steikt. Til að panta sér Lambakjötsveislu á Spot er hringt í síma: 544-4040.

**Panta þarf með minnst 3ja tíma fyrirvara.**



SPOT

Bæjarlind 6, • Kópavogi • Sími 544 4040 • spot@spot.is • www.spot.is


Holt yfir vetrarmánuðina:

# Grænt og VÆNT



Slappleiki og veikindi herja gjarnan á landann yfir kalda vetrarmánuðina. Notkun vítamína og regluleg hreyfing virka vel sem forvarnir gegn slíkum slappleika en einnig er gott að súpa á hollum og góðum söfum. Safi úr eplum, engifer og myntu er allt í senn hollur, bragðgóður og afskaplega frískandi.

Paz de la Huerta velur varaliti í stíl við kjólinn:

# Varir í stíl við kjólinn

Bandaríska leikkonan Paz de la Huerta hefur vakið athygli bæði fyrir leik sinn í sjónvarpsþáttunum Boardwalk Empire og sérstæðan fatastíl sinn.

Vefsíðan Fashionista.com benti nýverið á að de la Huerta væri gjörn á að velja varalitinn í stíl við kjólinn sem hún er í og oft með æði misjöfnum árangri. Þó það geti lífgað upp á tilveruna að samræma litinn í kjólnum við litinn á handtöskunni verður að passa upp á að slík samræming sé gerð á smekklegan máta. *- sm*



**Dökkar varir** De la Huerta mætti í bronslituðum kjól með bronslitaðan varalit á verðlaunahátíð í lok janúar.


föstudagur

**Útgáfufélag** 365 miðlar ehf. **Umsjón** Sara McMahon **Forsíðumynd** Stefán Karlsson **Útlitshönnun** Kristín Agnarsdóttir **Auglýsingar** Sigríður Hallgrímsdóttir *sigridurh@365.is sími 512 5432* og Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is **Föstudagur** Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000


A WORLD OF INSPIRATION
the PIER
BLÓM FRÁ 390
GLÆRIR DISKAR FRÁ 290
LITLIR VASAR FRÁ 590
DISKUR MEÐ KÚPLI 8990
VASI 1190
RÓMANTÍSK STEMMNING
PLASTDISKUR MEÐ KÚPLI 4990
SNYRTIVÖRUR FRÁ 490
VASAR FRÁ 690
PÚÐAR FRÁ 2990
KERTI 690
the PIER
SMÁRATORG 522 7860 • KORPUTORGI 522 7870 • GLERÁRTORGI 522 7880

# SETTI MARKIÐ

**Una Hlín Kristjánsdóttir ákvað stuttu fyrir 29 ára afmælisdaginn að stofna eigið hönnunarfyrirtæki, opna verslun og ferðast til Indlands áður en hún yrði þrítug. Allt þetta hefur hún afrekað síðan þá og gott betur.**

*Viðtal:* **Sara McMahon**
*Ljósmyndir:* **Stefán Karlsson**
*Fatnaður:* **Royal Extreme**



**Kraftmikil** Una Hlín Kristjánsdóttir hefur áorkað miklu þrátt fyrir ungan aldur. Hér sést hún ásamt einkadóttur sinni, Söru Kamban.

Una Hlín er uppalin í Breiðholtinu og kemur úr stórri fjölskyldu þar sem líf og fjör ríkti á heimilinu. Systkinin eru sex talsins og vegna þessa segist Una Hlín helst alltaf vilja hafa mikið af fólki í kringum sig. „Mamma afrekaði það að eignast fjögur börn á rúmu tveimur og hálfu ári. Ég og tvíburabróðir minn erum yngst í systkinahópnum,“ segir Una Hlín brosandi. Hún flutti að heiman aðeins sautján ára gömul, eftir að foreldrar hennar skildu, og ákvað þá að gerast au pair í London í hálft ár. „Ég sá auglýsingu í blaðinu á fimmtudegi og var flutt út á sunnudegi. Ég hef alltaf verið mjög óhrædd við að prófa nýja hluti og ætli það megi ekki segja að ég sé svolítill spennufíkill, mér finnst gaman að taka áhættu,“ segir hún og hlær.

## HÆTTI VIÐ FÉLAGSRÁÐGJÖF

Áhuginn á fatahönnun gerði snemma vart við sig og á unglingsaldri fjöldaframleiddi Una Hlín útvíðar buxur á vinkonur sínar í handmenntatímum. Hún fékk fyrstu saumavélina sína í fermingargjöf og viðurkennir að hún hafi átt erfitt með að segja bekkjarsystkinum sínum frá gjöfinni, þar sem hún þótti svo hallærisleg. „Strákunum fannst þetta rosalega kerlingarlegt. Flestir jafnaldrar mínir höfðu fengið þriggja diska Aiwa-hljómflutningsgræjur í fermingargjöf en ég fékk langþráða saumavél.“

Aðspurð segist Una Hlín alltaf hafa haft mikinn áhuga á tísku en að hún hafi upphaflega saumað til þess að geta verið klædd samkvæmt tískunni. „Það voru ekki alltaf til peningar til að kaupa tískuföt og þess vegna byrjaði ég að sauma. Ég saumaði til að vera smart,“ segir hún glaðlega. Að sögn Unu Hlínar er fjölskylda hennar nokkuð listhneigð og nefnir sem dæmi að eldri systir hennar, Hugrún Hrönn, gaf út sína fyrstu skáldsögu fyrir jól og tvíburabróðir hennar starfar sem grafískur hönnuður. „Ég held að þetta blundi í okkur öllum systkinunum. Mamma er líka mjög listræn, afi er tónlistarmaður og föðuramma mín var skáldkonan Sóley í Hlíð þannig að við höfum ekki langt að sækja þetta.“

Una Hlín hóf nám á handiðnaðarbraut Fjölbrautaskólans í Breiðholti og lauk svo stúdentsprófi í almennri hönnun frá Iðnskólanum í Reykjavík. Hún hafði áður íhugað að leggja stund á félagsráðgjöf þar sem henni þóttu atvinnumöguleikar fatahönnuða ekki góðir en ákvað svo að láta hjartað ráða för í stað skynseminnar. „Ég var svolítill slugsi við námið á þessum tíma. Ég vann á börum með náminu og passaði mig alltaf að eiga fyrir leigunni en borðaði og drakk svo út launin mín, maður naut þess að lifa bóhemalífinu og vera ungur. Ég varð síðan ólétt 22 ára gömul og ákvað að það væri kominn tími til að gera eitthvað af viti. Ég nýtti fæðingarorlofið mitt í að sauma og hanna og sótti svo um í fatahönnun í LHÍ og komst inn.“

## DÁIST AÐ DÓTTURINNI

Una Hlín á dótturina Söru Kamban, sem er að verða sjö ára gömul, og segir stúlkuna vera mikinn fjörkálf. Hún segist njóta móðurhlutverksins í botn og að hennar sögn eru þær mæðgur mjög nánar. „Hún situr oft með mér og teiknar á meðan ég hanna og það er svo gaman að sjá öll smáatriðin sem hún teiknar, hún passar upp á að teikna rennilása og alla sauma og þess háttar,“ segir Una og brosir. Hún skildi við barnsföður sinn fyrir fjórum árum og viðurkennir að það geti tekið sinn toll að vera einstæð móðir. „Það getur verið erfitt, en ég er svo heppin með það hvað hún er meðfærileg og ég get alltaf höfðað til skynsemi
hennar. Ég viðurkenni að það getu
bitnað á svefninum að vera ein me
barn og að reyna að koma fyrirtæk
á laggirnar. En ef maður hefur áhug
ann getur maður allt,“ segir hú
hlæjandi og bætir við að hún o
barnsfaðir hennar séu góðir vinir o
hjálpist mikið að.

Una ákvað að hætta í LHÍ á lokaön
sinni og fara þess í stað út á vinnu
markaðinn. Hún sótti um vinnu hj
tískumerkinu Andersen & Lauth o
var ráðin sem aðstoðarhönnuður o
framleiðslustjóri. „Ég tók þá ákvörð
un að hætta í skólanum af því ég va
orðin svo þreytt á því að vera allt
af blönk. Ég var búin að vera í nám
svo lengi og var komin með nóg o
langaði mikið út á vinnumarkaðin
og næla mér í reynslu þaðan. Vin
kona mín var að vinna hjá Andersen
& Lauth á þessum tíma og hvatti mi
til að sækja um, sem ég gerði, og þa
vann ég svo næstu árin.“

Þegar Una Hlín varð 29 ára gömu
gerði hún lista með hlutum sen
hana langaði að hafa komið í fram
kvæmd áður en hún yrði þrítug og

## * myndaalbúmið



**Þarna erum við systkinin saman, það vantar reyndar Sigríði Sóleyju, elstu systur mína, á myndina. Frá vinstri er það Hugrún Hrönn, ég, Ingveldur Halla, Erla Björg og Hólmsteinn Össur.**



**Þarna er pabbi á leið í skytterí en hann var mikill veiðimaður.**



**Þarna er ég sex ára. Hugrún, systir mín, var að æfa sig í ljósmyndun og var búin að gela á mér hárið fyrir þessa töku. Mér fannst það brjálæðislega spennandi.**


7 FLÍKUR Á 7.000 kr.

FÖSTUDAG, LAUGARDAG, SUNNUDAG OG MÁNUDAG.

rokk og rósir

LAUGAVEGUR 17 - SÍMI: 551 5656

FRÉTTIR | VIÐSKIPTI | ÍÞRÓTTIR | LÍFIÐ | UMRÆÐAN

MEIRI AFÞREYING

m.visir.is
Fáðu Vísi í símann og iPad!

Deildu Vísi með öðrum. Þeir sem setja „like“ við Vísi á Facebook geta unnið óvænta vinninga í hverri viku.

Meiri Vísir.

visir.is





Auður Rán Þorgeirsdóttir og Skúli Gautason, framkvæmdastjórar Vetrarhátíðar í Reykjavík, halda utan um Safnanótt. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Hvað er Íslendingur?

**Á samsýningunni Íslendingur á Safnanótt leggja öll söfn höfuðborgarsvæðisins fram sitt sýnishorn af því hvað er Íslendingur. Sýningin er þannig eins og púsluspil þar sem safngestir fá eitt púsl á hverju safni.**

Samsýningin Íslendingur er nýstárleg að því leyti að öll söfn á höfuðborgarsvæðinu standa saman að einni heildarsýningu. Safngestir geta þannig ferðast á milli safna og skoðað framlag hvers safns fyrir sig til sýningarinnar. Skúli Gautason og Auður Rán Þorgeirsdóttir eru framkvæmdastjórar Vetrarhátíðar í Reykjavík en Skúli segir það hollt að velta því fyrir sér hvað það sé sem gerir okkur að Íslendingum.

„Þetta er í fyrsta sinn sem öll söfnin á höfuðborgarsvæðinu standa saman að sýningu sem þessari. Hverju safni var í sjálfsvald sett hvernig það vildi túlka viðfangsefnið, Íslendinginn, og það er mjög gaman að sjá hvað útkoman er fjölbreytt og hvað söfnin hafa verið skapandi í sinni túlkun. Mörg söfnin eru mjög gagnrýnin á hugtakið sem er skemmtilegt,“ segir Skúli.

Þar sem sýningin er eins konar púsluspil, með einu púsli á hverju safni, verður heildarmyndin af Íslendingnum þeim mun skýrari eftir því sem fólk nær að heimsækja fleiri söfn.

„Íslendingurinn getur birst alveg frá því að vera „venjulegur“ núlifandi Íslendingur úr samtímanum þannig að gestir geta hreinlega spjallað við sýningargripinn um það sem þeim sýnist. Annars staðar getur að líta beinagrindur af löngu látnum Íslendingum. Þá má sjá hvernig Íslendingurinn birtist í gömlum skjölum, annálum, myndverkum eða skáldskap.“

Söfnin eru rúmlega þrjátíu sem taka þátt í samsýningunni sem er opin frá klukkan 19-24 á föstudaginn. „Á nokkrum söfnum verður tekið fyrir hvernig utanaðkomandi sjá Íslendinginn. Má þar nefna að í Norræna húsinu er sýning þar sem fimm Pólverjar taka saman hitt og þetta sem þeim finnst einkenna Íslendinga. Þá er gaman að segja frá því að Íslendingurinn þarf ekki endilega að vera mannvera. Til dæmis er Íslendingur á Náttúrufræðistofu Kópavogs sem hefur búið hér frá því áður en Ísland varð til í þeirri mynd sem við þekkjum það. Þar er um að ræða marfló sem lifir í ferskvatnskerfum jarðhitasvæða.“

## ● FLJÚGÐU, FLJÚGÐU

Safnanæturleikurinn er sívinsæll enda geta allir tekið þátt. Þátttakendur þurfa að svara léttum spurningum um það sem fer fram á söfnunum og safna stimplum. Síðan er að minnsta kosti fjórum réttum svörum og fjórum stimplum skilað til Höfuðborgarstofu, Aðalstræti 2, fyrir föstudaginn 25. febrúar.



Þátttökuseðla fyrir leikinn má nálgast á öllum söfnum sem taka þátt í Safnanótt, í MP banka og hjá Flugfélagi Íslands. Vinningarnir eru ekki af verri endanum, þrjár ferðir fyrir tvo til Ísafjarðar, Akureyrar eða á Austurland í boði Flugfélags Íslands. Á hverjum stað verður boðið upp á ýmsa skemmtun og allir vinningshafar fá nýja Menningarkortið frá Reykjavíkurborg og MP banki gefur rafrænt gjafakort með 15 þúsund króna inneign.



## ● LEIÐSÖGUMENN Í SAFNANÆTURSTRÆTÓ

Líkt og fyrri ár gengur sérstakur Safnanæturstrætó á milli safnanna í dag og auðveldar gestum að heimsækja mörg söfn á einu kvöldi. Með honum er hægt að ferðast ókeypis á milli allra safnanna. Sérstakir leiðsögumenn með grænar húfur fræða farþega um það sem er í vændum á næsta safni og sprella ögn. Í stíl við húfurnar verða söfnin með græn ljós yfir dyrum sínum til að vísa gestum veg.

Leiðirnar eru fjórar en áætlun Safnanæturstrætó er að finna á síðu 3 í þessu blaði.

## Ávarp borgarstjóra

# Góðir Reykvíkingar



Vetrarhátíð í Reykjavík hefst í kvöld. Að venju verður boðið upp á fjölbreytta listviðburði, fræðslu og menningu. Vel á annað hundrað uppákomur verða hér og þar í borginni, hver annarri skemmtilegri. Mig langar mest til að telja þær allar upp en það er því miður ómögulegt í stuttri grein. Í staðinn bið ég ykkur að skoða dagskrána vel.

Vetrarhátíð í Reykjavík er fjölskylduskemmtun sem einkennist af sköpunargleði, hugkvæmni og listrænni tjáningu. Hátíðin verður sett með gjörningi í Hallargarðinum við Fríkirkjuveg í kvöld en segja má að þrjár styrkar stoðir beri hátíðina uppi í ár. Þar ber fyrst að nefna Safnanótt sem hefst í kvöld. Á Safnanótt bjóða yfir þrjátíu söfn upp á fjölbreytta dagskrá og gengur safnastrætó á milli safnanna til að auðvelda gestum að heimsækja söfnin. Þá er það Heimsdagur barna sem haldinn verður á morgun í Gerðubergi. Þar verða margar spennandi listasmiðjur fyrir börn og unglinga. Þær eru miserfiðar en allir ættu að geta fundið eitthvað við sitt hæfi. Hátíðinni lýkur svo með Kærleikum á Austurvelli á sunnudag. Kærleikarnir minna okkur á samkenndina og allt það fallega sem tengir okkur saman.

Í fyrra komu yfir tíu þúsund manns á Vetrarhátíð og allir sem ég hitti voru í góðu skapi og skemmtu sér vel. Ég vonast eftir að sjá enn fleiri í ár og hvet fólk til að mæta og njóta alls þess sem okkar góða borg hefur upp á að bjóða.

Það er mikilvægt að halda hátíð sem lýsir upp skammdegið og litar það skærum litum. Vetrarhátíð er einmitt svoleiðis hátíð. Hún er hátíð sem sameinar okkur og veitir kærleika og styrk. Á henni geta allir skemmt sér konunglega. Líka þeir sem hafa enga sérstaka ánægju af fræðslu, listum eða menningu. Þeir geta einfaldlega notið mannlífsins. Það er nefnilega mjög gaman að sjá aðra glaða.

*Góða skemmtun á Vetrarhátíð!*
*Jón Gnarr*
*borgarstjóri í Reykjavík*



Kolbrún Silja Ásgeirsdóttir, hjá MP banka, segir styrktarsamninginn vera lið í að opna almenningi dyr að spennandi viðburðum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Stuðla að fjölbreyttu menningarstarfi

Höfuðborgarstofa fagnar tveggja ára styrktarsamningi við MP banka um stuðning við Vetrarhátíð í Reykjavík. Kolbrún Silja Ásgeirsdóttir, forstöðumaður sölu- og markaðssviðs MP banka, segir bankann stoltan af því að vera styrktaraðili hátíðarinnar næstu tvö árin. „Vetrarhátíð hefur í áratug séð borgarbúum fyrir spennandi menningarviðburðum og uppákomum. Þetta samstarf gengur út á að efla hátíðina frekar og stuðla að því að fólk leiti uppi skemmtun yfir veturinn," segir Kolbrún, sem telur hátíðina sýna vel alla þá fjölbreyttu afþreyingu sem er í boði allt árið um kring.

„Hátíðin er líka sniðug leið til að upplifa Reykjavík og næsta nágrenni út frá sjónarhorni ferðamanna, kíkja á söfn, stofnanir og fleira rétt eins og maður væri í fríi í útlöndum, og uppgötva í leiðinni hvað margt skemmtilegt er á boðstólum."

MP banki hefur haft að stefnu að opna fyrir almenningi dyr að menningartengdum viðburðum og annarri afþreyingu að sögn Kolbrúnar. Stuðningurinn við Vetrarhátíð er liður í þeirri stefnu. „Við styrktum Safnanæturleikinn í fyrra og vegna þess hversu vel það gekk göngum við skrefinu lengra með styrk við hátíðina, sem er nú verið að stækka aftur," segir Kolbrún, sem er sjálf áfjáð í að kynna sér dagskrána í ár og segir það vera mikinn kost við Vetrarhátíðina að ókeypis er inn á alla viðburðina.

**Útgefandi:** Höfuðborgarstofa **Ábyrgðarmaður:** Sif Gunnarsdóttir
**Umsjónarmaður auglýsinga:** Benedikt Freyr Jónsson benediktj@frettabladid.is s. 512 5411



„Mamma spilaði á trommur, pabbi á píanó, bróðir minn á kontrabassa og systir mín á trompet." Curver og fjölskylda með hljóðfærin.

# Framúrstefnudjass fjölskyldu Curvers

**Fjöllistamaðurinn Curver Thoroddsen opnar sýningu sína FJÖLSKYLDUKVINTETTINN II í Arinstofu Listasafns ASÍ klukkan 19 í kvöld. Þar frumsýnir hann myndband sem tekið var upp þegar listamaðurinn og fjölskylda hans spunnu djass á hljóðfæri sem þau kunna ekki á.**

„Þetta var tekið upp fyrir rúmum mánuði," segir Curver. „Bara ein taka, ekkert æft, þannig að þetta er nákvæm skráning á því sem gerðist í myndverinu. Við vorum að sjálfsögðu öll í svörtum rúllukragabolum og verkið er tekið upp á 16mm filmu til að vera djasslegra."

Með Curver í myndverinu voru foreldrar hans, Gísli Thoroddsen og Bryndís Hannah, og systkini, Arnar Eggert og Eva Engilráð, en ekkert þeirra kann að spila á hljóðfæri að hans sögn. „Ég kann heldur ekkert að spila á saxófón, svo við vorum öll að spila á viðkomandi hljóðfæri í fyrsta sinn," segir Curver. „Mamma spilaði á trommur, pabbi á píanó, bróðir minn á kontrabassa og systir mín á trompet." Varð ekki úr þessu hálfgerður óskapnaður? „Það eru sjálfsagt skiptar skoðanir á því. Þetta var allavega mjög djassað og framúrstefnulegt. Eigum við ekki bara að kalla þetta framúrstefnudjass?" segir Curver og hlær.

Við það að færa fjölskylduna í þetta óvanalega umhverfi og aðstæður segir Curver fjölskyldutengslin verða greinilegri og samskiptamunstrið pínulítið ýktara. „Verkið er portrett af fjölskyldu og á sama tíma spunahljóðverk," segir hann. „Samspilið og orðlaus samskipti fjölskyldumeðlima meðan á spunanum stendur gera hlutverk einstaklinganna og strúktúr fjölskyldunnar sýnileg."

Fjölskyldukvintettinn tvö er sjálfstætt framhald Fjölskyldukvintettsins frá 2003 þar sem listamaðurinn og fjölskylda hans impróvísera á klassísk strengjahljóðfæri sem þau kunna ekki á. Verkið var framlag Curvers til Grasrótarsýningar Nýlistasafnsins árið 2003 og hefur líka verið sýnt á vídeóverkaprógrömmum, meðal annars á Nordisk Panorama.

Sunnudaginn 13. febrúar klukkan 15 verður síðan haldið svokallað „fjölskylduspjall" í tengslum við sýninguna þar sem listamaðurinn og fjölskylda hans spjalla um verkin og listabröltið á Curver í gegnum árin. Umræðum stjórnar Markús Þór Andrésson.

# Söfnin móta ímynd þjóða

„Öll samfélög eru ímynduð. Við getum kannski sagt að kjarnafjölskyldan sé að einhverju leyti náttúruleg þar sem innan hennar er fólk sem tengist blóðböndum eða með hjónaböndum. Umfram það eru samfélög bara til í hugum fólks." Þetta segir Guðmundur Hálfdánarson sagnfræðingur, sem verður með fyrirlestur í Þjóðminjasafninu í kvöld milli klukkan 20 og 20.30 sem hann nefnir Er íslensk þjóð ímyndað samfélag?

„Ég ætla að fjalla um hvernig þjóð verður til í hugum fólks. Við þekkjum ekki alla þjóðina en teljum okkur tilheyra henni samt sem áður," segir hann og telur hægt að beita þjóðernistilfinningum bæði til góðs og ills. „Hið góða er að þjóðernishugsun skapar samkennd milli fólks sem ekki þekkist og á ekki endilega sameiginlegra hagsmuna að gæta. Á móti er auðvelt að benda á marga slæma fylgifiska hennar þar sem stríð og útilokun hefur átt sér stað."

Auðvelt er fyrir Íslendinga að ímynda sér að þeir séu þjóð þar sem þeir eru fáir og landamærin náttúruleg, bendir Guðmundur á, því innan annarra landa geta verið margar þjóðir sem tala ólík tungumál og viðhafa mismunandi trúarbrögð.

Guðmundur telur þjóðir að nokkru leyti myndaðar í kringum minningar. „Við tengjumst hvert öðru gegnum sameiginlegar minningar. Leifar þessara minninga eru oft settar á söfn til þess að fólk geti komið að skoða þær eða sýna þær öðrum og segja: „Þetta erum við og þetta er hluti af okkar fortíð." Þannig að söfn gegna miklu hlutverki í að móta og viðhalda ímynd þjóðarinnar í hugum hennar."

*- gun*



**„Söfn eru ímyndarfyrirbæri. Þau geyma minningar þjóðarinnar en það sem við sjáum þar er alltaf valið af einhverjum," segir Guðmundur.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Safnanótt föstudaginn 11. febrúar

www.vetrarhatid.is

## OPNUN VETRARHÁTÍÐAR Í REYKJAVÍK

Einar Örn Benediktsson, formaður menningar- og ferðamálaráðs, setur Vetrarhátíð í Reykjavík formlega kl. 19 í Hallargarðinum við Fríkirkjuveg. Skammdegið hefur fylgt þjóðinni frá örófi alda en ávallt hefur skíman náð að brjóta það upp. Í kjölfar setningarinnar mun Listahópurinn Norðanbál því opna hátíðina með gjörningi sem heitir „Saga þjóðar með ljósaperu". Hinn þekkti tónlistarmaður Sigtryggur Baldursson semur hljóðmynd við verkið.

### ALLIANCE FRANCAISE

**19.00-24.00**
**Franskar bíómyndir í Reykjavík í 100 ár.**
Franskar bíómyndir, gömul plaköt og prógrömm.
*Tryggvagötu 8, 101 Rvk.*

### MINJASAFN REYKJAVÍKUR ÁRBÆJARSAFN

**21.00-24.00**
**Margt býr í myrkrinu**
Kynnist íslenskum óvættum og árum liðinna alda í rökkurgöngu um Árbæjarsafn.
*Kistuhyl 4, 110 Rvk.*

### BORGARBÓKASAFN REYKJAVÍKUR

**19.00-20.00**
**Draugasögustund**
Íslenskar draugasögur lesnar og sagðar í barnadeild aðalsafns Borgarbókasafns. Allir krakkar og fylgdarfólk þeirra velkomin!

**20.30-21.00**
**Ljóðaslamm**
Ungt fólk stígur á stokk og flytur frumsamin ljóð í bland við tónlist, myndefni og fleira. Kynnir er Freyr Eyjólfsson.
*Tryggvagata 15, 101 Reykjavík*

**22.00-23.00**
**Melrakkar**
Ritlistarnemar í Háskóla Íslands flytja frumsamin ljóð og prósa sem fjalla um allt frá bárujárnshöllum og fölskum meydómum til boðorða þjóðþekktra einstaklinga.

### BORGARSKJALASAFN REYKJAVÍKUR

**19.00-24.00**
**Brjáluð æska: Líf og fjör í Tónabæ**
Skemmtileg skjöl frá Tónabæ um hljómsveitir, tónleika, skrílslæti og prúðmennsku arftaka þjóðarinnar. Plötuskrá Tónabæjar til sýnis.

**19.00-21.00**
**Börnin leika**
Í barnahorninu verða ýmis leikföng, svo sem leggir og skeljar, sem minna á gamla tímann og hvernig börnin léku sér þá. Þar verður líka hægt að teikna og lita.

**19.00-20.00**
**Manstu eftir Tónabæ?**
Spiluð verður tónlist af skemmtilegustu vínilplötum Tónabæjar sjöunda og áttunda áratugarins. Tilvalið að sýna yngri kynslóðinni hvað plötuspilari og vínilplata er! Plötusnúður: Þráinn Óskarsson. Endurtekið kl. 23.00

**19.30-20.30**
**Í jöklanna skjóli**
Sýning á myndbrotum frá árunum 1952 – 1958 um horfna lífs- og atvinnuhætti í Skaftafellssýslum. Endurtekið kl. 21.30

**20.00-20.30**
**Snarpur**
Dansarar frá Listdansskóla Hafnarfjarðar sýna tvo dansa, annar er kröftugur og litríkur og hinn ljóðrænn og tæknilegur. Endurtekið kl. 20.30
*Tryggvagata 15, 101 Reykjavík*

### BÓKASAFN GARÐABÆJAR

**20.30-21.00**
**Berklahælið á Vífilsstöðum**
Steinar J. Lúðvíksson blaðamaður og rithöfundur flytur fyrirlestur um berklahælið á Vífilsstöðum í tilefni af 100 ára afmæli Vífilsstaða á sl. ári.

**21.30-22.00**
**Tónlist - Sigríður Thorlacius**
Sigríður Thorlacius söngkona syngur ásamt Guðmundi Óskari Guðmundssyni á gítar.
Endurtekið kl. 22.45.
*Garðatorgi 7, 210 Garðabær*

### BÓKASAFN HAFNARFJARÐAR

**19.00-24.00**
**Gæðastund - Íslendingasögurnar**
Íslendingasögurnar hljóma á Tónlistardeildinni. Tilvalið að tylla sér niður, fá sér kaffisopa og hlusta á Íslendingasögurnar af hljóðbókum.

**19.00-24.00**
**Ljósmyndasýning - Lárus Karl Ingason**
Opnun á sýningu Lárusar Karls Ingasonar. Bækur í eigu Bókasafns Hafnarfjarðar með myndum hans verða einnig til sýnis. Sýningin verður líka opin á laugardag frá kl. 11-15.

**19.00-24.00**
**Myndlistarsýning**
Ungmenni úr 6. bekk Hraunvallaskóla sýna teikningar þar sem þau lýsa því hvernig þau sjá hinn „dæmigerða Íslending".

**19.00-24.00**
**Stuð á barna- og unglingadeild**
Hægt verður að grípa í spil og hlusta á skemmtilegar þjóðsögur af diskum. Bækur sem hlotið hafa Íslensku barnabókaverðlaunin liggja frammi fyrir þá sem vilja blaða í þeim og jafnvel taka með sér heim.

**19.00-24.00**
**Sýning á handmáluðu postulíni**
Katrín Bjarnadóttir frá Hvestu í Arnarfirði sýnir úrval af þeim ótal postulínsmunum sem hún hefur málað í gegnum tíðina.

**19.30-20.30**
**Danssýning**
Ungir nemendur frá Listdansskóla Hafnarfjarðar sýna fjörugan dans.

**19.30-20.30**
**Kvikmyndasýning Goethe Institute**
Sýnd verður myndin „Sommer vorm Balkon" (Summer in Berlin). Þýskt tal, enskur texti.

**20.00-20.30**
**Nei, ég er Skagfirðingur!**
Hugleiðing um sjálfsmynd Íslendinga í ljósi sögunnar. Símon Jón Jóhannsson, þjóðfræðingur, flytur.

**21.00-21.30**
**Robert the Roommate**
Þjóðlagakvartettinn Robert the Roommate spilar skemmtileg lög frá sjöunda og áttunda áratugnum.

**21.30-24.00**
**Kvikmyndasýning - Goethe Institute**
Sýnd verður myndin „Solino". Þýskt og ítalskt tal, enskur texti.
*Strandgata 1, 220 Hafnarfjörður*

### BÓKASAFN KÓPAVOGS

**19.00-19.30**
**Kvæðamannafélagið Iðunn**
Félagar úr Kvæðamannafélaginu Iðunni kveða í Heita pottinum.

**19.30-14.00**
**Hands on**
Opnuð myndlistarsýning Viktoríu Guðnadóttur í Djúpinu.

**20.00-20.30**
**Blikandi stjörnur**
Sönghópurinn Blikandi stjörnur syngur undir stjórn Ingveldar Ýrar í Kórnum.

**20.30-21.00**
**Paedopriest**
Bilskúrshljómsveitin Paedopriest heldur uppi fjörinu í Kórnum.

**21.00-21.30**
**Rússnesk tónlist**
Viktoria Tsarevskaja og Ivetta Lishe leika á selló og píanó og Liudmila Tsarevskaja syngur rússneska tónlist í Kórnum.

**23.00-24.00**
**Hókus Pókus**
Hljómsveitin Hókus Pókus leikur fyrir gesti safnsins til miðnættis í forsal Safnahúss.
*Hamraborg 6a, 200 Kópavogur*

### BÓKASAFN SELTJARNARNES

**19.00-24.00**
**Safn í safni**
Náttúrugripasafn Seltjarnarness sýnt í bókasafninu.

**20.00-21.00**
**Stórsveit Öðlingaklúbbs FÍH**
Stórsveitin með alla sína reynslubolta innanborðs gleður gesti af alkunnri snilld.
*Eiðistorg, 170 Seltjarnarnes*



Börn úr leikskólanum Laugaborg í heimsókn í Þjóðmenningarhúsinu.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

### BYGGÐASAFN HAFNARFJARÐAR

**19.00-24.00**
**Byggðasafn Hafnarfjarðar - Beggubúð**
Í verslunarhúsinu Beggubúð sem byggt var 1906 er verslunarminjasýning Byggðasafns Hafnarfjarðar.

**19.00-24.00**
**Byggðasafn Hafnarfjarðar - Pakkhúsið**
Boðið verður upp á leiðsögn um fastasýninguna „þannig var". Jafnframt verður sýningin um Rafha, Raftækjaverksmiðjuna í Hafnarfirði og leikfangasýningin á efstu hæð opin fyrir gesti. Einnig opið á laugardag og sunnudag 11-17.

**19.00-24.00**
**Byggðasafn Hafnarfjarðar - Sívertsens húsið**
Sívertsens-húsið er elsta hús Hafnarfjarðar, byggt á árunum 1803-1805 fyrir Bjarna Sívertsen.

**20.30-21.00**
**Örfyrirlestrar í Pakkhúsinu**
Björn Pétursson bæjarminjavörður flytur fyrirlesturinn Í kjölfar einokunarverslunarinnar – Íslenski kaupmaðurinn Bjarni Sívertsen

**21.00-21.30**
**Örfyrirlestrar í Pakkhúsinu**
Karl Rúnar Þórsson fyrirlesturinn Þak yfir höfuðið - Íslensk bárujárnsklassík í Hafnarfirði.
*Vesturgata 8, 220 Hafnarfjörður*

### GERÐARSAFN

**20.00-22.00**
**Ásýnd landsins: Vatnið, jörðin, hafið og himininn**
Sýnendur: Daði Guðbjörnsson, Gunnlaugur Scheving, Jóhannes Kjarval, Rúrí, Vilhjálmur Þorberg Bergsson
Sýningarstjóri: Guðbergur Bergsson.
-Leiðsögn kl. 20.00 & 21.00.
*Hamraborg 4*

### GLJÚFRASTEINN

**19.00-24.00**
**Gljúfrasteinn - Hús skáldsins**
Boðið er upp á margmiðlunarsýningu í móttökuhúsi og hljóðleiðsögn um húsið á íslensku, ensku, dönsku, sænsku og þýsku.

**21.00-22.00**
**Svavar Knútur á Gljúfrasteini**
Svavar Knútur hefur notið vaxandi vinsældinga og velgengni á Íslandi sem erlendis og lagt land undir fót undanfarin ár.
*Mosfellsdalur*

### GRAFÍKSAFN ÍSLANDS

**19.00-24.00**
**Íslensk grafík**
Ríkharður Valtingojer er listamaður ársins hjá Grafíkvinum í félaginu Íslensk grafík 2011. Á Safnanótt kynnir Ríkharður verk sitt í sýningarsal. Eldri verk verða einnig til sýnis. Á verkstæði verða grafíklistamenn að störfum.
*Tryggvagata 17*

## SAFNARNÆTURSTRÆTÓ

### Leið 1 - Kjarvalsstaðir - Seltjarnanes - Miðbær

Fyrsta ferð kl. 19:00. Síðasta ferð frá Kjarvalsstöðum kl. 24:00

| Stoppistöð | bíll 1 | bíll 2 | bíll 3 | Safn |
|---|---|---|---|---|
| Kjarvalsstaðir | 00 | 20 | 40 | Kjarvalsstaðir |
| Eiríksgata | 04 | 24 | 44 | Listasafn ASÍ, Listasafn Einar Jónsson |
| við Skothúsveg | 07 | 27 | 47 | Listasafn Íslands |
| Hringbraut | 09 | 29 | 49 | Þjóðminjasafn Íslands |
| Sæmundargata | 11 | 31 | 51 | Norræna húsið |
| Eiðistorg | 17 | 37 | 57 | Bókasafn Seltjarnarness |
| Nesstofa | 22 | 42 | 02 | Lyfjafræðisafn, Lækninjasafn |
| Grandi | 29 | 49 | 09 | Sjóminjasafnið |
| Hafnarhús | 32 | 52 | 12 | Alliance Francaise, Grófarhús, Hafnarhús, Grafíksafn, SÍM, Landnámssýningin |
| Hverfisgata | 35 | 55 | 15 | Þjóðmenningarhús |
| Laugavegur | 41 | 61 | 21 | Þjóðskalasafn Íslands |
| Kjarvalsstaðir | 43 | 03 | 23 | Kjarvalsstaðir |

### Leið 2 - Kjarvalsstaðir - Kópavogur - Garðabær - Hafnarfjörður

Fyrsta ferð kl. 19:00 og síðan á 20 mín. fresti. Síðasta ferð frá Kjarvalsstöðum kl. 24:00

| Stoppistöð | bíll 1 | bíll 2 | bíll 3 | Safn |
|---|---|---|---|---|
| Kjarvalsstaðir | 00 | 20 | 40 | Kjarvalsstaðir |
| Hamraborg | 10 | 30 | 50 | Gerðarsafn, Molinn, Náttúrufræðis. Kóp., Bókas. Kóp. |
| Garðatorg | 15 | 35 | 55 | Bókasafn Garðab., Hofsstaðir, Hönnunarsafn Íslands |
| Fjörðurinn | 25 | 45 | 05 | Bókasafn Hfj., Hafnarborg, Byggðasafn Hfj. |
| Garðatorg | 35 | 55 | 15 | Bókasafn Garðab., Hofsstaðir, Hönnunarsafn Íslands |
| Hamraborg | 40 | 00 | 20 | Gerðarsafn, Molinn, Náttúrufræðis.Kóp., Bókas. Kóp. |
| Kjarvalsstaðir | 50 | 10 | 30 | Kjarvalsstaðir |

### Leið 3 - Kjarvalsstaðir - Perlan - Árbær

Fyrsta ferð kl. 19:00 og síðan á 20 mín. fresti. Síðasta ferð frá Kjarvalsstöðum kl. 24:00

| Stoppistöð | bíll 1 | bíll 2 | bíll 3 | Safn |
|---|---|---|---|---|
| Kjarvalsstaðir | 00 | 20 | 40 | Kjarvalsstaðir |
| Perlan | 06 | 26 | 46 | Sögusafnið Perlunni |
| Árbæjarsafn | 18 | 38 | 58 | Árbæjarsafn |
| Laugarnestangi | 27 | 47 | 07 | Listasafn Sigurjóns Ólafssonar |
| Ásmundarsafn | 35 | 55 | 15 | Ásmundarsafn |
| Kjarvalsstaðir | 41 | 01 | 21 | Kjarvalsstaðir |

### Leið 4 - Kjarvalsstaðir - Gljúfrasteinn

| | |
|---|---|
| Frá Kjarvalsstöðum | 20:00 |
| Frá Gljúfrasteini | 22:00 |

Mosfellsbær
Garðabær
Hafnarfjörður

## ÞEMA SAFNANÆTUR Í ÁR ER ÍSLENDINGUR?

Söfnin nálgast þetta þema hvert á sinn skapandi hátt, auk þess að bjóða upp á hefðbundnari sýningar og fjölmarga fjölskylduvæna viðburði.
Öll söfnin eru opin til miðnættis.

Ókeypis er á alla viðburði Vetrarhátíðar nema annað sé tekið fram.

# Safnanótt föstudaginn 11. febrúar

## HAFNARBORG, MENNINGAR- OG LISTAMIÐSTÖÐ HAFNARFJARÐAR

**19.00-19.15**
**Hádegistónleikar um miðaftann**
Stuttir tónleikar með Grétu Hergils Valdimarsdóttir sópran og Antoníu Hevesi píanóleikara. Í tilefni Safnanætur verður klukkunni snúið á hvolf og hádegistónleikarnir færast frá hádegi til miðaftans.

**19.00-21.00**
**Hermikrákur - Eins og hann!**
Vinnustofa fyrir alla fjölskylduna í tengslum við sýninguna Kjarvalar. Leiðsögn fyrir börn um sýninguna Kjarvalar kl. 19 og 20.

**19.30–20.00**
**Ljótikór**
Ljótikór hefur það að leiðarljósi að vinna á skapandi hátt með flutning á íslenskri tónlist þar sem lögð er áhersla á sjónræna upplifun. Sem dæmi notast kórinn við hljóðfæri sem hönnuð eru af Ilmi Stefánsdóttur myndlistarmanni.

**20.30-21.00**
**Á bak við tjöldin**
Gestir fá tækifæri til að skyggnast á bakvið tjöldin í Hafnarborg og skoða geymslur safnsins í fylgd starfsmanna. Hver heimsókn er stutt og er tekið á móti gestum í litlum hópum, hámark 10 í einu. Endurtekið kl. 21.30

**21.00-22.00**
**Listamannsspjall – Kjarvalar**
Myndlistarmaðurinn Stefán Jónsson fjallar um sýningu sína Kjarvalar. Verk hans eru þrívíðar endurgerðir málverka Jóhannesar Sveinssonar Kjarvals (1885-1972).

**22.00-24.00**
**Jazzkvöld í Hafnarborg - Guitar Islancio**
Tríóið Guitar Islancio var stofnað haustið 1998 og hefur haldið fjölda tónleika og komið fram á tónlistarhátíðum bæði hér og erlendis. Tríóið leikur jazz fyrir gesti Safnanætur í boði Manns lifandi í Hafnarborg.
*Strandgata 34, 220 Hafnarfjörður*

## HÉRAÐSSKJALASAFN KÓPAVOGS

**19.00-24.00**
**Íslendingurinn í Kópavogi**
Ljósmyndasýning & opið hús. Íslendingar og aðrir gestir sýna sig og sjá aðra.
*Hamraborg 1, 200 Kópavogur*

## HOFSSTAÐIR

**19.00-24.00**
**Minjagarðurinn að Hofsstöðum, Kirkjulundi**
Í garðinum eru minjar af landnámsskála frá 9. öld. Fjölbreytt og skemmtileg margmiðlunarsýning á snertiskjáum.
*Kirkjulundur, 210 Garðabær*

## HÖNNUNARSAFN ÍSLANDS

**20.00-24.00**
**Gunnar Magnússon húsgagnahönnuður - Opnun sýningar**
Gunnar Magnússon er meðal afkastamestu og frumlegustu húsgagnahönnuða og innanhússarkitekta okkar og hefur markað djúp spor í sjónræna virund og daglegt umhverfi margra Íslendinga.

**22.30-23.00**
**Leiðsögn um sýningu á húsgögnum Gunnars Magnússonar**
Ásdís Ólafsdóttir sýningarstjóri gengur um sýningu safnsins og segir frá verkum Gunnars og ferli hans.
*Garðatorg 1, 210 Garðabær*

## LANDNÁMSSÝNINGIN REYKJAVÍK 871 +/-2

**21.00-21.30**
**Pottar og perlur**
Kynning um jarðfundna gripi úr fórum landnámskvenna. Kl. 21, 22 og 23.
Aðalstræti 16, 101 Reykjavík

## LISTASAFN ASÍ

**19.00-24.00**
**Fjölskyldukvintettinn II**
Curver Thoroddsen opnar sýningu sína „Fjölskyldukvintettinn II" í Arinstofu. Listamaðurinn og fjölskylda hans spinna djass á hljóðfæri sem þau kunna ekki á. Við að taka fjölskylduna úr sínum náttúrulegu aðstæðum og setja í framandi hlutverk verður samskiptamunstur og karaktereinkenni fjölskyldumeðlima sýnilegt.

**19.00-24.00**
**Gjöf til þín, yðar hátign.**
Gunnhildur Hauksdóttir og Kristín Ómarsdóttir opna sýningu í Ásmundarsal. Þar reisa þær svið sem getur tekið á sig margar myndir og er leikmynd fyrir röð vídeoverka. Þær bjóða almenningi að flytja eintöl og leikin atriði á meðan á sýningu stendur.


Ásmundarsafn

**19.00-24.00**
**Við bjuggum til okkar eigin leiki**
Páll Haukur Björnsson opnar vídeóinnsetningu sem ber heitið „Við bjuggum til okkar eigin leiki".
Freyjugata 41, 101 Reykjavík

## LISTASAFN EINARS JÓNSSONAR

**21.00-22.00**
**Tónleikar í Listasafni Einars Jónssonar**
Anna Jónsdóttir sópran og Sophie Schoonjans harpa
*Eiríksgata, 101 Reykjavík*

## LISTASAFN ÍSLANDS

**19.00-20.00**
**Landslag með augum barna**
Leiðsögn um sýningu á verkum barna og listsmiðja í Fræðslumiðstöð.

**20.00-21.00**
**Víðáttur**
Nemendur frá Klassíska listdansskólanum beisla orku svæðisins. Danshöfundur: River Carmalt.

**21.00-21.30**
**Samtal við listaverk - leiðsögn**
Gestir velja verk af sýningunni og gera grein fyrir merkingunni. Skriflegum textum safnað.

**22.00-23.00**
**Íslenskir listamenn við skilningstréð**
Snorri Ásmundsson myndlistarmaður rökræðir um íslenska myndlist.

**23.00-24.00**
**Gluggi framtíðar**
Samræður: Halldór B. Runólfsson safnstjóri spjallar við gesti um sýningar safnsins.
*Fríkirkjuvegur 7, 101 Reykjavík*

## LISTASAFN REYKJAVÍKUR - ÁSMUNDARSAFN

**19.00-24.00**
**Hugsað í formum**
Í píramída Ásmundarsafns er endurgerð af vinnustofu Ásmundar þar sem ljósi er varpað á vinnuaðstöðu hans í Sigtúninu. Sett hefur verið upp lesstofa þar sem hægt er að fræðast um líf og list Ásmundar í máli og myndum. Einnig opið laugard. og sunnudag frá 13.00-16.00.

**19.00-24.00**
**„Ég kýs blómlegar konur . . ." Konan sem tákn í list Ásmundar**
„Titill sýningarinnar er sóttur í viðtal við Ásmund Sveinsson en verkin á sýningunni spanna allan feril myndhöggvarans, allt frá fyrstu raunsæisverkum hans til íburðarmikilla túlkunar hans á konunni. Einnig opið laugard. og sunnudag frá 13.00-16.00.

**19.00-24.00**
**Svefnljós – Ráðhildur Ingadóttir**
Svefnljós er heiti á innsetningu Ráðhildar Ingadóttur, sem sett er saman úr hvolfi Ásmundarsafns, hljóði rýmisins, tölvu, handspegli, ljósvarpa og skugga.
Einnig opið laugard. og sunnudag frá 13.00-16.00

**20.00-20.30**
**Fjölskylduleiðsögn**
Fjölskylduleiðsögn um sýningarnar Hugsað í formum – vinnustofa Ásmundar Sveinssonar og Ég kýs blómlegar konur..... konan í list Ásmundar Sveinssonar.

**21.30-22.15**
**Byggingarlist - leiðsögn**
Guja Dögg Hauksdóttir arkitekt FAÍ og deildarstjóri byggingarlistardeildar safnsins verður með leiðsögn um Ásmundarsafn

**22.30-23.00**
**Leiðsögn**
Almenn leiðsögn um sýningarnar Hugsað í formum – vinnustofa Ásmundar Sveinssonar og Ég kýs blómlegar konur..... konan í list Ásmundar Sveinssonar.

**21.00-22.30**
**S.L.Á.T.U.R í Svefnljósi**
Gunnar Steinn Guðmundsson, einn af stofnmeðlimum S.L.Á.T.U.R, flytur hljóðgjörning í Kúlunni. Hámarksfjöldi í einu eru 10 manns.
*Sigtúni, 105 Reykjavík*

## LISTASAFN REYKJAVÍKUR - HAFNARHÚS

**19.00-24.00**
**Án áfangastaðar**
Samsýning á verkum eftir bæði íslenska og alþjóðlega listamenn þar sem gefinn er gaumur að hinum ört vaxandi straumi innlendra og erlendra ferðamanna um Ísland og áleitnum spurningum um ferðamennskuna velt upp. Unnið í samvinnu af Markúsi Þór Andréssyni, sýningarstjóra og Dr. Gunnþóru Ólafsdóttur, landfræðingi í samstarfi við Listasafn Reykjavíkur, ReykjavíkurAkademíuna og Félag landfræðinga. Einnig opið laugard. og sunnudag frá 10.00-17.00

**19.00-24.00**
**Boðskapur Mothman**
Listamennirnir Hannes Lárusson og Ásmundur Ásmundsson vinna sameiginlega innsetningu og beita þrívíðum tréstrúktúrum, gagnvirkum símarásum og ljósum til að ná fram tilætluðum boðskap og listrænni virkni. Framgangur verksins gerir ráð fyrir þátttöku barna jafnt sem fullorðinna. Samkeppni um bestu myndina af Mothman.

**19.00-24.00**
**D19 – Hulda Rós Guðnadóttir**
Sýning Huldu Rósar Guðnadóttir (1973) í D-salnum nefnist Hops Hopsi og samanstendur af tíu rása myndbandsinnsetningu sem hún gerði árið 2010.
Einnig opið laugard. og sunnudag frá 10.00-17.00

**19.00-24.00**
**Erró – Samtíningsverk og Klippimyndir**
Á sýningunni Erró – Klippimyndir gefst almenningi í fyrsta skipti tækifæri til að skoða um það bil 130 klippimyndir sem Erró hóf að gefa Listasafni Reykjavíkur árið 1989. Klippimyndir eru listform sem Erró uppgötvaði aðeins átján ára gamall en sýningin spannar allan hans feril til dagsins í dag. Einnig opið laugard. og sunnudag frá 10.00-17.00

**19.00-24.00**
**Myndbands- og hljóðverk**

**19.00** Skipholt, John Bock, 2005 (55 mín.) 19.00 Frá Hetty til Nancy / From Hetty to Nancy Deborah Stratman, 1997 (44 mín.)
**20.00** Hringurinn / Ringroad, Friðrik Þór Friðriksson, 1985 (80 mín.)
**20.00** Bergmál er dvergmál, Kafli 1: Ísland - land án járnbrautar / Das Echo ist der Zwerge Sprache, Teil I: Island - Land ohne Eisenbahn Wolfgang Müller, 1999 (22 mín.)
**20.30** Skagafjörður, Peter Hutton, 2003 (35 mín.)
**21.15** Hekla, Haraldur Jónsson, 2001 (10 mín.)
**21.30** Í leit að hérna / Searching for Hjetna, Rory Middleton, 2010 (45 mín.)
**21.30** Concerto mécanique pour la folie ou La Folle Mécamorphose / Vélkonsert fyrir klikkunina eða hin klikkaða vélmyndbreyting, Éric Duvivier, 1962-63 (20 mín.)
**22.30** Rangsælis / Counter Clockwise, Ragnheiður Gestsdóttir, 2011 (20 mín.)
**Milli atriða**: Aero, 2008, Ghostigital/ Finnbogi Pétursson/Skúli Sverrisson

**19.30-20.15**
**Fjölskylduleiðsögn og ratleikur – Án áfangastaðar**
Leiðsögn og leikur sérstaklega ætlaður fjölskyldum í tengslum við sýninguna Án áfangastaðar.

**21.00-21.30**
**Leiðsögn: ERRÓ - Samtíningsverk / Þrívíddarsamklipp & Klippimyndir**
Leiðsögn um sýninguna Erró - Klippimyndir.

**22.00-22.45**
**Leiðsögn- Án áfangastaðar**
Leiðsögn um sýninguna Án áfangastaðar.

**22.30-22.50**
**Lifandi viðburður Rafmagnssveitarinnar**
Rafmagnssveitin var stofnuð árið 2000 og samanstendur af myndlistamönnunum Sigurði Guðjónssyni, Magnúsi Árnasyni, og rithöfundinum Ófeigi Sigurðssyni.
*Tryggvagötu 17, 101 Reykjavík*

## LISTASAFN REYKJAVÍKUR - KJARVALSSTAÐIR

**19.00-24.00**
**Kjarval - Lykilverk**
Á sýningunni eru sýnd lykilverk Kjarvals í eigu Listasafnsins en þau mynda einstakt og magnað yfirlit af ferli þessa ástsæla listamálara íslensku þjóðarinnar. Einnig opið laugard. og sunnudag frá 10.00-17.00

**19.00-24.00**
**Sýning sýninganna, Ísland í Feneyjum í 50 ár**
Feneyjatvíæringurinn er stundum nefndur Sýning sýninganna, enda einn af heimsins merkustu myndlistarviðburðum. Á sýningunni gefst í fyrsta skipti tækifæri til að sjá verk íslensku Feneyjafaranna samankomin á einum stað og þá þróun og breytingar sem hafa orðið í þátttökusögu Íslendinga á þessum 50 árum. Einnig opið á laugard. og sunnudag frá 10.00-17.00

**19.00-19.30**
**Fjölskylduleiðsögn - Sýning sýninganna**
Leiðsögnin hefst í Smiðju Kjarvalsstaða og er sérstaklega ætluð fjölskyldum.

**19.00-24.00**
**Ítölsk kaffihúsastemming á Kjarvalsstöðum**
Í tengslum við „Sýningu sýninganna, Ísland í Feneyjum í 50 ár" verður ítalskt þema á kaffihúsinu og spennandi uppákomur. Kl. 21.00 flytur Amiina nokkur vel valin lög, kl. 22.00 les Þröstur Helgason úr bókinni - Birgir Andrésson; Í íslenskum litum og kl. 22.30 tekur Ljótikór lagið.

**19.30-20.15**
**Byggingarlist - leiðsögn**
Guja Dögg Hauksdóttir arkitekt FAÍ og deildarstjóri byggingarlistardeildar safnsins verður með leiðsögn um Kjarvalsstaði.

**20.00-22.00**
**Á bak við tjöldin– Hið allra heilagasta afhjúpað**
Skoðunarferðir og leiðsögn um geymslur og bakland safnsins.
Leiðsögn hefst á 30 mínútna fresti frá kl. 20.00 Hámarksfjöldi er 10 manns í einu.

**20.30-21.00**
**Sýning sýninganna - leiðsögn**
Gengið um sýninguna „Sýning sýninganna, Ísland í Feneyjum í 50 ár".
*Flókagata 5, 105 Reykjavík*

## LISTASAFN SIGURJÓNS ÓLAFSSONAR

**19.00-24.00**
**Súlur Sigurjóns**
Opnun: Súlan er eitt grundvallarstefja í myndhugsun Sigurjóns Ólafssonar. Þekktustu súlur hans eru án efa Íslandsmerki á Hagatorgi og Öndvegissúlur við Höfða í Reykjavík. Á þessari sýningu verður sjónum beint að völdum trésúlum eftir Sigurjón, sem eru tilbrigði við fyrrgreint stef og sem sýna hugmyndaauðgi listamannsins.
*Laugarnestangi 70, 105 Reykjavík*

## LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR

**19.00-24.00**
**Hver er maðurinn?**
Á Safnanótt gefst gestum kostur á að bera kennsl á fólk og staði á ljósmyndum úr safnkosti Ljósmyndasafns Reykjavíkur.

**19.00-24.00**
**Karl R. Lilliendahl – Ljós réttlátra logar...**
Ljósmyndir af mótmælunum í nóvember 2008 þar sem setningum úr Orðskviðum Salómons í Biblíunni er skeytt saman við myndirnar.

**19.00-24.00**
**Orri – Innviðir**
Ljósmyndarinn Orri hefur um árabil myndað íslensk eyðibýli. Í ljósmyndum Orra er gerð tilraun til að fanga litríkan andann sem ríkir í innviðum eyðibýlanna og þá ómetanlegu litapallettu sem skapast þegar óreiðukennt veðurfar vinnur á veggfóðri, málningu og húsgögnum.

**20.00-21.00**
**Leifur Þorsteinsson - leiðsögn**
Fyrsti hluti sýningarraðar Leifs Þorsteinssonar af fimm á 30 ára afmælisári Ljósmyndasafns Reykjavíkur. Leifur fjallar um sýningu sína og tæknina á bakvið myndirnar.
*Tryggvagata 15. 101 Reykjavík*

## LYFJAFRÆÐISAFNIÐ

**19.00-21.30**
**Lyfjafræðisafnið**
Lyfjafræðingar verða með leiðsögn auk þess sem sýnt er myndband um gamla framleiðsluhætti í apótekum. Sýning myndbandsins tekur eina klukkustund.
*Neströð 170 Seltjarnarnes*

## MIÐBÆRINN

**19.00-24.00**
**Óskilgreint sjálf**
Kveikt verður á útilistverkinu Óskilgreint sjálf við Hverfisgötu 44. Verkið er unnið af nemendum úr ólíkum listgreinum á 2. ári í Listaháskóla Íslands sem sameina kunnáttu sína og krafta.

**19.00-24.00**
**Ljósnæm I og II**
Ísland persónugert í fortíð, nútíð og framtíð. Skúlptúrar frystir í ís á Hjartareit og upplifun fyrir öll skynfærin í Kaolin Gallerý.
*Hjartareitur, Laugavegi 19 og Kaolin Gallery, Ingólfsstræti 8*

## NÁTTÚRUFRÆÐISTOFA KÓPAVOGS

**19.00-24.00**
**„Upprunalegir" Íslendingar**
Kynning á grunnvatnsmarflóm, einlendri tegund krabbadýra sem bundnar eru við vatnsmikil grunnvatnskerfi á hinu eldvirka belti landsins. Þessi dýr hafa þróast hér á landi og finnast hvergi annars staðar. Er hægt að hugsa sér upprunalegri Íslendinga en það? Dr. Bjarni Kristjánsson kynnir þessi forvitnilegu dýr. Einnig opið laugardag 13-17.
*Hamraborg 6a, 200 Kópavogur*

## NESSTOFA

**19.00-23.00**
**Stjörnuskoðun og loftsteinar í Nesi**
Stjörnuskoðunarfélag Seltjarnarness verður í Nesi og fræðir gesti um himingeiminn, sýnir loftsteina og stendur fyrir stjörnuskoðun ef veður leyfir.

**19.15-19.45**
**Húsakönnun - leiðsögn fyrir börn**
Krókar og kimar Nesstofu skoðaðir.

**20.00-20.30**
**Söngvaseiður - Selkórinn í Nesstofu**
Félagar í Selkórnum taka nokkur lög.

# Safnanótt föstudaginn 11. febrúar

21.00-21.45
**Bjarni Pálsson og samtíð hans**
Leiðsögn um Nesstofu með Óttari Guðmundssyni lækni.

22.15-23.00
**Byggingarlist - Nesstofa í 250 ár**
Nesstofa er eitt elsta hús landsins. Leiðsögn um Nesstofu í fylgd Önnu Þorbjargar Þorgrímsdóttur.
*Nes við Seltjörn 170 Seltjarnarnes*

### NORRÆNA HÚSIÐ

19.00-24.00
**Í Vesterveg**
Sýning á norræni samtímalist í sýningarsölum í kjallara hússins. Sögulegt samstarf um norræna samtímalist í ljósi sameiginlegs menningararfs. Farandsýningin Í Vesterveg er afrakstur samvinnu listamanna frá Íslandi, Færeyjum, Hjaltlandseyjum og Noregi. Einnig opið laugardag og sunnudag.

19.00-24.00
**Landslag**
Sýning í anddyri Norræna hússins á verkum danska grafíklistamannsins Jens Damkjær Nielsen. Hann sýnir svart-hvítar línóleum framkallanir, sem bera sameiginlega titilinn Landslag. Einnig opið á laugardag og sunnudag.
*Sturlugata 5, 101 Reykjavík*

### PERLAN

19.00-24.00
**Sögusafnið Perlunni**
Söguleg stund í Perlunni. Sögufrægar persónur og stórviðburðir úr Íslandssögunni frá landnámi til siðaskipta. Íslenskir víkingar bregða á leik fyrir gesti á Safnanótt.
*Öskjuhlíð, 105 Reykjavík*

### SÍM HÚSIÐ

19.00-24.00
**Spessi - listamaður mánaðarins**
Spessi er einn af okkar ástsælustu ljósmyndurum og hafa verk hans ratað víða á söfn og sýningar um allan heim. Þema Safnanætur er „Íslendingur?" og hefur Spessi fengið lausan tauminn við að útfæra sýninguna í tengslum við áhugavert og margtúlkanlegt þemað.
*Hafnarstræti 16, 101 Reykjavík*

### TÓNLISTARSAFN ÍSLANDS

19.00-24.00
**Þjóðsöngur Íslendinga - Sveinbjörn Sveinbjörnsson tónskáld**
Tónlistarsafn Íslands vinnur nú við að setja upp sýningu um Sveinbjörn Sveinbjörnsson, fyrsta menntaða tónskáld Íslendinga. Sýningarstjóri og forstöðumaður veita innsýn í uppsetningu sýningarinnar, safnið og starfsemi þess. Á laugardeginum verður boðið upp á einfaldaða útgáfu af dagskrá Safnanætur.

20.00-24.00
**Að gefa sætum hlutum vígtennur**
Fyrsta myndlistarsýning Júlíusar Valdimarssonar, tvítugs listnema úr Kópavoginum. Sýningin samanstendur af furðuverum í margvíslegum litum. Molakaffi býður upp á pönnukökur og kaffi. Jazzbandið Stimplar og hljómsveitin Friends4evah spila fram eftir kvöldi.

21.30-22.00
**Ljóti kórinn leikur**
Ljóti kórinn leikur við hvern sinn fingur. Flutt verða íslensk lög við undirleik óvenjulegra hljóðfæra.
*Hábraut 2, 200 Kópavogi*




### VÍKIN - SJÓMINJASAFNIÐ

19.00-24.00
**Íslendingurinn og hafið**
Samsýning rúmlega 30 félaga í Félagi frístundamálara sem sýna hér saman málverk undir þemanu Íslendingurinn og hafið. Einnig opið á laugardag og sunnudag kl. 13 - 17

19.30-21.30
**Varðskipið Óðinn**
Leiðsögn um skipið í fylgd valinkunnra manna sem kunna frá ýmsu að segja.

20.00-20.30
**Brúðuleikhús**
Laxdæla lifnar við á Sjóminjasafninu. Leikhúsið 10 fingur og Söguskuntan veita gestum innsýn í verk í vinnslu sem unnið er uppúr einni af okkar ástsælustu Íslendingasögum, Laxdælu. Laxdæla verður sýnd fyrir börn í grunnskólum Reykjavíkur í Víkinni þegar vorar. Endurtekið kl. 21.00

20.30-21.00
**Karlakór Kjalnesinga**
Karlakórinn syngur hetjusöngva um borð í varðskipinu Óðni. Það gerist ekki öllu karlmannlegra.

21.30-22.00
**Karlakór Kjalnesinga**
Karlakór Kjalnesinga syngur fyrir Safnanæturgesti á Bryggjunni, kaffihúsi Sjóminjasafnsins.

22.30-23.00
**Fjör á bryggjunni**
Félagar úr Karlakór Kjalnesinga leiða fjöldasöng í Bryggjusal Sjóminjasafnsins. Einstakt umhverfi og frábær hljómburður.
*Grandagarður 8, 101 Reykjavík*

### ÞJÓÐMENNINGARHÚSIÐ

19.00-24.00
**Börn brjóta blað**
Á sýningunni Óskabarn - æskan og Jón Sigurðsson gefst börnum tækifæri til að setja sig í spor Jóns Sigurðssonar og leggja til leiðir að bætta samfélagi. Hvað þarf að efla svo öllum líði vel á Íslandi? Þau skrásetja hugsjónir sínar á blað, brjóta blaðið og innsigla með innsiglislakki.

19.00-24.00
**ÍSLAND::KVIKMYNDIR**
Sýningin ÍSLAND::KVIKMYNDIR í fullum gangi. Kvikmyndasaga Íslands frá upphafi til nútímans kynnt. Rúllandi sýnishorn og kvikmyndir í fullri lengd. Yfir 100 titlar.

19.00-24.00
**Þjóðin og náttúran**
Náttúrulífsmynd Páls Steingrímssonar verður sýnd viðstöðulaust allt kvöldið. Hún fjallar um hundinn, selinn, hestinn, gæsina, lundann og æðarfuglinn og samspil þessara dýra við íslenska þjóð.

19.30-21.30
**Sjáðu svarta rassinn minn**
Höfundar þjóðsagnasafnsins Sjáðu svarta rassinn minn lesa uppúr bók sinni inni á sýningu með myndum úr bókinni. Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir tók þjóðsögurnar saman og endursagði og Þórey Mjallhvít Heiðar- og Ómarsdóttir málaði myndirnar. Upplesturinn hefst kl. 19:30 og verður endurtekinn kl. 20, 20:30 og 21.30.

19.30-24.00
**Skrifarastofan á handritasýningu Árnastofnunar opin**
Prófið að dýfa fjaðurpenna í sortublek og draga til stafs á kálfskinnsbókfell. Safnkennari Árnastofnunar aðstoðar og fræðir gesti um skrif á skinn.

20.00-20.30
**Gítartríó**
Gítartríó skipað Birgit Myschi, Stefáni Hauki Gylfasyni og Jóni Gunnari Biering Margeirssyni, gítarleikurum, spilar þjóðlög og alþýðulög í útsetningu Birgitar.

21.00-21.30
**Jón Sigurðsson kallast á við nafna sinn**
Jón Sigurðsson, fv. Seðlabankastjóri, ráðherra og formaður Framsóknarflokksins, leggur út af nýopnaðri sýningu um Jón Sigurðsson, sjálfstæðishetju.

22.00-24.00
**Tangóball - Fimm í tangó**
Kvintettinn Fimm í tangó slær upp tangóballi í bókasalnum. Fimm í tangó eru: Ágúst Ólafsson, söngur, Ástríður A. Sigurðard, píanó, Íris Dögg Gísladóttir, fiðla, Kristín Lárusdóttir, selló og Vadim Fedorov, harmónika.
*Hverfisgata 15, 101 Reykjavík*



**Lósmyndir Bárðar Sigurðssonar frá upphafi 20. aldar verða til sýnis í Þjóðminjasafninu.**

### ÞJÓÐMINJASAFN ÍSLANDS

19.00-24.00
**Guðvelkomnir, góðir vinir!**
Ný sýning í Þjóðminjasafni Íslands þar sem gestir geta litið augum úrval útskorinna drykkjarhorna. Einnig opið laugardag og sunnudag.

19.00-19.30
**Kvikmyndasýning - Ráðagóða stelpan**
Leikin íslensk barnamynd frá Baldur Film. Með aðalhlutverk fara Álfrún Helga Örnólfsdóttir og Jóhann Ari Lárusson.

19.00-24.00
**Ljósmyndari Mývetninga - ljósmyndir Bárðar Sigurðssonar frá upphafi 20. aldar**
Myndir ljósmyndarans Bárðar Sigurðssonar verða til sýnis í myndasal Þjóðminjasafns Íslands. Myndirnar eru einstök heimild um líf og störf Íslendinga til sveita í upphafi 20. aldar. Einnig opið laugardag og sunnudag.

19.00-24.00
**Stoppað í fat**
Ný sýning í Þjóðminjasafni Íslands þar sem má sjá ýmsa viðgerða nytjahluti. Einnig opið laugardag og sunnudag.

19.00-24.00
**Útskornir kistlar og stokkar**
Ný sýning í Þjóðminjasafni Íslands á útskornum kistlum og stokkum með ýmsum afbrigðum höfðaleturs. Einnig opið laugardag og sunnudag.

20.00-20.30
**Fyrirlestur um þjóðerni**
Guðmundur Hálfdánarson sagnfræðingur heldur fyrirlestur um þjóðerni og þjóðernishyggju.

21.00-21.30
**Rímnakveðskapur**
Steindór Andersen og Hilmar Örn Hilmarsson skemmta gestum með þjóðlegum rímnakveðskap Í Þjóðminjasafni Íslands.

22.00-23.00
**Kvikmyndasýning- Hver var Jónas?**
Leikin íslensk heimildarmynd frá Lífsmynd um þjóðskáldið Jónas Hallgrímsson.
*Suðurgata 41, 101 Reykjavík*

### ÞJÓÐSKJALASAFN ÍSLANDS

19.00-23.00
**Áttu merkileg skjöl? Eiga þau erindi á safn?**
Komdu og láttu sérfræðinga Þjóðskjalasafns kanna gildi þeirra.

19.00-21.00
**Forvarsla gamalla skjala sýnd**
Forvarsla gamalla skjala sýnd. Á Þjóðskjalasafninu eru skjöl frá því um 1185 og fram á okkar daga. Þar eru 35 hillukílómetrar af skjölum, en sennilega kemstu ekki yfir að skoða þau öll.

19.00-24.00
**Gömul skrift - verðlaunagetraun**
Reyndu að skrifa og lesa gamla skrift. Verðlaunagetraun!

19.00-21.30
**Ættfræðihornið**
Finndu forfeður í kirkjubókum með aðstoð sérfræðinga Þjóðskjalasafns.

21.30-22.00
**Nýr manntalsvefur**
Benedikt Jónsson flytur fyrirlestur um nýjan manntalsvef Þjóðskjalasafnsins.

22.00-22.30
**Góðkynja Íslendingar**
Unnur B. Karlsdóttir flytur fyrirlestur um hugmyndir á fyrri hluta 20. aldar um mannkynbótastefnu í framkvæmd.

23.00-23.59
**Fyrirlestur um Stórubólu**
Eiríkur G. Guðmundsson flytur fyrirlestur um Stórubólu 1707-1709 og viðbrögð stjórnvalda.

22.30-23.00
**Tónleikar - Svavar Knútur**
Svavar Knútur tónlistamaður syngur og leikur fyrir gesti Þjóðskjalasafns.
*Laugavegur 162, 105 Reykjavík*

# Vetrarhátíð laugardaginn 12. febrúar og sunnudaginn 13. febrúar

### BÓKASAFN GARÐABÆJAR

**11.30-13.00 laugardagur**
**Leiklestur fyrir börn**
Anna Brynja Baldursdóttir verður með leiklestur fyrir börn. Hentar vel börnum á aldrinum 5-8 ára en öll börn og fullorðnir eru velkomin.
Hefst kl. 11.30, endurtekið kl. 12.30. Bókasafnið er opið kl. 11-15.

### GRAFÍKSAFN ÍSLANDS

**14.00-18.00 laugardagur**
**Íslensk grafík**
Dagskrá fyrir börn kl. 14-16 á verkstæði félagsins þar sem grafíklistamenn þrykkja með börnum. Sýningarsalur einnig opinn á sunnudag 14-18.

### GRÓFARHÚS

**14.00-16.00 laugardagur**
**Skuggaleikhús**
Bryndís Gunnarsdóttir leiðbeinir börnum og fullorðnum við skuggabrúðugerð. Skuggaleikhús á staðnum til að leika sér í. Í boði Borgarbókasafns, Ljósmyndasafns og Borgarskjalasafns Reykjavíkur.

### HAFNARBORG MENNINGAR- OG LISTAMIÐSTÖÐ HAFNARFJARÐAR

**12.00-17.00 laugardagur**
**Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands - Libia Castro og Ólafur Ólafsson**
Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands eftir Ólaf Árna Ólafsson og Libiu Pérez de Siles de Castro. Eins og titill verksins gefur til kynna er efni þess stjórnarskrá lýðveldisins, en allar áttatíu og ein greinar hennar eru texti við tónverk eftir tónskáldið Karólínu Eiríksdóttur. Gjörningurinn verður fluttur þennan dag.

### KRÓKUR Á GARÐAHOLTI

**13.00-16.00 laugardagur**
**Opið hús í Króki á Garðaholti**
Krókur á Garðaholti er lítill bárujárnsklæddur burstabær sem var endurbyggður úr torfbæ árið 1923. Bílastæði við samkomuhúsið á Garðaholti.

### LISTASAFN REYKJAVÍKUR - HAFNARHÚS

**10.00-17.00 laugardagur og sunnudagur**
**Boðskapur Mothman**
Listamennirnir Hannes Lárusson og Ásmundur Ásmundsson vinna sameiginlega innsetningu og beita þrívíðum tréstrúktúrum, gagnvirkum símarásum og ljósum til að ná fram tilætluðum boðskap og listrænni virkni. Fyrir börn jafnt sem fullorðna. Samkeppni barna um bestu myndina af Mothman. Vegleg verðlaun veitt hæfileikaríku barni.
*Ókeypis aðgangur gegn framvísun þátttökuseðils í Safnanæturleiknum*

**10.00-17.00**
**Myndbands- og hljóðverk/ Án áfangastaðar**
*„Dagskrá myndbands- og hljóðverka:*
**10.00** Hringurinn / Ring Road, Friðrik Þór Friðriksson, 1985 (80 mín.)
**11.30** Hekla, Haraldur Jónsson, 2001 (10 mín.)
**12.00** Skipholt, John Bock, 2005 (55 mín.)
**13.00** Frá Hetty til Nancy / From Hetty to Nancy, Deborah Stratman, 1997 (44 mín.)
**14.00** Bergmál er dvergmál, Kafli 1: Ísland - land án járnbrautar / Das Echo ist der Zwerge Sprache, Teil I: Island - Land ohne Eisenbahn, Wolfgang Müller, 1999 (22 mín.)
**14.30** Rangsælis / Counterclockwise, Ragnheiður Gestsdóttir, 2011 (12 mín.)
**15.00** Skagafjörður, Peter Hutton, 2003 (35 mín.)
**16.00** Í leit að hérna / Searching for Hjetna, Rory Middleton, 2010 (45 mín.)"
*Ókeypis aðgangur gegn framvísun þátttökuseðils í Safnanæturleiknum*

### LISTASAFN SIGURJÓNS ÓLAFSSONAR

**15.00-16.00 laugardagur og sunnudagur**
Súlur Sigurjóns. Leiðsögn
Leiðsögn um sýninguna.

### LISTASAFN ASÍ

**15.00-16.00 sunnudagur**
**Fjölskyldukvintettinn spjallar**
Í tengslum við sýningu Curvers Thoroddsen verður efnt til fjölskylduspjalls þar sem Curver og fjölskylda hans þau Gísli Thoroddsen, Bryndís Hannah, Arnar Eggert Thoroddsen, Eva Engilráð Thoroddsen koma og spjalla saman um verkið og svara spurningum.

### LISTASAFN REYKJAVÍKUR - KJARVALSSTAÐIR

**15.00-16.00 sunnudagur**
**Listamannaspjall: Ragnar Kjartansson**
Ragnar Kjartansson myndlistarmaður og fulltrúi Íslands í Feneyjatvíæringnum árið 2008, tekur þátt í leiðsögn um sýninguna „Sýning sýninganna, Ísland í Feneyjum í 50 ár".
*Ókeypis aðgangur gegn framvísun þátttökuseðils í Safnanæturleiknum*

### ÞJÓÐMINJASAFN ÍSLANDS

**11.00-12.00 laugardagur**
**Leiðsögn á ensku um Þjóðminjasafnið**
Leiðsögn um grunnsýningu, Þjóðminjasafnið ætlað enskumælandi gestum.

**13.00-14.00 laugardagur**
**Leiðsögn um grunnsýningu Þjóðminjasafns Íslands**
Leiðsögn verður um grunnsýningu Þjóðminjasafnsins, Þjóð verður til.

**13.00-14.00 sunnudagur**
**Leiðsögn um ljósmyndasýninguna Ljósmyndari Mývetninga**
Inga Lára Baldvinsdóttir, fagstjóri myndasafns Þjóðminjasafns Íslands, mun leiðsegja gestum um nýja ljósmyndasýningu safnsins, Ljósmyndari Mývetninga-Mannlífsljósmyndir Bárðar Sigurðssonar frá upphafi 20.aldar.

**15.00-16.00 sunnudagur**
**Leiðsögn um sýninguna Guðvelkomnir, góðir vinir!**
Lilja Árnadóttir, fagstjóri munasafns, mun leiðsegja gestum um nýja sýningu Þjóðminjasafns Íslands á íslenskum, útskornum drykkjarhornum.

*Ókeypis aðgangur gegn framvísun þátttökuseðils í Safnanæturleiknum á alla viðburðina.*

# Heimsdagur barna laugardagur 12. febrúar 13.00-17.00

MENNINGARMIÐSTÖÐINNI GERÐUBERGI OG FRÍSTUNDAMIÐSTÖÐINNI MIÐBERGI, GERÐUBERGI 3-5, 111 REYKJAVÍK

Á Heimsdeginum býðst börnum og fjölskyldum þeirra að taka þátt í fjölbreyttum listsmiðjum. Að þessu sinni tengjast smiðjurnar goðsögum frá ýmsum heimshornum. Á heimasíðu Gerðubergs er hægt að nálgast dagskrá Heimsdagsins á átta tungumálum því auk íslensku hefur hún verið þýdd á ensku, spænsku, albönsku, pólsku, taílensku, litháísku og rússnesku. www.gerduberg.is/www.vetrarhatid.is

Listsmiðjurnar á Heimsdeginum standa yfir frá kl. 13 til 16. Í smiðjunum er hægt að taka þátt í að búa til stóran dreka sem leiddur verður út á lokahátíð eða búa til lítinn dreka til að taka með sér heim. Einnig gefst börnum kostur á að taka þátt í suðrænni danssmiðju, bregða sér í gervi Drakúla eða læra nokkur töfrabrögð í galdrasmiðju Merlins.

Heimsdegi barna lýkur með því að allir þátttakendur hópast út á torgið á milli Miðbergs og Gerðubergs kl. 16.

**VERNDARGRIPIR GOÐANNA**

Langar þig til að búa til þinn eigin verndargrip? Rúnir eru fornt stafróf sem fyrst og fremst voru höggnar í stein eða ristar í tré. Komdu og settu þína rún á viðarbút sem þú getur borið um hálsinn.

***Smiðjustjóri:** Þórdís Halla Sigmarsdóttir*

**HRAFNAR ÓÐINS**

Komdu og búðu til þinn eigin fréttahrafn. Huginn og Muninn voru hrafnar Óðins, sem var æðsta goðið í norrænu goðafræðinni. Á daginn flugu hrafnarnir um allan heim og öfluðu tíðinda en á kvöldin sátu þeir á öxlum Óðins og krúnkuðu fréttunum í eyru hans.

***Smiðjustjóri:** Guðmunda Óskarsdóttir*

**ENGIN VENJULEG DÝR!**

Komdu og búðu til Sleipni, áttfættan hest Óðins, ketti ástargyðjunnar Freyju eða svínið Sæhrímni sem eldað var á hverju kvöldi í Valhöll. Hráefnið eru venjulegir pappadiskar sem á undraverðan hátt breytast í dýr og skepnur úr norrænu goðafræðinni.

***Smiðjustjóri:** Rosalie Alegre*

**DVERGAR FÓRU AÐ DRULLUMALLA**

Göldróttu svartálfarnir í norrænu goðafræðinni voru sannir hagleikssmiðir sem gátu smíðað töfragripi. Þessir dvergar gerðu til að mynda galdrafjöturinn sem Fenrisúlfurinn í Gerðubergi er bundinn með. Komdu og búðu til þinn eigin dverg og gefðu honum alvöru dverganafn.

***Smiðjustjóri:** Kristín Ragna Gunnarsdóttir*

**FREYJUKLATTAR OG VALKYRJUGLÖGG**

Lummurnar hennar Freyju eru ómótstæðilegar enda bornar fram með gullsósu sem gerð er úr tárum ástargyðjunnar. Valkyrjurnar drukku sérstakt töfraglögg áður en þær fóru og sóttu menn sem fórust í bardögum til að búa í Valhöll. Komdu og gæddu þér á veitingum sem eldaðar eru úti yfir opnum eldi.

***Smiðjustjórar:** Nichole Leigh Mosty og Anita Krasniqi*

**RÓMVERSK HLJÓÐFÆRASMIÐJA**

Á tímum Rómverja voru ýmis hljóðfæri notuð við tilbeiðslu guðanna. Komdu og búðu til þína eigin panflautu, trommu, hristu eða blásturshljóðfæri. Á lokahátíð úti við gefst kjörið tækifæri til að taka hraustlega undir með söng og hljóðfæraleik með eigin hljóðfæri.

***Smiðjustjórar:** Pamela De Sensi, Hjörtur Hjartarson, Heiðrún Fivelstad og Hugrún Helgadóttir.*

**SUÐRÆN OG SEIÐANDI DANSSMIÐJA**

Taktu þátt í danssmiðju þar sem kennd verða vel valin spor undir ljúfum tónum frá Suður-Ameríku og Kúbu. Á lokahátíðinni úti á torgi gefst tækifæri til að dansa við trumbuslátt og annan hljóðfæraleik.

***Smiðjustjóri:** Edna Mastache*

**REKASMIÐJA**

Drekar koma fyrir í goðsögum margra landa. Pappírsbrot, eða origami, er ævaforn japönsk listgrein sem felst í að búa til skrautmuni með því einu að brjóta saman pappír. Taktu þátt í að búa til stóran austurlenskan dreka og fylgdu honum í lokahátíðinni á torginu.

***Smiðjustjóri:** Björn Finnsson*



**KÍNVERSKUR DREKI**

Komdu og búðu til lítinn dreka til að taka með þér heim. Kínversku drekarnir eru gjarnan litríkir og geta hlykkjast um eins og alvöru drekar. Sá blái er veðurdreki og Manchu-drekinn getur breytt um ham – hvernig er þinn dreki?

***Smiðjustjóri:** Katarzyna Woźniewska*

**LEIKBRÚÐUSMIÐJA SEIFS OG AFRÓDÍTU**

Það er gaman að töfra fram einfaldar leikbrúður úr pappír. Í grísku goðafræðinni eru margar heillandi persónur; Seifur er æðsta goðið, Aþena er hagleiksgyðja og Afródíta er gyðja ástar og fegurðar. Lærðu að gera eigin leikbrúðu með grísku goði.

***Smiðjustjóri:** Hugrún Ýr Magnúsdóttir*

**DRAKÚLA**

Viltu bregða þér í gervi Drakúla? Sagan um Drakúla greifa í kastalanum í Transylvaníu byggir á ýmsum þjóðsögum um vampírur. Hann er ákaflega fölur, er með blóðrauðar varir og rauð augu og undan efri vör hans glittir í hvítar vígtennur – Drakúla er hrylllllilegur!

***Smiðjustjóri:** Kristín Þóra Guðbjartsdóttir*

**GALDRASMIÐJA MERLINS**

Goðsagnapersónan Merlin er galdramaður frá Englandi sem tengist sögunni af Arthúri konungi og riddurum hringborðsins. Jón Víðis töframaður bregður sér í hlutverk Merlins og kennir okkur nokkur skemmtileg töfrabrögð.

***Smiðjustjóri:** Jón Víðis Jakobsson töframaður*

## Kærleikar sunnudagur 13. febrúar kl. 17.30 á Austurvelli

# Vilja setja Íslandsmet í hópknúsi

**Hátíðin Kærleikar verður haldin í þriðja sinn á sunnudaginn. Hún hefst með lúðraþyt við sólsetur á Austurvelli.**

„Kærleikar snúast um að efla samkennd, fagna því að við búum í samfélagi og finna að við þurfum á hverju öðru að halda, að allir séu mikilvægir,“ segir Bergljót Arnalds, sem er hugmyndasmiður og skipuleggjandi Kærleikanna. „Við kveikjum á kyndlum og reynum að veita lit og ljósi í hjörtu okkar á þessum dimma árstíma og þessum oft kaldranalegu tímum,“ segir Bergljót sem stendur nú fyrir Kærleikum í þriðja sinn en fyrstu Kærleikarnir voru haldnir í kjölfar hrunsins. „Þá var reiðin sem mest og mig langaði að við tækjum smá stund og fögnuðum ástinni og því sem tengir okkur saman,“ segir Bergljót en fyrir þremur árum lentu Kærleikarnir á Valentínusardag. „Þá þótti þörf á þessu og svo virðist enn vera í dag.“

Kærleikarnir hefjast með lúðrablæstri Lúðrasveitar verkalýðsins klukkan 17.30 á Austurvelli og standa í um klukkustund. „Ýmsir þekktir einstaklingar leggja fram fallega hugsun um kærleikann og þá höfum við örlitla þögn þar sem við sendum öll jákvæða strauma út í samfélagið,“ segir Bergljót. Ragnheiður Gröndal flytur lag áður en gengin er Kærleiksganga í kringum tjörnina en hljóðfæraleikarar leika þekkt ástarlög á göngunni. „Leikhópar munu taka á móti göngunni og koma fólki á óvart með skemmtilegum uppátækjum og svo munu kórar Reykjavíkur safnast saman við Reykjavíkurtjörn og taka lagið fyrir framan Iðnó undir stjórn Jóns Stefánssonar,“ upplýsir Bergljót.

Síðustu tvö ár hafa leikarar veitt ókeypis knús á Kærleikunum, verður framhald á því? „Jú en í ár bætum við um betur og vonandi mæta svo margir að við getum sett Íslandsmet í hópknúsi,“ segir Bergljót glaðlega. Hún minnir fólk einnig á að litur hátíðarinnar sé rauður og því upplagt að mæta með eitthvað rautt, til dæmis rauðan trefil, vettlinga eða vera í rauðri peysu.

*- sg*



**Bergljót efnir til Kærleika í þriðja sinn á sunnudaginn. Lúðrasveit verkalýðsins tekur á móti fólki með lúðraþyt áður en haldið er í Kærleiksgöngu í kringum Tjörnina.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Laxdæla lifnar við í Víkinni

**Brúðuleiksýning um Laxdælu er í mótun og geta gestir Safnanætur fengið smjörþefinn í Víkinni í kvöld.**



Helga Arnalds og Hallveig Thorlacius stýra brúðuleikhúsi í dag í Sjóminjasafninu Víkinni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Laxdæla lifnar við með hjálp brúðuleikaranna og mæðgnanna Hallveigar Thorlacius og Helgu Arnalds í Sjóminjasafninu í kvöld. Um er að ræða verk í vinnslu sem þær mæðgur hafa unnið upp úr Laxdælu og verður sýnt fyrir börn í grunnskólum Reykjavíkur í Víkinni þegar vorar.

Björgvin Halldórsson var síðastliðinn nýársdag sæmdur riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu af forseta Íslands. „Það var mjög skemmtileg tilfinning og ég lít svo á að ég hafi tekið við þessari viðurkenningu fyrir hönd íslenskra tónlistarmanna,“ segir Björgvin um atvikið. Björgvin segir að erfitt sé að velja minnisstæðustu atvikin af ferlinum, þau séu allt of mörg fyrir upptalningu: „En mér líður eins og þessi 40 ár hafi liðið á örskotsstundu þó að skemmtilegu hlutirnir sitji eftir,“ bætir hann við.

Björgvin hefur sett saman hljómsveit sérstaklega fyrir tónleikana en hana skipa margir af færustu hljóðfæraleikurum landsins. Þá kíkja góðir gestir í heimsókn en Eyjólfur Kristjánsson, Jóhanna Guðrún, Krummi, Mugison og Sigríður Thorlacius hafa þegar boðað komu sína og ekki er loku fyrir það skotið að fleiri bætist í hópinn þegar nær dregur. „Hugsunin er að hafa þetta kósí kvöldstund með tónlist og spjalli, við ætlum að ná upp svona tjaldsamkomustemningu,“ segir Björgvin sem er alls ekki orðinn þreyttur á því að troða upp. „Ég finn ekkert fyrir því að hafa náð þessum aldri. Ég hef aldrei verið í betra stuði en



**AFMÆLISTÓNLEIKAR Í HÁSKÓLABÍÓI** Björgvin Halldórsson fagnar 60 ára afmæli sínu með tónleikum 16. apríl.











www.urdarhvarf.is

TIL LEIGU – URÐARHVARF 6, KÓPAVOGI

HAGKVÆMIR FERMETRAR Í VANDAÐRI BYGGINGU

SKRIFSTOFUAÐSTAÐA Í FYRSTA FLOKKI Á GÓÐUM STAÐ

Fullbúin, um 8.200 m² bygging í hæsta gæðaflokki, tilbúin til útleigu.
Frábært skipulag er í húsinu, tölvulagnir, hýsingarsalur og fullkomin loftræsting.
Tveir ljósleiðarar liggja að húsinu. Möguleiki er á samnýtingu rýmis:

*Miðlæg móttaka*
*Fundar- og ráðstefnurými á jarðhæð*
*Fullkomið mötuneyti*
*Bílakjallari*

Húsið leigist að hluta eða í heilu lagi. Möguleiki er á rými frá 225 m².

Nánari upplýsingar:
**Örn V. Kjartansson | orn@m3.is | Sími 825 9000**
**Hermann Guðmundsson | hermann@m3.is | Sími 661 4700**

m3 FASTEIGNARÁÐGJÖF LEIGUMIÐLUN

# sport

sport@frettabladid.is



**EYJÓLFUR SVERRISSON** samþykkti í gær að gerast aðstoðarþjálfari Pierre Littbarski hjá þýska liðinu VfL Wolfsburg út þessa leiktíð. „Þetta er mikil áskorun fyrir mig og ég vil hjálpa VfL að komast aftur á beinu brautina,“ sagði Jolly í fréttatilkynningu frá VfL Wolfsburg. Eyjólfur var mættur út á æfingasvæði í dag en fyrsti leikur Wolfsburg undir stjórn hans og Littbarski verður á móti Hamburger SV á heimavelli á morgun.

FH-ingar unnu tíu marka sigur á Valsmönnum í gær:

## Hafnfirsk einbeiting í 60 mínútur

**HANDBOLTI** „Allt liðið átti góðan leik, bæði í vörn og sókn,“ sagði stórskyttan Ólafur Andrés Guðmundsson hjá FH eftir að liðið vann sannfærandi sigur, 34-24, gegn Valsmönnum í gær. „Við vorum með fulla einbeitingu allan tímann og spiluðum okkar leik frá upphafi til enda.“ Valsmenn höfðu einu sinni forystu í leiknum en það var þegar staðan var 2-3. Í kjölfarið kom svo 7-1 kafli hjá FH-ingum sem náðu öruggri forystu og létu hana ekki af hendi. Staðan í hálfleik var 17-13.

Valsmenn reyndu hvað þeir gátu að saxa á forskotið en gerðu of mörg mistök í sóknarleiknum og var refsað með öflugum hraðaupphlaupum heimamanna.

Anton Rúnarsson var sá eini sem var að ná að þenja netmöskvana á marki FH en liðsheildin hjá Hafnarfjarðarliðinu var gríðarlega sterk. „Við höfum áður mætt FH-ingum svona öflugum en við áttum engin svör í dag.

Við gerðum allt of mörg mistök,“ sagði Óskar Bjarni Óskarsson, þjálfari Vals.

Pálmar Pétursson byrjaði í markinu hjá FH en svo kom Daníel Andrésson inn og komst í magnaðan gír. Óskar Bjarni segir að frammistaða hans hafi gert útslagið í leiknum.



**ÓLAFUR GUÐMUNDSSON** Skoraði 8 mörk úr 11 skotum. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Þegar FH finnur taktinn eins og liðið gerði í gær er það illviðráðanlegt. Sama hver mótherjinn hefði verið í gær hefði heimasigur orðið raunin. Liðið er enn í þriðja sætinu en getur minnkað forystu Akureyrar á toppnum eftir viku þegar liðin mætast í stórleik fyrir norðan.

- egm


TAL

VIÐ ERUM AÐ LEITA AÐ ÞÉR!

Ef þú ert opinn og skemmtilegur sölusnillingur þá langar okkur að fá þig í liðið okkar.

Við erum að leita að appelsínugulum Talsmönnum sem búa yfir hæfni í mannlegum samskiptum, stundvísi og metnaði.

Umsóknir sendist á atvinna@talsala.is

MINNA BRUÐL. MEIRA TAL.


# Þurfa að vera klikkaðir

**Íslandsmeistarar Snæfells unnu afar sætan sigur á Grindavík suður með sjó í gær. Leikurinn var mjög sveiflukenndur en taugar meistaranna reyndist sterkari að lokum. Svekkelsi Grindvíkinga var mikið.**

**KÖRFUBOLTI** Grindavík tókst ekki að koma sér á topp Iceland Express deildar karla er það fékk Íslandsmeistara Snæfells í heimsókn í gær. Enn eina ferðina sýndi Snæfellsliðið mikinn karakter á örlagastundu á meðan leikmenn Grindavíkur virtust fara á taugum. Lokatölur 86-90 fyrir Snæfell.

Jafnræði var með liðunum framan af en Snæfell tók fínan kipp í öðrum leikhluta og náði 15 stiga forskoti fyrir hlé, 38-53. Hálfleiksræða Helga Jónasar Guðfinnssonar, þjálfara Grindavíkur, hefur verið af dýrari gerðinni því strákarnir hans mættu trítilóðir til leiks í síðari hálfleik. Skoruðu 16 fyrstu stig hálfleiksins og komust yfir. Ótrúleg spilamennska.

„Við vorum sjálfum okkur verstir á þessum kafla og vorum að tapa boltanum á fáránlegum stöðum. Við gáfum þeim allt of auðveldar körfur, stemningskörfur sem kveiktu í þeim. Á meðan vorum við ekki tilbúnir, sem er ekki ásættanlegt,“ sagði Ingi Þór Steinþórsson, þjálfari Snæfells.



**JÓN ÓLAFUR JÓNSSON** Lék vel með Snæfellsliðinu í Grindavík. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Snæfell kom til baka og liðin héldust í hendur allt þar til þrjár mínútur voru eftir af leiknum. Þá náði Grindavík átta stiga forskoti, 82-74, og virtist ætla að sigla sigri í hús. Þá kom Snæfell til baka, fór að raða niður þriggja stiga körfum og Jón Ólafur kom þeim loks yfir, 84-86, með fallegri þriggja stiga körfu. Það fór gjörsamlega allt niður á meðan leikur Grindavíkur hrundi. Þessu forskoti hélt Snæfell til enda og fagnaði afar sætum sigri.

„Við sýndum frábæran karakter. Það er líka stroka á bænum og úlnliðurinn er í lagi hjá þessum strákum,“ sagði Ingi Þór glettinn. „Þetta er sjálfstraust og menn þurfa líka að vera svolítið klikkaðir til þess að gera þetta. Ef menn eru klikkaðir er oft stutt í sjálfstraustið. Þetta var afar mikilvægur og ljúfur sigur.“

Helgi Jónas Guðfinnsson, þjálfari Grindavíkur, gaf ekki kost á viðtali eftir leik. Hann var svo reiður að hann sagðist líklega bara segja tóma vitleysu. Ryan Pettinella bauð aftur á móti upp á viðtal en hann var rosalegur í leiknum með 35 stig og 20 fráköst.

„Þetta er afar svekkjandi því við vissum hversu mikilvægur þessi leikur væri. Við spiluðum harðan bolta í 37 mínútur en við brotnuðum saman síðustu þrjár mínúturnar,“ sagði Pettinella svekktur.

„Það var svakalegt að missa þetta svona niður en andlega hliðin brást hjá okkur. Það er varla hægt að útskýra það öðruvísi.“

henry@frettabladid.is



**INGI ÞÓR STEINÞÓRSSON** Er með Snæfellsliðið í efsta sætinu.

## KARFAN Í GÆR

### *Iceland Express deild karla*

Grindavík-Snæfell 86-90 (38-53)

**Stig Grindavíkur:** Ryan Pettinella 35 (20 fráköst), Kevin Sims 17, Ólafur Ólafsson 9, Þorleifur Ólafsson 8, Ómar Örn Sævarsson 7 Mladen Soskic 6, Páll Axel Vilbergsson 4.

**Stig Snæfells:** Jón Ólafur Jónsson 26, Zeljko Bojovic 22 (10 fráköst), Sean Burton 16 (9 stoðs.), Pálmi Freyr Sigurgeirsson 15, Atli Rafn Hreinsson 6, Sveinn Arnar Davíðsson 5.

Keflavík-Fjölnir 116-85 (59-42)

**Stig Keflavíkur:** Thomas Sanders 19, Gunnar Einarsson 16, Sigurður Gunnar Þorsteinsson 14, Magnús Þór Gunnarsson 14, Jón Nordal Hafsteinsson 10, Andrija Ciric 9, Hörður Axel Vilhjálmsson 9 (8 fráköst/9 stoðsendingar), Halldór Örn Halldórsson 9 (11 fráköst), Gunnar H. Stefánsson 8, Þröstur Leó Jóhannsson 5, Hafliði Már Brynjarsson 3.

**Stig Fjölnis:** Brandon Springer 26, Tómas Heiðar Tómasson 16, Jón Sverrisson 11, Arnþór Freyr Guðmundsson 9, Andrew Nicholas Bennett 7, Ægir Þór Steinarsson 6 (9 fráköst/11 stoðsendingar), Magni Hafsteinsson 5, Sindri Kárason 3, Elvar Sigurðsson 2.

**STAÐAN Í DEILDINNI:**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| **Snæfell** | **17** | **14** | **3** | **1639-1531** | **28** |
| Grindavík | 17 | 12 | 5 | 1425-1330 | 24 |
| **KR** | **16** | **12** | **4** | **1566-1365** | **24** |
| Keflavík | 17 | 12 | 5 | 1584-1457 | 24 |
| **Haukar** | **16** | **8** | **8** | **1351-1392** | **16** |
| Stjarnan | 16 | 8 | 8 | 1379-1399 | 16 |
| **Tindastóll** | **16** | **7** | **9** | **1277-1340** | **14** |
| ÍR | 16 | 6 | 10 | 1414-1466 | 12 |
| **Njarðvík** | **16** | **6** | **10** | **1278-1339** | **12** |
| Fjölnir | 17 | 5 | 12 | 1487-1573 | 10 |
| **Hamar** | **16** | **5** | **11** | **1277-1352** | **10** |
| KFÍ | 16 | 3 | 13 | 1362-1495 | 6 |

## N1-DEILD KARLA

FH-Valur 34-24 (17-13)

**Mörk FH (skot):** Ásbjörn Friðriksson 9/1 (12/1), Ólafur Guðmundsson 8 (11), Halldór Guðjónsson 5 (7), Baldvin Þorsteinsson 4 (7), Atli Rúnar Steinþórsson 3 (5), Örn Ingi Bjarkason 2 (3), Hjörtur Hinriksson 1 (1), Ólafur Gústafsson 1 (1), Benedikt Kristinsson 1 (1).

**Varin skot:** Daníel Andrésson 10/1, Pálmar Pétursson 8/1.

**Hraðaupphlaup:** 8 (Ólafur 4, Baldvin 2, Halldór 2). **Fiskuð víti:** 1 (Atli Rúnar)

**Utan vallar:** 8 mínútur.

**Mörk Vals (Skot):** Anton Rúnarsson 9/1 (11/1), Ernir Hrafn Arnarson 5/1 (10/2), Valdimar Fannar Þórsson 3 (7), Orri Freyr Gíslason 2 (3), Heiðar Þór Aðalsteinsson 2 (3), Alex Jedic 2 (6), Sturla Ásgeirsson 1 (4/1), Einar Örn Guðmundsson (1).

**Varin skot:** Hlynur Morthens 10, Friðrik Þór Sigmarsson 3.

**Hraðaupphlaupsmörk:** 2 (Anton, Sturla)

**Fiskuð víti:** 4 (Hjálmar Arnarson, Orri, Einar, Ernir). **Brottvísanir:** 6 mínútur.

Selfoss-Akureyri 28-36 (13-16)

**Mörk Selfoss:** Atli Kristinsson 6, Ragnar Jóhannsson 6, Andrius Zigelis 4, Milan Ivancev 4, Guðjón Drengsson 4, Einar Héðinsson 2, Atli Hjörvar Einarsson 1, Helgi Héðinsson 1.

**Mörk Akureyrar:** Oddur Gretarsson 10, Bjarni Fritzson 10, Daníel Einarsson 5, Guðmundur Hólmar Helgason 4, Bergvin Þór Gíslason 3, Heimir Örn Árnason 2, Halldór Logi Árnason 1, Hörður Fannar Sigþórsson 1.

Haukar-HK 22-23 (11-10)

**Mörk Hauka:** Tjörvi Þorgeirsson 8, Þórður Rafn Guðmundsson 4, Stefán Rafn Sigurmannsson 4, Guðmundur Árni Ólafsson 3, Freyr Brynjarsson 1, Jónatan Ingi Jónsson 1, Heimir Óli Heimisson 1.

**Mörk HK:** Ólafur Bjarki Ragnarsson 7, Atli Ævar Ingólfsson 5, Bjarki Már Elísson 4, Bjarki Már Gunnarsson 2, Vilhelm Gauti Bergsveinsson 2, Hörður Másson 1, Sigurjón Björnsson 1, Leó Snær Pétursson 1.

Afturelding-Fram 27-28 (8-16)

**Mörk Aftureldingar:** Hilmar Stefánsson 5, Sverrir Hermannsson 4, Ásgeir Jónsson 3, Aron Gylfason 3, Jóhann Jóhannsson 3, Arnar Theódórsson 3, Haukur Sigurvinsson 3, Hrafn Ingvason 1, Reynir Ingi Árnason 1, Bjarni Aron Þórðarson 1.

**Mörk Fram:** Haraldur Þorvarðarson 7, Magnús Stefánsson 6, Einar rafn Eiðsson 5, Andri Berg Haraldsson 4, Kristján Kristjánsson 3, Halldór Jóhann Sigfússon 1, Matthías Daðason 1, Jóhann Gunnar Einarsson 1.

**STAÐAN Í DEILDINNI:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Akureyri** | **13** | **11** | **1** | **1** | **390-339** | **23** |
| Fram | 13 | 9 | 1 | 3 | 426-370 | 19 |
| **FH** | **13** | **8** | **1** | **4** | **376-347** | **17** |
| HK | 13 | 8 | 1 | 4 | 376-347 | 17 |
| **Haukar** | **13** | **8** | **0** | **5** | **390-399** | **16** |
| Valur | 13 | 4 | 0 | 9 | 332-370 | 8 |
| **Afturelding** | **13** | **2** | **0** | **11** | **324-364** | **4** |
| Selfoss | 13 | 1 | 1 | 11363-415 | | 3 |





Meðal annars efnis:

**2.500 krónur geta hjálpað alnæmissjúklingi í Afríku að verða sjálfbjarga á ný**

- Rætt við Rögnu Guðbrandsdóttur, sjálfboðaliða í Úganda.

**Hreinar línur**

- Helstu tíðindin frá tískuvikunni í Kaupmannahöfn.

Helgar FRÉTTABLAÐIÐ blað

alla laugardaga

Ekki missa af Fréttablaðinu um helgina

# ÚTSÖLULOK
Á SUNNUDAGINN

# 30% AFSLÁTTUR!*
## AF OUTLET-VERÐUM



GERÐU FRÁBÆR KAUP!

*Gildir ekki af öðrum sértilboðum, DVD og húsgögnum

### FJÖLDI VÖRUMERKJA!

- Fatnaður fyrir alla fjölskylduna
- Íþróttafatnaður
- Skór
- Töskur
- Skartgripir
- Málverk

---

## GÖTUMARKAÐUR

next

ALLAR NEXT VÖRUR
KR. 500 EÐA KR. 1.000

NÝJAR VÖRUR ALLA DAGA!

Stærsti lagermarkaður landsins!

KORPU OUTLET

KORPUOUTLET, KORPUTORGI • Opið mánudag til laugardags frá 11 til 18 • Sunnudaga frá 12 til 18 • S. 578 9400

## > Jack Nicholson

„Aðalstjarnan á tökustað er eins og sprengja. Það verður að aftengja sprengjuna svo fólk geti nálgast hana án ótta.“

***Jack Nicholson leikur geimfara sem sestur er í helgan stein í rómantísku gamanmyndinni Terms of Endearment en myndin skartar einnig þeim Shirley MacLaine, Danny DeVito og Debra Winger í aðalhlutverkum og er hún á Stöð 2 Bíó kl. 22.***



# dagskrá

### VIÐ TÆKIÐ RAGNHEIÐUR TRYGGVADÓTTIR FYLGIST MEÐ HJÓNABANDI MIÐILS

## Efasemdarmaðurinn Joe Dubois

Miðillinn Alison Dubois er lögreglunni innan handar við rannsóknir á glæpum í þáttunum Medium. Hún getur átt samskipti við framliðna og dreymir oft atburðarás glæpaverka, hvort sem er áður eða eftir að þau gerast. Dóttir hennar á unglingsaldri virðist einnig búa yfir sömu gáfu, og eins yngsta dóttirin en Alison á þrjár dætur. Heimilislífið er því oft ansi skrautlegt en mæðgurnar hafa einnig verið „andsetnar“ og þá framkvæmt hluti sem þær myndu annars aldrei gera.

Heimilisfaðirinn Joe er alveg laus við þessa gáfu og þarf að láta sér lynda að kona hans vakni upp með andfælum um miðja nótt og rjúki jafnvel út úr húsi að elta morðingja. Alison kemur „venjulegu“ fólki oft undarlega fyrir sjónir þegar hún talar



einhverja vitleysu um eitthvað yfirnáttúrulegt sem hún sér. Oft hefur hún dregið ályktanir af draumum sínum sem reynast síðan ekki á rökum reystar og þarf að éta ofan í sig vitleysuna.

Allan tímann sem þau hjónin hafa verið gift hefur Alison átt þessi samskipti við framliðna og borið skilaboð á milli. Yfirleitt enda allir þættir á að lögreglan handsamar morðingja eftir ábendingum hennar. Þrátt fyrir þetta er Joe alltaf jafn efins. Hann er alltaf jafn úrillur þegar Alison vekur hann og tekur því alltaf jafn illa þegar hún rýkur af stað.

Sumir eru auðvitað jarðbundnari en aðrir. Jarðtenging Joe hlýtur þó að vera óvenju sterk fyrst hann getur alltaf efast þó samskipti við andaheiminn séu daglegur partur af heimilislífinu.

### SJÓNVARPIÐ

**16.10 Jóhann Kristinn Pétursson - Stóri Íslendingurinn** (e)

**17.10 Átta raddir** (5:8) (e)

**17.50 Táknmálsfréttir**

**18.00 Otrabörnin** (8:26)

**18.22 Pálína** (3:28)

**18.30 Hanna Montana**

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veðurfréttir**

**19.35 Kastljós**

**20.10 Útsvar** Spurningakeppni sveitarfélaganna. Lið Álftaness og Fjarðabyggðar eigast við.

**21.15 Í álögum** Bandarísk gamanmynd frá 2005. Leikari sem ætlar að hressa upp á feril sinn með því að endurgera gamla gamanmynd velur óþekkta konu til að leika á móti sér svo að hún skyggi ekki á hann en veit ekki að hún er norn.

**23.00 Barnaby ræður gátuna - Dauðsföll í kórnum** Bresk sakamálamynd byggð á sögu eftir Caroline Graham þar sem Barnaby lögreglufulltrúi glímir við dularfull morð í ensku þorpi. Meðal leikenda eru John Nettles og John Hopkins.

**00.20 Kastljós** (e)

**00.35 Ira og Abby** Bandarísk bíómynd frá 2006. (e)

**00.50 Kiljan**. (e)

**02.15 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

### BÍÓ

**06.05 Paul Blart: Mall Cop**

**08.00 Back to the Future**

**10.00 27 Dresses**

**12.00 Dave Chappelle's Block Party**

**14.00 Back to the Future**

**16.00 27 Dresses**

**18.00 Dave Chappelle's Block Party**

**20.00 Paul Blart: Mall Cop**

**22.00 Terms of Endearment**

**00.10 Find Me Guilty**

**02.10 Friday the 13th**

**04.00 Terms of Endearment**

### STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**

**08.15 Oprah**

**08.55 Í fínu formi**

**09.10 Bold and the Beautiful**

**09.30 The Doctors**

**10.15 60 mínútur**

**11.00 ,Til Death** (4:15)

**11.25 Auddi og Sveppi**

**11.50 Mercy** (17:22)

**12.35 Nágrannar**

**13.00 Making Over America With Trinny & Susannah** (5:7)

**13.45 The Spiderwick Chronicles**

**15.30 Barnatími Stöðvar 2**

**17.10 Bold and the Beautiful**

**17.33 Nágrannar**

**17.58 The Simpsons** (4:22)

**18.23 Veður**

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**

**18.47 Íþróttir**

**18.54 Ísland í dag**

**19.11 Veður**

**19.20 Auddi og Sveppi**

**19.50 Logi í beinni** Laufléttur og skemmtilegur þáttur með spjallþáttakonungnum Loga Bergmann.

**20.35 American Idol** (7:45) Vinsælasti skemmtiþáttur veraldar snýr aftur í tíunda skiptið. Níu sigurvegarar fyrri þáttaraða hafa slegið í gegn um allan heim og mun fleiri keppendur eru orðnir frægir söng- og leikarar.

**21.20 American Idol** (8:45)

**22.05 Stuck on You** Þessi frábæra grínmynd er úr smiðju Farrelly-bræðra og skartar Matt Damon, Greg Kinnear og Evu Mendes í aðalhlutverkum. Myndin segir frá síamstvíburum sem flytja til Los Angeles svo að annar þeirra geti reynt fyrir sér í leiklistarbransanum.

**00.00 One Missed Call** Hrollvekja um fólk sem fer að fá skilaboð í talhólfið frá sjálfu sér úr framtíðinni. Skilaboðin eru öll um hvar, hvenær og hvernig þau munu deyja.

**01.25 Impulse**

**03.05 The Spiderwick Chronicles**

**04.40 Auddi og Sveppi**

**05.05 Til Death** (4:15)

**05.30 Fréttir og Ísland í dag**

### SPORT *besta sætið*

**17.40 Þýski handboltinn: Grosswallstadt - Magdeburg** Útsending frá leik Grosswallstadt og Magdeburg í þýska handboltanum.

**19.05 Spænsku mörkin** Sýnt frá öllum leikjunum, öllum mörkunum og öllum helstu tilþrifunum úr leikjum helgarinnar í spænska boltanum.

**20.00 Fréttaþáttur Meistaradeildar Evrópu** Skyggnst á bakvið tjöldin hjá liðunum sem leika í Meistaradeild Evrópu. Hitað upp fyrir komandi leiki og um leið hinir ýmsu leikir krufðir til mergjar.

**20.30 La Liga Report** Leikir helgarinnar í spænska boltanum krufðir til mergjar og hitað upp fyrir leikina á Spáni.

**21.00 Main Event** Sýnt frá World Series of Poker 2010 en þangað voru mættir til leiks allir bestu og snjöllustu pókerspilarar heims.

**21.50 European Poker Tour 6 - Pokers** Sýnt frá European Poker Tour þar sem mætast margir frábærir spilarar.

**22.40 UFC Live Events 125** Útsending frá bardagamóti í Las Vegas. Aðalbardaginn er á milli Frankie Edgar og Gary Maynard um heimsmeistaratitil í léttvigt.

### SPORT 2 *enski boltinn*

**16.00 Sunnudagsmessan**

**17.00 Newcastle - Arsenal** Útsending frá leik Newcastle United og Arsenal í ensku úrvalsdeildinni.

**18.45 Tottenham - Bolton** Útsending frá leik Tottenham Hotspur og Bolton Wanderers í ensku úrvalsdeildinni.

**20.30 Ensku mörkin 2010/11** Sýnt frá öllum leikjunum í ensku úrvalsdeildinni. Öll mörkin, allir leikirnir og öll helstu tilþrifin krufin til mergjar.

**21.00 Premier League Preview 2010/11**

**21.30 Premier League World 2010/11**

**22.00 Charlton** Í þessum frábæru þáttum eru skoðaðir margir af fremstu knattspyrnumönnum sögunnar. Að þessu sinni verður fjallað um Bobby Charlton sjálfan.

**22.30 Premier League Preview 2010/11**

**23.00 Man. City - WBA**

### SKJÁREINN

**07.30 Game Tíví** (3:14)

**08.00 Dr. Phil** (111:175)

**08.45 Pepsi MAX tónlist**

**16.55 FORD stúlkurnar 2011: Lokakvöld og úrslit** (2:2)

**17.20 Dr. Phil** (112:175)

**18.05 Life Unexpected** (10:13)

**18.50 Melrose Place** (15:18)

**19.35 America's Funniest Home Videos** (2:50)

**20.00 Will & Grace** (15:22) Endursýningar frá upphafi á hinum frábæru gamanþáttum.

**20.25 Got to Dance** (6:15) Hæfileikaríkustu dansararnir keppa sín á milli.

**21.15 HA?** (4:12) Nýr íslenskur skemmtiþáttur með spurningaívafi. Umsjónarmaður þáttarins er leikarinn góðkunni Jóhann G. Jóhannsson en honum til halds og trausts eru þau Edda Björg og Sólmundur Hólm.

**22.05 The Bachelorette** (6:12) Bandarísk raunveruleikasería.

**23.35 30 Rock** (10:22)

**00.00 The L Word** (8:8)

**00.10 Dr. Phil** (109:175)

**00.50 Saturday Night Live** (5:22)

**00.50 Dr. Phil** (110:175)

**01.45 Slackers**

**03.15 Will & Grace** (15:22)

**03.35 Jay Leno** (192:260)

**04.20 Jay Leno** (193:260)

**05.05 Pepsi MAX tónlist**

### SKJÁRGOLF

**08.40 Golfing World** (19:240)

**09.30 Dubai Desert Classic** (2:4) Þetta stórmót er hluti af evrópsku mótaröðinni og það sem meira er, er þetta fyrsta mót ársins sem Tiger Woods hefur boðað komu sína á.

**13.30 AT&T Pebble Beach** (1:4) Þetta stórmót er fastur punktur í lífi margra atvinnukylfinga en það var stórsöngvarinn Bing Crosby sem kom því á laggirnar árið 1937.

**16.00 Dubai Desert Classic** (2:4)

**20.00 AT&T Pebble Beach** (2:4)

**23.00 Golfing World** (20:240)

**23.50 ESPN America**

**06.00 ESPN America**

### EXTRA

**19.30 The Doctors** Frábærir spjallþættir framleiddir af Opruh Winfrey.

**20.15 Smallville** (13:22) Áttunda þáttaröðin um ofurmennið Superman á unglingsárum. Clark Kent heldur áfram að berjast við ill öfl sem ógna honum og framtíð heimsins.

**21.00 Fréttir Stöðvar 2**

**21.25 Ísland í dag**

**21.50 Mannasiðir Gillz** Ný leikin gamanþáttaröð byggð á samnefndum metsölubókum Egils Gillz Einarssonar.

**22.20 NCIS** (1:24) Spennuþáttaröð sem er í röð þeirra allra vinsælustu í Bandaríkjunum og fjallar um sérsveit lögreglumanna sem starfar í Washington og rannsakar glæpi tengda hernum eða hermönnum á einn eða annan hátt.

**23.05 Fringe** (2:22) Þriðja þáttaröðin um Oliviu Dunham, sérfræðing FBI í málum sem grunur leikur á að eigi sér yfirnáttúrulegar skýringar.

**23.50 Life on Mars** (10:17) Bandarískur sakamálaþáttur sem fjalla um lögregluvarðstjórann Sam sem lendir í bílslysi í miðri morðrannsókn og vaknar upp sem lögreglumaður snemma á 8. áratugnum.

**00.35 Smallville** (13:22)

**01.20 Auddi og Sveppi**

**02.00 The Doctors**

**02.40 Fréttir Stöðvar 2**

**03.30 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

### N4

**18.15 Föstudagsþátturinn** Með Hildu Jönu Gísladóttur.

### ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Heimastjórnin Jón Kristinn og Guðlaugur Þór með umsjón.

**21.00 Ævintýraboxið** Stefán Drengsson og félagar.

**21.30 Ævintýraferð til Ekvador** Ari Trausti er sögumaður í fjögurra þátta mynd Skúla K. Skúlasonar og félaga.

**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

### OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

### ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,3 FM Suðurland | FM 97,7 X-ið | FM 99,4 Útvarp Saga | FM 102,9 Lindin |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 91,9 Kaninn | FM 95,7FM957 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 98,9 Bylgjan | FM 102,2 Útvarp Latibær | FM 105,5 Útvarp Boðun |





SJÓNVARPSTILBOÐ

AVATAR 3D Blu-Ray FYLGIR MEÐ!




Panasonic ideas for life

TILBOÐ 249.990

FULLT VERÐ kr. 329.990

**Panasonic TXP42GT20 - Full HD 3D**

42" Full HD 3-D THX NeoPlasma sjónvarp með 1920x1080p upplausn, THX, Vreal Pro5 Engine - High Contrast Filter, 600Hz Intelligent Frame Creation, Infinite Black 5.000.000:1 (Native) skerpa, Pro 24p Smooth Film/Play Back, 0.001 msec svartíma, x.v Colour, Progressive Scan, VIERA CAST nettengingu, Digital Cinema Colour 3D Colour, Motion Pattern Noise Reduction 3D Comb Filter, C.A.T.S háskerpu HDTV DVB-T stafrænn móttakari (MPEG4), kortalesari, 2 x USB tengi fyrir Wi-Fi/HDD upptöku, 2x Scart (með RGB), 4 HDMI, innbyggður gervihnattamóttakari, PC tengi ofl.

Alltaf gæði og góð kaup! STOFNAÐ 1971

Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 19.50

### Logi í beinni

Gestir Loga að þessu sinni eru borgarfulltrúinn Gísli Marteinn Baldursson, grínistinn Ari Eldjárn og söngkonan Þórunn Antonía Magnúsdóttir. Hún tekur einnig lag með Berndsen í þættinum og Hvanndalsbræður láta einnig í sér heyra.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst **06.40** Veðurfregnir **06.50** Bæn **07.03** Vítt og breitt **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.05** Óskastundin **09.45** Morgunleikfimi **10.03** Veðurfregnir **10.15** Sagnaslóð **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Hádegisútvarpið **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir og auglýsingar **13.00** Tilraunaglasið **14.03** Girni, grúsk og gloríur **15.03** Útvarpssagan: Úr Bernskunni **15.25** Þær höfðu áhrif **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Fimm fjórðu **17.03** Víðsjá **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Endurómur úr Evrópu **20.00** Leynifélagið **20.30** Eyðieyjan **21.10** Hringsól **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.13** Litla flugan **23.00** Kvöldgestir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## BBC entertainment

**13.30** Deal or No Deal **14.05** Whose Line Is It Anyway? **14.30** Whose Line Is It Anyway? **14.55** Only Fools and Horses **15.45** Doctor Who **16.35** Whose Line Is It Anyway? **17.00** Whose Line Is It Anyway? **17.25** Deal or No Deal **18.00** Deal or No Deal **18.40** Only Fools and Horses **19.30** Little Britain **20.00** The Office **20.30** Mistresses **21.20** Lead Balloon **21.50** Whose Line Is It Anyway? **22.15** Whose Line Is It Anyway? **22.45** Whose Line Is It Anyway? **23.10** Whose Line Is It Anyway? **23.35** My Family **00.05** Little Britain

## DR 1

**12.00** Mig og min alder **12.30** Grauballemanden **13.00** Vores Liv **13.30** Bag Facaden **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.10** Aftenshowet **15.00** Noddy **15.10** Rasmus Klump **15.15** Byggemand Bob **15.30** Det kongelige spektakel **15.40** Peddersen og Findus **16.00** Landsbyhospitalet **16.50** DR Update - nyheder og vejr **17.00** VQ - Videnskabsquiz for hele hjernen **17.30** TV Avisen med Sport og Vejret **18.00** Disney Sjov **19.00** X Factor **20.00** TV Avisen **20.30** X Factor Afgørelsen **21.00** Bad Boys 2 **23.20** Just Visiting

## NRK 1

**12.00** NRK nyheter **12.05** Migrapolis **12.45** VM alpint **14.00** NRK nyheter **14.10** Dallas **15.00** NRK nyheter **15.10** Anne & Ronny møter 8 med vilje **15.50** Filmavisen **16.00** NRK nyheter **16.10** Tradisjonshandverk **16.20** V-cup skiskyting **16.40** Oddasat - nyheter på samisk **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Førkveld **17.40** Distriktsnyheter **18.40** Norge rundt **19.05** Lyngbø og Hærlands Big Bang **19.55** Nytt på nytt **20.25** Skavlan **21.25** Sporløst forsvunnet **22.10** Kveldsnytt **22.35** Rod Stewarts soulkveld

## SVT 1

**10.15** Go'kväll **11.00** Rapport **11.05** Hipp Hipp **11.35** Gynekologen i Askim **12.35** Melodifestivalen 2011 **14.10** Gomorron Sverige **15.00** Rapport **15.05** Adress London **15.35** Antikrundan **16.35** Skidskytte **17.00** Rapport med A-ekonomi **17.10** Regionala nyheter **17.15** Go'kväll **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** På spåret **20.00** Skavlan **21.00** Then She Found Me **22.40** Veckans brott **23.40** Manderlay **01.55** The Pacific **02.45** Notes From the Underbelly




**Síðustu sýningar -** Tryggðu þér miða núna
Laugard. 12. og sunnud. 13. febrúar - kl. 14
Laugard. 19. og sunnud. 20. febrúar - kl. 14
Miðaverð aðeins kr. 2.150.
Miðasölusími **568 8000** | borgarleikhus.is
emmessís
www.skoppaogskritla.is
facebook
Borgarleikhúsið

SKEMMTUM OKKUR INNANLANDS
FLUGFELAG.IS
FLUGFÉLAG ÍSLANDS



*„Little Green Bag úr Reservoir Dogs er klassík. Þegar við gömlu félagarnir hittumst er þetta alltaf síðasta lagið áður en við löbbum út í taxann.“*

Engilbert Hafsteinsson, framkvæmdastjóri Tónlist.is.

# Friðrik undir leikstjórn föður síns á ný

„Þetta er smá góðgerðarstarfsemi,“ segir Friðrik Steinn Friðriksson, sonur leikstjórans Friðriks Þórs Friðrikssonar.

Friðrik Steinn fer með hlutverk í þáttunum Tími nornarinnar, sem eru byggðir á samnefndri bók Árna Þórarinssonar. Friðrik Þór leikstýrir þáttunum og tökum er að ljúka um þessar mundir, en þeir verða sýndir í Sjónvarpinu um páskana. Friðrik Steinn hefur áður leikið undir stjórn föður síns, en hann fór með hlutverk í Englum alheimsins, Djöflaeyjunni, Á köldum klaka, Bíódögum og Skyttunum. Það eru því liðin um tíu ár síðan Friðrik lék síðast í mynd föður síns.

Hvernig er að vera byrjaður að leika á ný?

„Það er fínt.“

Ferðu með stórt hlutverk í Tíma nornarinnar?

„Nei, ekki beint. Það er *mystískt*, getum við sagt.“

Friðrik Steinn er að vinna að útskriftarverkefni sínu í vöruhönnun í Listaháskóla Íslands. Hann segir leiklistina vera fína aukavinnu. „Svona „on the side“ eins og maður segir,“ segir hann og játar að hann myndi allavega íhuga frekari störf í leiklistarbransanum. „Þetta er fínt með. Það er fínt að vera að gera eitthvað annað og getað hlaupið í þetta.“

Friðrik hefur nánast aðeins leikið undir stjórn föður síns. Fyrir nokkrum árum fór hann þó með hlutverk í mynd manns sem er þekktur fyrir uppistand frekar en leikstjórn í dag. „Það var Ari Eldjárn,“ segir Friðrik. „Ég lék í stuttmynd eftir hann fyrir svona átta árum.“ **- afb**



**LEIKUR MEÐ PABBA** Friðrik Steinn leikur í Tíma nornarinnar, sem pabbi hans, Friðrik Þór, leikstýrir. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Danska tónlistarsíðan Rockfreaks.net gefur tónleikum **Arnórs Dan Arnarsonar** og félaga í Agent Fresco í Huset í Kaupmannahöfn 8,5 af 10 í einkunn. „Hefði A Long Time Listening [plata Agent Fresco] orðið á vegi mínum nokkrum vikum fyrr hefði hún komist ofarlega á lista yfir bestu rokkplöturnar árið 2010,“ skrifar gagnrýnandinn í inngangsorðum sínum og bætir við að platan sé ein sú besta sem hafi nokkru sinni komið út á Norðurlöndunum. Um tónleikana skrifar hann: „Arnór gefur Agent Fresco ákveðið forskot með fjölskrúðugri rödd sinni og halda mætti að allt annað félli skuggann af henni. En það sem gerir þessa hljómsveit svona magnaða er að hún er framúrskarandi á öllum sviðum.“ Gagnrýnandinn bætir við að Agent Fresco hafi hrist rækilega upp í honum og hún sé þegar orðin ein af uppáhaldshljómsveitunum hans. **- fb**




FRÉTTIR | VIÐSKIPTI | ÍÞRÓTTIR | LÍFIÐ | UMRÆÐAN

MEIRI UMRÆÐA

vísir.is

Humar 2000 Kr./kg.

Skötuselur roðlaus/beinlaus 1990 kr.kg

Súr Hvalur

Siginn fiskur

Fiskikóngurinn • Sogavegi 3 • sími 587 7755

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

551 1200 / midasala@leikhusid.is / www.leikhusid.is

**Allir synir mínir** (Stóra sviðið)
Fös 4.3. Kl. 20:00 Frums. U | Fös 18.3. Kl. 20:00 4. sýn Ö | Fös 25.3. Kl. 20:00 7. sýn Ö
Lau 5.3. Kl. 20:00 2. sýn Ö | Lau 19.3. Kl. 20:00 5. sýn Ö | Fös 1.4. Kl. 20:00
Fös 11.3. Kl. 20:00 3. sýn Ö | Fim 24.3. Kl. 20:00 6. sýn Ö

**Íslandsklukkan** (Stóra sviðið)
Fös 18.2. Kl. 19:00 U | Mið 2.3. Kl. 19:00 Ö | Lau 12.3. Kl. 19:00 Ö
Lau 19.2. Kl. 19:00 U | Mið 9.3. Kl. 19:00 Ö | Fim 17.3. Kl. 19:00 Ö

**Ballið á Bessastöðum** (Stóra sviðið)
Sun 13.2. Kl. 14:00 Ö | Sun 27.2. Kl. 14:00 Ö | Sun 13.3. Kl. 14:00 Ö
Sun 13.2. Kl. 17:00 Ö | Sun 27.2. Kl. 17:00 Ö | Sun 13.3. Kl. 17:00
Sun 20.2. Kl. 14:00 Ö | Sun 6.3. Kl. 14:00 Ö | Sun 20.3. Kl. 14:00 Ö
Sun 20.2. Kl. 17:00 Ö | Sun 6.3. Kl. 17:00 | Sun 20.3. Kl. 17:00

**Lér konungur** (Stóra sviðið)
Fös 11.2. Kl. 20:00 Ö | Fim 17.2. Kl. 20:00 U
Lau 12.2. Kl. 20:00 Ö | Fös 25.2. Kl. 20:00 Ö

**Brák** (Kúlan)
Fös 11.2. Kl. 20:00 U | Fim 17.2. Kl. 20:00 U | Sun 27.2. Kl. 20:00 Ö
Lau 12.2. Kl. 20:00 Ö | Sun 20.2. Kl. 20:00 Ö
Sun 13.2. Kl. 20:00 U | Fös 25.2. Kl. 20:00 Aukas.

**Sindri silfurfiskur** (Kúlan)
Sun 6.3. Kl. 13:30 Ö | Sun 13.3. Kl. 15:00 U | Sun 27.3. Kl. 13:30
Sun 6.3. Kl. 15:00 Ö | Sun 20.3. Kl. 13:30 | Sun 27.3. Kl. 15:00
Sun 13.3. Kl. 13:30 | Sun 20.3. Kl. 15:00 U

FRÉTTIR | VIÐSKIPTI | ÍÞRÓTTIR | LÍFIÐ | UMRÆÐAN

MEIRI ÍÞRÓTTIR
Meiri Vísir.
vísir.is



**BROTHÆTTAR EDDUR** Edduverðlaunastytturnar komu brotnar frá Kína á dögunum. Viðgerð er hafin og þær verða tilbúnar áður en hátíðin hefst 19. febrúar. Á myndinni sjást Svavar Halldórsson og Þóra Arnórsdóttir á Edduverðlaunahátíðinni í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

HILMAR SIGURÐSSON: VIÐGERÐINNI LÝKUR ÁÐUR EN HÁTÍÐIN HEFST

# Edduverðlaunastytturnar komu brotnar til landsins

„Ég get staðfest að flutningurinn á styttunum tókst ekki sem skyldi,“ segir Hilmar Sigurðsson, formaður Íslensku kvikmynda- og sjónvarpsakademíunnar.

Nánast allar Edduverðlaunastytturnar voru brotnar þegar þær komu til landsins á dögunum. Stytturnar eru 23 og samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins sluppu aðeins fjórar þegar þær ferðuðust þessa rúmlega 7.800 kílómetra leið frá Kína til Íslands.

Hilmar segir að einhvers staðar á leiðinni hafi þeim verið umpakkað frá því að þær voru sendar úr málmsteypuverksmiðjunni og að ekki hafi verið gengið nógu vel frá þeim. „Mér skilst að flutningafyrirtækið hafi gert það til þægindaauka – þær eru mjög þungar,“ segir hann. „Það endaði með því að við fengum mjög margar brotnar styttur hingað heim.“

Fulltrúar flutningafyrirtækisins brugðust skjótt við þegar Hilmar og félagar létu þá vita af hrakförum Eddanna og hefur þeim verið komið undir *læknishendur*. „Það er ágætur þúsundþjalasmiður hérna í borginni sem tekur að sér að koma þeim í nothæft ástand,“ segir Hilmar. „Hann áætlar að hann verði búinn áður en hátíðin fer fram. Þannig að við verðum komnir með allar stytturnar í hús sem verða afhentar 19. febrúar.“

Sigurður Jón Ragnarsson hjá ÍSA stáli sér um viðgerðina á styttunum. Hann segir væntanlega verðlaunahafa ekki þurfa að hafa neinar áhyggjur af því að fá ekki stytturnar sínar. „Það er verið að klára þetta. Megnið af styttunum er tilbúið,“ segir Sigurður.

Er þetta með furðulegri verkefnum sem þú hefur fengið á þitt borð?

„Nei, nei.“

Er þetta daglegt brauð?

„Já, já, eitthvað svona? Þetta er ekki neitt neitt. Þetta er ekki flókið verkefni. Það tekur tíma fyrir límið að þorna, en stytturnar verða allar tilbúnar eftir helgi.“

Verða þær jafnvel sterkari fyrir vikið?

„Já, sterkari en þær voru í upphafi.“ **atlifannar@frettabladid.is**

# Krimmakóngur horfir til Íslands

„Jussi er einn heitasti höfundurinn í Skandinavíu í dag og við urðum fyrst til að hreppa hnossið,“ segir Egill Örn Jóhannsson, framkvæmdastjóri Forlagsins.

Á næstu vikum kemur fyrsta bók danska spennusagnahöfundarins Jussi Adler-Olsen, Konan í búrinu, út á íslensku. Adler-Olsen þessi hefur notið fáheyrðra vinsælda í Danmörku síðustu misseri. Til marks um það voru allar bækur hans á topp tíu danska bókalistans eina vikuna í janúar en undanfarið hafa að jafnaði þrjár bóka hans átt fast sæti þar. Þó er ekki nema rúmt ár síðan hann sló rækilega í gegn.

„Þetta er mest seldi höfundur Dana í dag eins og sést á topplistum þar í landi,“ segir Egill, hæstánægður með að hafa landað höfundinum. Egill hitti Adler-Olsen einmitt á bókamessunni í Frankfurt síðasta haust. „Hann setti sig bara í samband við mig, maður var hálf „starstruck“. Við áttum þarna ágætis spjall og hann hefur mikinn áhuga á landi og þjóð. Hann hefur mikinn áhuga á að koma til Íslands, bæði til að skoða landið og skrifa að ég held.“

Aðspurður segir Egill að fyrsta bók Adler-Olsens komi vonandi út síðar í þessum mánuði. Hinar fimm verði svo gefnar út „rösklega“ á næstunni. Þá eiga spennusagnaunnendur von á nýjum bókum frá James Patterson, Lee Child, Ásu Larsson og fleirum. **- hdm**



**HEITUR DANI** Jussi Adler-Olsen hefur slegið rækilega í gegn með spennusögum sínum í Danmörku.


© Inter IKEA Systems B.V. 2011

# Kanilsnúðadagar IKEA 2011



## Laugardag og sunnudag kl. 13-17

**Bakarar keppa um besta kanilsnúðinn í annað sinn!**
Tveggja manna lið frá 4 bakaríum keppa í kanilsnúðabakstri. Þér er boðið að smakka og greiða atkvæði með því að setja upphæð að eigin vali í bauk bakaranna sem gera besta kanilsnúðinn að þínu mati. Það bakarateymi vinnur sem safnar hæstu upphæðinni.

Í ár keppa bakarar frá Sandholti, Café Konditori Copenhagen, Mosfellsbakaríi og Veitingastað IKEA. **IKEA tvöfaldar svo upphæðina sem viðskiptavinir gefa og mun heildarupphæðin renna til Heilaheilla** sem vinnur að velferðar- og hagsmunamálum þeirra sem fengið hafa heilablóðfall.

Síðast naut Grensás góðs af Kanilsnúðadögunum og fengu 864.000 krónur að gjöf.

**Komdu, veldu besta kanilsnúðinn og láttu gott af þér leiða!**

IKEA®

**Verslun opin 11-20 alla daga** - Veitingastaður opinn 9:30-19:30

**www.IKEA.is**

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 | VISIR.IS

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

Pósthúsið

**DREIFING:** dreifing@posthusid.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
vísir.is Meiri Vísir.


## FRÉTTIR AF FÓLKI



### Ósáttur við menningarelítu

Nýlegur pistill sjónvarpsmannsins **Sölva Tryggvasonar** á Pressunni hefur vakið miklar umræður. Yfirskrift pistilsins var „Snobbað fyrir leiðindum“ og í honum skammast sjónvarpsmaðurinn út í „menningarelítuna“ á Íslandi. „Fordómarnir hjá ákveðnum aðilum innan sjálfskipaðrar menningarelítu landsins eru æpandi,“ skrifaði Sölvi. „Ef þú ert dálítið asnalegur, næpufölur og þungur á brún eru meiri líkur á að menningarelítan taki þér opnum örmum heldur en ef þú ert hraustlegur, broshýr og orkumikill,“ sagði hann enn fremur.

### Sár út í ritstjórann

Þessi skrif Sölva leggjast ekki vel í **Kristján B. Jónasson**, formann Félags bókaútgefenda. Kristján ritstýrði bók Sölva um athafnakonuna Jónínu Benediktsdóttur en eitthvað slettist upp á vinskap þeirra á Fésbókarsíðu þess fyrrnefnda. Kristján lýsti þar á grínaktugan hátt þeirri skoðun sinni að breyta ætti lögum um listamannalaun þannig að Sölvi yrði látinn skoða verk umsækjenda og meta hvort þau væru nógu skemmtileg. Sjónvarpsmaðurinn brást ókvæða við og sakaði Kristján um hræsni. „Mér finnst að þú eigir að hætta að segja fólki að það sé að gera frábæra hluti og gera svo lítið úr verkum þess, sem þú sjálfur ritstýrir daginn eftir, af því að þú vilt þóknast vinum þínum,“ skrifaði Sölvi, ósáttur mjög. Kristján eyddi færslu sinni og ummælum Sölva í kjölfarið.



– hdm

## Mest lesið

vísir.is

1. Sambíóin bjóða Kolbrúnu og bóndanum á Sanctum
2. Bíóferðin með eiginmanninum endaði heima
3. Dóttir bæjarstjórans á bíl Kópavogsbæjar
4. Aðdáandi Erps lætur flúra andlit hans á handlegginn





